

Willy Hartner

Oslo 1925

# SÆMUNDAR-EDDA


---

EDDUKVÆÐI

---

FINNUR JÓNSSON

BJÓ TIL PRENTUNAR



REYKJAVÍK

KOSTNAÐARMAÐUR: SIGURÐUR KRISTJÁNSSON

1905

Prentsmiöja D. Östlunds.

Hjer birtist á prenti í fyrsta sinn á Íslandi bók sú, er alment hefur verið kölluð „Sæmundar-edda“ síðan á 17. öld og á eru gömul kvæði, flest ort á 10. og 11. öld um goð og fornhetjur og fl. Jeg hef haldið þessu nafni, þótt það sje með öllu óvíst, hvort Sæmundur prestur fráði Sigfússon (d. 1133), er þau eru kend við, hefur átt nokkuð við þau eða ekki. Um það og kvæði þessi yfir höfuð að tala get jeg vísað til þess, er jeg hef sagt um þau í bókmentasögu minni bæði hjinni dönsku og nú hinnu íslensku, svo og til deiluritgjörðar próf. B. M. Ólsens og minnar í Tímariti hins ísl. Bókmentafjelags.

Kvæði þessi eru aðallega í einu skinnhandriti, 2365 meðal fjórblöðunga í Gamlasafni á hinnu konunglegu bókhöfðu í Kaupmannahöfn. Þetta handrit er heimsfrægt og svo að segja einstakt í sinni röð. Það er útgefið í ljósmyndum ásamt prentuðum texta 1891. Handritið er ritað um 1270, en er því miður ekki til fult. Eitt kver (8 blöð) hefur glatast úr því; endar megíamálið í Sigrdrífumálum 28<sub>2</sub> og hefst aftur með Sigurðarkviðu enni meiri 5<sub>2</sub> (með orðinu: saka). Endirinn á Sigrdrífumálum finst í pappírusskriftum, en er eflaust hinn frumkveðni endir. Fyrstu 4 vísurnar í Sig. kv. enni meiri eru teknar úr Völsungasögu, og eiga þær ekki saman, þannig, að þær sjöu beint áfram-

hald hver af annari, en eflaust allar úr þessu sama kvæði. Völsúngasaga er að miklu leyti ekki annað en þessi fornkvæði færð og skeytt saman í vanalega sögu; og má af henni nokkurnveginn greinilega sjá, hvaða efni hefur verið á kverinu, sem týnt er úr handritinu, hvort sem það efni hefur verið eitt eða fleiri kvæði.

Svo er til brot (6 blöð) í Árnasafni, í 748 meðal fjórblöðunga, af öðru eddukvæðahandriti frá því um 1300. Á þessu broti eru: Hárbarðsljóð frá 19<sub>7</sub>, Baldrs draumar (og eru þeir aðeins í þessu hdr.), Skírnismál til 28. vísu, Vafþrúðnismál frá v. 20<sub>2</sub>, Grímnismál, Hymiskviða, og loks upphafið á lesmálskaflanum fyrir framan Völundarkviðu.

Í Snorra-eddu eru allmörg erindi einkum úr Völuspá, Vafþrúðnis- og Grímnismálum. Völuspá er enn fremur í Hauksbók (þar er kvæðið aflagað í mörgu og ritað síðar en meginbókin, um 1350). Sigrdrifumál eru og að miklu leyti í Völsúngasögu; þar eru og nokkrar vísur úr Reginsmálum svo og í Nornagestspætti, Helreið Brynhildar og í Nornagestspætti. Rígspula er hvergi nema í Wormsbók af Snorra-eddu (í Árnasafni), Hyndluljóð aðeins í Flateyjarbók, Gróttasöngur aðeins í Konungsbók og Trektarbók Snorra-eddu.

Völuspá en skamma er sett inn í Hyndluljóð, en er alt annað kvæði. Hvergi nema í pappírskókum finnast Grógaldur og Fjölsvinnsmál, og sama er að segja um Sólarljóð. Þetta kvæði á eiginlega ekkert skylt við eddukvæðin, en finnst í handritum oft saman við þau, og í mörgum útgáfum; af því að það á fyrirmynd sína í eddukvæðunum og af því að þess hefur verið óskað, að það væri látið fylgja



kvæðunum, hefur það verið tekið upp í bók þessa; en kvæðið er alkristilegt, og ekki ort fyrir en á 12. öld.

Aðalhandritunum er hjer fylgt, að því undanteknu, 1, að rjettritun hefur verið gerð samkvæm við sig sjálfa og hagað eftir aldri kvæðanna (frekara um það síðar) og bragfræðisreglum fornanna; 2, að leiðrjettíngar eru teknar upp, þar sem leshættir handritanna eru auðsjáanlega rángir, en ekki verður hjer gerð nánari grein fyrir þessum leiðrjettíngum eða frá hverjum þær eru runnar; um það get jeg vísað til útgáfu minnar hinnar þýsku (Leipzig 1888 og 1890) og annara nýrri útgáfna. Einstöku orð eru látin óröskuð, þótt óskiljandi sje, og þá oft einkend með: †; 3, að eins á stöku stað er bætt við til uppfyllíngar, og er þá viðbótin sett í hornsviga (í 54. v. á bls. 241 eiga að standa bogsvigar); 4, víða eru innskot vísna, vísuorða og víshelminga í handritunum; jeg hef látið alt þetta halda sjer, en prentað allar þesskonar heilar og hálfar vísur með smáletri, en sett í bogsviga þar sem þessar viðbætur eru partar af vísunum. Með þessu móti má lesa þær vísur, sem saman eiga og mynda kvæðið, sem eina heild sjer, eða lesa alt saman í einu eftir vild og eftir því, hverja trú menn hafa á slíkum innskotum.

Hvað ritháttinn sjálfan snertir, er hann yfir höfuð sem í fornritum, þar sem ritháttur er samræmdur. Jeg hef þó ekki getað fengið af mjer að hafa hann ekki í stökum atriðum nokkuð eldri og nær því, sem málmyndir voru í raun og veru, þegar kvæðin voru ort, og gildir það um þau öll, og hvar sem þau hafa verið ort. Mjer finst það vera sjálfsgöð skylda að hafa það svo, og skal nú hið helsta af því tagi talið.

Jeg hef yfir höfuð ritað stutt hljóð (broddlausu stafi) í orðum, þar sem hljóðið lengdist á Íslandi, en ekki fyr en eftir 1200, svo sem *folk, solginn, skalm, hals, ulfr, halfr*, osfrv. Samdrátturinn *já* úr (eldra) *éa* (*jó* úr *éu*) er ekki hafður, heldur ritað *éa, éu*, svo og *ia*, t. d. *séa* (sjá), *knéum* (knjóm, knjám), *þriar* (þrjár), *fla, fjá*: = hata osfrv., enda heimtar kveðandin oft (eða oftast) þessar myndir. Heldur ekki er samdrátturinn *éi* í *é* eða *áa* í *á* hafður nema á stöku stað; því er ritað — og af sömu ástæðum — *fáa* (fá), *náa* (ná), *áar* (ár), *séir* (sér), *knéi* (kné), osfrv. sbr. *Þóarr* stundum (f. *Þórr*). Ritað er *i* (ekki *e*) í *kvinna* (eign. flt.) af *kona*, svo og *brinna, rinna* (áhrifslausar sagnir, f. *brenna* og *renna*; *brinna* — *brann* sbr. *finna* — *fann*). Ritað er *o* í *goll, goð* (og í mannanöfnum *Goð-*), *fogl, troll*. Gerður er munur ekki aðeins á æ og œ, heldur og á ö og ø; ö hef jeg haft; með því hljóði, sem þessi stafur táknar, berum vjer nú fram *u*-hljóðvarpið af *a*, og hefði það verið alt of ógeðfelt að nota aðra stafsmynd, sem líka af öðrum ástæðum hefði verið tilgángslaus. Af líkum ástæðum hef jeg látið hið forna *u*-hljóðvarp af *á* látið ótáknað. Hljóðstafur er mjög víða feldur úr *es* og *est* og *eru* (þetta þá eftir hdr. prentað *ro*) eftir bragfræðisreglum; í *es* (= sem) og *ek* er hljóðstafurinn allvíðast feldur úr og *s, k* þá hnýtt aftan í undanfarandi orð eða sögn (*þars, þás; drapk, vask, biðk*, osfrv; *þars* er enn í dag haft einkum af skáldum vorum); ennfremur er *a* stundum felt úr í *at* eða orðið dregið saman við undanfarandi *þvi* og *svá* (*þvit, svát*, sbr. *þótt* f. *þó at*). Þegar í hdr. stendur t. d. *varká ek* (þ. e. var—ek—*a* [neitunarorð] *ek*) er það dregið saman í *varkak*

(ritað *vaskak*); sbr. orðmyndir sem *myndigak* (ú-  
*myndiga ek f. mynda—ek—a ek*). Ritað er *ð f. d*  
 í þátíð og kvennkynsorðum svo sem *fylgða, hvíld*,  
 enda er svo oftast í hdr. sjálfu. *v* er sett á undan  
*r* þar sem hljóðstafasamband krefst (t. d. í *vreiðr*,  
*vreka f. reiðr, reka*). Ritað er *s f. (ýngra) r* í sagn-  
 orðinu *vesa (vera)*, þar sem svo var að kveðið á  
 Íslandi alt fram um 1200 (í Noregi breyttist sá fram-  
 burður nokkuð fyr, skönumu eftir 1100) og í tilvís-  
 unarfornafninu *es (er)*. Þessar orðmyndir eru ef til  
 vill þær, sem lesendum mun geðjast síst að, en hjá  
 þeim varð valla komist í þessum fornkvæðum. Jeg  
 hef ritað *Hlöðvin* í stað þess sem tíðkast hefur: *Hlöð-*  
*yn*, og er það samkvæmt því, sem Konráð Gíslason  
 hjelt að rjettast væri. Jeg hef og sett inn eldri mynd-  
 ina *an* (f. *en*) í merkíngunni *heldur en*. Að öðru  
 leyti stafa orðmyndir sem *óru* (f. *váru*, af *vera*), *ón*  
 (f. *ván*) frá hdr. sjálfu. Jeg hef alstaðar ritað *bazt-*,  
 enda stendur oft svo í hdr. — Í lesmálsköflunum hef  
 jeg aftur á móti viðhaft vanalega (ýngri) stafsetning  
 (*er, var, guð- osfrv.*).

Ennfremur skal þess getið, að fornöfnum (sem  
 súbjektum) er oft slept, þar sem þeim má eða á að  
 sleppi eftir bragreglum; en stundum hef jeg haldið  
 þeim, þar sem samhengið hefði orðið lesendunum  
 of óljóst. Sömu leiðis hef jeg sett „gæsalappir“ utan  
 um bein orð manna, til skilningsauka, þar sem mjer-  
 fanst þess þurfa; vanalegast er þeirra ekki þörf, síst  
 í viðræðukvæðum. Þá er út undan vísunni settar  
 skammstafanir til að tákna þann sem talar; er þá oft  
 aðeins annar af þeim, sem tala saman, táknaður þannig.  
 Smáósamkvæmni hef jeg orðið var við, en lítið, sem  
 þýðingu hefur; sbr. Leiðrjettíngar.


Í Völuspá og Völuspá enni skömmu er stefið prentað með skálettri. Í Hárbarðsljóðum er sumt prentað sem lesmál, þar sem auðsjáanlega engin vísugerð er á svörunum. Í Völsungakv. enni fornu eiga vísurnar 26–31 (29) eiginlega inn í miðjum lesmálskaflanum á bls. 266, þar sem til færður er vísuhelmíngur úr Völs. kv. 33 (bls. 235), en skipun hdrsins hefur hjer verið haldið óbreyttri. Hinum svonefndu Reginsmálum er skift eftir bragarhættinum í tvö kvæði með stöfunum A og B, en vísaröðin í hdr. látin halda sjer; og eins er með fugla (igðna) vísurnar í Fáfnismálum; þær eru greindar með I, II osfrv. og a, b; eflaust er hjer samsteypa af tveimur kvæðum um sama efni. Sigrdrífumál (bls. 320) er beint áframhald af Fáfnismálum í hdr. án yfirskriftar, og svo er reyndar víðar, að ný kvæði eru ekki táknuð sjerstaklega.

Skýringarnar hef jeg haft svo stuttar, sem mjer fanst hægt. Með vilja hef jeg ekki haft þær fleiri, enda hygg jeg þess ekki þurfa. Yfir höfuð ættu kvæði þessi ekki að vera erfið Íslendingum, nema einstöku goðakvæði og þá helst Völuspá, er líklega verður aldrei skýrð til fulls. Jeg veit, að margir staðir eru skýrðir á mismunandi hátt, en hjer gat jeg aðeins eða að mestu tekið tillit til þess, hver skýring mjer finst eðlilegust. — Í nafnatalinu hef jeg sett skýringar við einstöku nöfn. Teiknið : er haft fyrir =

Af 8 fyrstu örkunum hef jeg lesið eina próförk, en allar af hinum.

Staddur í Reykjavík í júlímánuði 1905

*Finnur Jónsson.*





## Vóluspá.

---

1. Hljóðs biðk allar  
helgar kindir,  
meiri ok minni  
mögu Heimdallar;  
vildu at, Valföðr,  
vel fyr teljak  
forn spjöll fira,  
þaus fremst of man.
2. Ek man jötna  
ár of borna,  
þás forðum mik  
fædda höfðu;  
níu mank heima,  
níu íviði,  
mjötvið mæran  
fyr mold neðan.
3. Ar vas alda  
þars Ymir byggði,

vasa sandr né sær,  
 né svalar unnir;  
 jörð fansk æva  
 né upphiminn;  
 gap vas Ginnunga,  
 en gras hvergi.

4. Áðr Bors synir  
 bjöðum of ypðu,  
 þeir es Miðgarð  
 mæran skópu;  
 sól skein sunnan  
 á salar steina;  
 þá vas grund gróin  
 gröenum lauki.

5. Sól varp sunnan,  
 sinni mána,  
 hendi enni hægri  
 of himinjöður;  
 sól þat né vissi,  
 hvar hon sali átti;  
 (stjörnur þat né vissu,  
 hvar þær staði áttu);  
 máni þat né vissi,  
 hvat hann megins átti.

6. Þá gengu regin öll  
 á rökstóla,  
 ginnheilög goð,  
 ok gættusk of þat

— — — —

Nótt ok niðjum

nöfn of gáfu,  
morgin hétu  
ok miðjan dag,  
undorn ok aptan,  
árum at telja.

7. Hittusk æsir  
á Iðavelli,  
þeirs hörg ok hof  
hátimbruðu;  
afla lögðu,  
auð smíðuðu,  
tangir skópu  
ok tól gerðu.
8. Teflðu í túni,  
teitir váru,  
vas þeim véttergis  
vant ór gulli,  
unz þrjár kómu  
þursa meyjjar,  
ámátkar mjök,  
ór Jötunheimum.
9. Þá gengu regin öll  
á rökstóla,  
ginnheilög goð,  
ok gættusk of þat,  
hvárt skyldi dverga  
dróttir skepja  
ór Brimis blóði  
ok ór Bláins leggjum.

10. Þar vas Móðsognir  
mæztr of orðinn  
dverga allra,  
en Durinn annarr;  
þeir manlíkun  
mörg of gerðu,  
dverga í jörðu,  
sem Durinn sagði.
11. Nýi ok Niði,  
Norðri, Suðri,  
Austri, Vestri,  
Alþjófr, Dvalinn,  
Bívurr, Bávurr,  
Bömburr, Nóri,  
Ánn ok Ánarr,  
Ái, Mjöðvitnir.
12. Veigr ok Gandalfr,  
Vindalfr, Þráinn,  
Þekkr ok Þorinn,  
Þrór, Vittr ok Littr,  
Nár ok Nýráðr,  
nú hefk dverga,  
Reginn ok Ráðsviðr,  
rétt of talða.
13. Fíli, Kíli,  
Fundinn, Náli,  
Heptifíli,  
Hannarr, Svíurr,  
Frár, Hornbori,  
Frægr ok Lóni,  
Aurvangr, Jari,  
Eikinskjalði.
-



14. Mál es dverga  
í Dvalins liði  
ljóna kindum  
til Lofars telja,  
þeir es sóttu  
frá Salarsteini  
Aurvanga sjöt  
til Jöruvalla.
15. Þar vas Draupnir  
ok Dolgprisir,  
Hár, Haugspori,  
Hlévangr, Glóinn,  
Skirfir, Virfir,  
Skáfiðr, Ái,  
Alfr ok Yngvi,  
Eikinskjalði,  
Fjalarr ok Frosti,  
Finnr ok Ginnarr;  
þat mun æ uppi,  
meðan öld lifir,  
langniðja-tal  
til Lofars hafat.
16. Unz þrír kómu  
ór því liði  
öflugir ok ástkir  
æsir at húsi,  
fundu á landi  
litt megandi  
Ask ok Emblu  
ørlöglausa.
17. Önd þau né áttu,  
óð þau né höfðu,  
lá né læti

né litu góða;  
önd gaf Óðinn,  
óð gaf Hœnir,  
lá gaf Lóðurr  
ok litu góða.

18. Ask veitk standa,  
heitir Yggdrasill  
hár baðmr, ausinn  
hvítaauri;  
þaðan koma döggar  
þærs í dala falla;  
stendr æ of grœnn  
Urðar brunni.
19. Þaðan koma meyjar  
margs vitandi  
þrjár ór þeim sæ,  
es und þolli stendr;  
(Urð hétu eina,  
aðra Verðandi,  
skáru á skíði,  
Skuld ena þriðju)  
þær lög lögðu,  
þær líf kœru,  
alda börnum,  
ørlög seggja.
20. Þat man hon folkvíg  
fyrst í heimi,  
es Gullveigu  
geirum studdu  
ok í höll Háars  
hána brendu,

- þrýsvar brendu  
þrýsvar borna,  
(opt ósjaldan,  
þó hon enn lifir).
21. Heiði hétu,  
hvars til húsa kom,  
völu velspáa,  
vitti hon ganda;  
seið, hvars kunni,  
seið hug leikinn;  
æ vas hon angan  
illrar brúðar.
22. Þá gengu regin öl  
á rökstóla,  
ginnheilög goð,  
ok gættusk of þat,  
hvárt skyldi æsir  
afráð gjalda,  
eða skyldi goð öll  
gildi eiga.
23. Fleygði Óðinn  
ok í folk of skaut;  
þas vas enn folkvíg  
fyrst í heimi;  
brotinn vas borðveggr  
borgar ása,  
knáttu vanir vígspá  
völlu sporna.

24. Þá gengu reginöll  
 á rökstóla,  
 ginnheilög goð,  
 ok gættusk of þat,  
 hverr hefði lopt alt  
 lævi blandit  
 eða ætt jötuns  
 Óðs mey gefna.
25. Þórr einn þar vá  
 þrunginn móði,  
 hann sjaldan sitr,  
 es slíkt of fregn;  
 á gengusk eiðar,  
 orð ok særi,  
 mál öll meginlig,  
 es á meðal fóru.
26. Veit hon Heimdallar  
 hljóð of folgit  
 und heiðvönum  
 helgum baðmi;  
 á sér hon ausask  
 aurgum forsi  
 af veði Valföðrs.  
*Vituh er enn eða hvat?*
27. Ein sat hon úti,  
 þás enn aldni kom  
 yggjungr ása  
 ok í augu leit —

- »hvers fregnið mik?  
hví freistið mín?
28. Alt veitk, Óðinn,  
hvar auga falt  
í enum mæra  
Mímis brunni ;  
drekkr mjöð Mímir  
morgin hverjan  
af veði Valföðrs.  
*Vituhð ér enn eða hvat?*
29. Valði henni Herföðr  
hringa ok men ;  
fekk spjöll spaklig  
ok spáganda ;  
sá vítt ok of vítt  
of veröld hverja.
30. Sá hon valkyrjur  
vítt of komnar,  
görvar at ríða  
til Goðþjóðar.  
Skuld helt skildi,  
en Skögul önnur,  
Gunnr, Hildir, Göndul  
ok Geirskögul ;  
nú eru talðar  
nönnur Herjans,  
görvar at ríða  
grund valkyrjur.

31. Ek sá Baldri,  
blóðgum tívur,  
Óðins barni,  
ørlög folgin;  
stóð of vaxinn  
völlum hæri  
mær ok mjök fagr  
mistilteinn.

32. Varð af meiði,  
þeims mær sýndisk,  
harmflaug hættlig,  
Höðr nam skjóta.

Baldrs bróðir vas  
of borinn snimma,  
sá nam Óðins sonr  
einnættir vega;  
þó hann æva hendr  
né höfuð kembði,  
áðr á bál of bar  
Baldrs andskota.

En Frigg of grét  
í Fensölum  
vá Valhallar.

*Vituð ér enn eða hvað?*

33. Hapt sá hon liggja  
und Hveralundi  
lægjarns líki  
Loka áþekktan;  
þar sitr Sigyn

þeygi of sínum  
veri vel glýjuð.

*Vituð ér enn eða hvat?*

34. Á fellr austan  
of eitrdala  
söxum ok sverðum,  
Slíðr heitir sú.
35. Stóð fyr norðan  
á Niðavöllum  
salr ór gollu  
Sindra ættar,  
en annarr stóð  
á Ókólni,  
bjórsalr jötuns,  
en sá Brimir heitir.
36. Sal sá hon standa  
sólu fjarri  
Náströndu á,  
norðr horfa dyrr;  
fellu eitrdropar  
inn of ljóra,  
sá 's undinn salr  
orma hryggjum.
37. Sá hon þar vaða  
þunga strauma  
menn meinsvara  
ok morðvarga  
ok þanns annars glepr  
eyrarínu.

38. Þar sýgr Níðhöggr  
nái framgengna;  
slítr vargr vera.  
*Vituð ér enn eða hvað?*
39. Austr sat en aldna  
í Járnviði  
ok fœddi þar  
Fenris kindir;  
verðr af þeim öllum  
einna nökkurr  
tungls tjúgari  
í trolls hami.
40. Fyllisk fjörvi  
feigra manna,  
rýðr ragna sjöt  
rauðum dreyra,  
svört verða sólskin  
of sumur eptir,  
veðr öll válynd.  
*Vituð ér enn eða hvað?*
41. Sat þar á haugi  
ok sló hörpu  
gýgjar hirðir,  
glæðr Eggþér;  
gól of hánum  
í gaglviði  
fagrrauðr hani,  
sás Fjalarr heitir.



42. Gól of ásum  
Gollinkambi,  
sá vekr hölða  
at Herjaföðrs,  
en annarr gól  
fyr jörð neðan  
sótrauðr hani  
at sölum Heljar.
43. *Geyr Garmr mjök  
fyr Gnipahelli,  
festr mun slitna,  
en freki rinna,  
fjölð veitk fræða,  
framm sék lengra  
of ragna rök,  
römm sigtíva.*
44. Bræðr munu berjask  
ok at bönum verðask,  
munu systrungar  
sifjum spilla,  
hart 's í heimi,  
hórdómr mikill,  
(skeggöld, skalmöld,  
skildir klofnir,  
vindöld, vargöld,  
áðr veröld steypisk)  
mun engi maðr  
öðrum þyrma.

45. Leika Míms synir,  
en mjötuðr kyndisk  
at enu gamla  
Gjallarhorni,  
hátt blæss Heimdallr,  
horn 's á lopti;  
mælir Óðinn  
við Míms höfuð.
46. Skelfr Yggdrasils  
askr standandi,  
ymr aldit tré,  
en jötunn losnar;  
(hræðask allir  
á helvegum  
áðr Surtar þann  
sevi of gleypir).
47. *Geyr nú Garmr mjök  
fyr Gnipahelli,  
festr mun slitna,  
en freki rinna,  
fjöld veitk fræða,  
framm sék lengra  
of ragna rök,  
römm sigtíva.*
48. Hrymr ekr austan,  
hefsk lind fyrir,  
snýsk Jörmungandr  
í jötunmóði;

ormr knýr unnir,  
en ari hlakkar,  
slítr náí niðfölr;  
Naglfar losnar.

49. Kjóll ferr norðan  
koma munu Heljar  
of lög lýðir,  
en Loki stýrir;  
fara fíflmegir  
með freka allir,  
þeim es bróðir  
Býleists í för.

50. Hvat 's með ásum?  
hvat 's með álfum?  
gnýr allr Jötunheimr,  
æsir 'ro á þingi,  
stynja dvergar  
fyr steindurum  
veggbergs vísir.—  
*vituð ér enn eða hvat?*

51. Surtr ferr sunnan  
með sviga lævi,  
skínn af sverði  
sól valtíva;  
grjótbjörg gnata,  
en gífr rata,  
troða halir helveg,  
en himinn klofnar.

52. Þá kœmr Hlínar  
 harmr annarr framn,  
 es Óðinn ferr  
 við ulf vega,  
 en bani Belja  
 bjartr at Surti;  
 þá mun Friggjar  
 fälla angan.
53. Þá kœmr enn mikli  
 mögr Sigföður,  
 Víðarr vega  
 at valdýri;  
 lætr hann megi Hveðrungs  
 mund of standa  
 hjör til hjarta;  
 þá 's hefnt föður.
54. Þá kœmr enn mæri  
 mögr Hlödvinjar  
 — — — —  
 gengr Óðins sonr  
 ormi mœta.
55. Drepr af móði  
 Miðgarðs véurr;  
 munu halir allir  
 heimstöð ryðja;  
 gengr fet níu  
 Fjörgynjar burr  
 neppr frá naðri,  
 níðs ókvíðinn.

56. Sól tér sortna,  
sígr fold í mar,  
hverfa af himni  
heiðar stjörnur;  
geisar eimi  
ok aldrnari;  
leikr hár hiti  
við himin sjalfan.
57. *Geyr nú Garmr mjök  
fyr Gnipahelli,  
festr mun slitna,  
en freki rinna;  
fjölð veitk fræða,  
framm sék lengra  
of ragna rök,  
römm sigtíva.*
58. Sér hon upp koma  
öðru sinni  
jörð ór ægi  
iðjagroena—;  
falla forsar,  
flýgr örn yfir,  
sás á fjalli  
fiska veiðir.
59. Finnask æsir  
á Iðavelli  
ok of moldpinur  
mátkan dœma,

ok minnask þar  
 á megingdóma  
 ok á Fimbultýs  
 fornar rúnar.

60. Þar munu eptir  
 undrsamligar  
 gollnar töflur  
 í grasi finnask,  
 þærs í árdaga  
 áttar höfðu.

61. Munu ósánir  
 akrar vaxa;  
 böls mun alls batna  
 mun Baldr koma;  
 búa Höðr ok Baldr  
 Hropts sigtoptir  
 (vel val tívar,  
*vituð ér enn eða hvat?*)

62. Þá kná Hœnir  
 hlautvið kjósa  
 ok burir byggva  
 brœðra Tveggja  
 vindheim víðan.  
*Vituð ér enn eða hvat?*

63. Sal sér hon standa  
 sólu fegra,  
 gollu þakðan,  
 á Gimléi;

þar skulu dyggvar  
dróttir byggva  
ok of aldrdaga  
ynðis njóta.

64. Þá kœmr enn ríki  
at regindómi  
öflugr ofan,  
sá's öllu ræðr.
65. Þar kœmr enn dimmi  
dreki fljúgandi,  
naðr fránn neðan  
frá Niðafjöllum;  
berr sér í fjöðrum  
—flýgr völl yfir—  
Níðhöggr nái;  
nú mun hann søkkvask.





## Hávamál.

---

### I.

1. Gáttir allar  
áðr gangi framm  
(of skoðask skyli)  
of skyggnask skyli;  
óvíst es at vita,  
hvar óvinir sitja  
á fleti fyrir.
2. Gefendr heilir,  
gestr es inn kominn,  
hvar skal sitja sjá?  
mjök es bráðr  
sás á bröndum skal  
síns of freista frama.
3. Elds es þörf  
þeims inn es kominn  
ok á knéi kalinn,



- matar ok váða  
es manni þörf,  
þeims hefr of fjall farit.
4. Vats es þörf  
þeims til verðar kómr,  
þerru ok þjóðlaðar,  
góðs of æðis,  
ef sér geta mætti,  
orðs ok endrþögu.
5. Vits es þörf  
þeims víða ratar;  
dælt es heima hvat;  
at augabragði  
verðr sás ekki kann  
ok með snotrum sitr.
6. At hyggjandi sinni  
skylit maðr hrsœinn vesa,  
heldr gætinn at geði,  
þás horskr ok þögull  
kómr heimisgarða til,  
sjaldan verðr víti vörum.  
(óbrigðra vin  
fær aldri,  
an manvit miklt).
7. Enn vari gestr,  
es til verðar kómr,  
þunnu hljóði þegir;  
eyrum hlýðir,

en augum skoðar,  
svá nýsisk fróðra hverr fyrir.

8. Hinn es sæll,  
es sér of getr  
lof ok líknstafi;  
óðælla es við þat,  
es eiga skal  
annars brjóstum í.
9. Sá es sæll,  
es sjalfr of á  
lof ok vit meðan lifir;  
þvíat ill ráð  
hefr maðr opt þegit  
annars brjóstum ór.
10. Byrði betri  
berrat maðr brautu at,  
an sé manvit mikit;  
auði betra  
þykkir þat í ókunnum stað;  
slíkt es válaðs vera.
11. Byrði betri  
berrat maðr brautu at,  
an sé manvit mikit;  
vegnest verra  
vegra velli at,  
an sé ofdrykkja öls.
12. Esa svá gótt,  
sem gótt kveða,  
öl alda sonum;

- þvíat færa veit,  
es fleira drekr,  
síns til geðs gumi.
13. Ómínnishegri heitir,  
sás of öldrum þrumir,  
hann stelr geði guma;  
þess fogls fjöðrum  
ek fjötraðr vask  
í garði Gunnlaðar.
14. Ölr ek varð,  
varð ofrölví,  
at ens fróða Fjalars;  
því es öldr bazt,  
at apr of heimtí  
hverr sitt geð gumi.
15. Þagalt ok hugalt  
skyli þjóðans barn  
ok vígdjarft vesa;  
gláðr ok reifr  
skyli gumna hverr,  
unz sinn bíðr bana.
16. Ósnjallr maðr  
hyggsk munu ey lifa,  
ef við víg varask;  
en elli gefr  
hánúm engi frið,  
þótt hánúm geirar gefi.
17. Kópir afglapi,  
es til kynnis kómr,

þylsk hann umb eða þrumir;  
al<sup>t</sup> es senn,  
ef sylg of getr,  
uppi es þá geð guma.

18. Sá einn veit,  
es víða ratar  
ok hefr fjölð of farit,  
hverju geði  
stýrir gumna hverr,  
sá es vitandi es vits.

19. Haldit maðr á keru,  
drekki þó at hófi mjöð,  
mæli þarft eða þegi;  
ókynnis þess  
vár þik engi maðr,  
at gangir snimma at sofa.

20. Gráðugr halr,  
nema geðs viti,  
etr sér aldrtega;  
opt fær hlægis,  
es með horskum kómur,  
manni heimskum magi.

21. Hjarðir þat vitu,  
nær heim skulu,  
ok ganga þá af grasi;  
en ósviðr maðr  
kann ævagi  
síns of mál maga.

22. Vesall maðr  
ok illa skapi  
hlær at hvívetna;  
hitki hann veit,  
es hann vita þyrfti,  
at hann esa vamma vanr.
23. Ósviðr maðr  
vakir of allar nætr  
ok hyggr at hvívetna;  
þá es móðr,  
es at morni kømr;  
alt es víl sem vas.
24. Ósnotr maðr  
hyggr sér alla vesa  
viðhlæjendr vini;  
hitki hann fiðr,  
þótt þeir of hann fár lesi,  
ef með snotrum sitr.
25. Ósnotr maðr  
hyggr sér alla vesa  
viðhlæjendr vini;  
þá þat finnr,  
es at þingi kømr,  
at á formælendr fáa.
26. Ósnotr maðr  
þykkisk alt vita,  
ef á sér í vá veru;

- hitki hann veit,  
 hvat hann skal við kveða,  
 ef hans freista firar.
27. Ósnotr maðr,  
 es með aldir kømr,  
 þat es bazt at hann þegi;  
 engi þat veit,  
 at hann ekki kann,  
 nema hann mæli til mart.  
 (veita maðr  
 hinns vætki veit,  
 þótt hann mæli til mart.)
28. Fróðr sá þykkisk,  
 es fregna kann,  
 ok segja et sama,  
 eyvitu leyna  
 megu ýta synir,  
 því es gengr of guma.
29. Ærna mælir,  
 sás æva þegir,  
 staðlausu stafi;  
 hraðmælt tunga,  
 nema haldendr eigi,  
 opt sér ó-gótt of gelr.
30. At augabragði  
 skala maðr annan hafa,  
 þótt til kynnis komi;  
 margr fróðr þykkisk,

- ef hann freginn esat  
ok nái hann þurrfjallr þruma.
31. Fróðr þykkisk  
sás flótta tekr  
gestr at gest hæðinn;  
veita görla  
sás of verði glissir,  
þótt með grömum glami.
32. Gumnar margir  
erusk gagnhollir,  
en at virði vrekask;  
aldar róg  
þat mun æ vesa;  
órir gestr við gest.
33. Árliga verðar  
skylit maðr opt fáa,  
nema til kynnis komi;  
sitr ok snópir,  
lætr sem solginn sé,  
ok kann fregna at fáu.
34. Afhvarf mikít  
es til ills vinar,  
þótt á brautu búi,  
en til góðs vinar  
liggja gagnvegir,  
þótt hann sé firr farinn.
35. Ganga skal,  
skala gestr vesa

ey í einum stað;  
ljúfr verðr leiðr,  
ef lengi sitr  
annars fletjum á.

36. Bú es betra,  
an biðja sé,  
halr es heima hverr;  
þótt tvær geitr eigi  
ok taugreptan sal,  
þat es þó betra an bœn.

37. Bú es betra,  
an biðja sé,  
halr es heima hverr;  
blóðugt es hjarta  
þeims biðja skal  
sér í mál hvert matar.

38. Vápnnum sínum  
skala maðr velli á  
feti ganga framar;  
óvíst es at vita,  
nær verðr á vegum úti  
geirs of þörf guma.

39. Fanka mildan  
eða svá matar-góðan,  
at værit þiggja þegit;  
eða síns féar  
svági gløggvan,  
at leið sé laun, ef þægi.



40. Féar síns,  
es fengit hefr,  
skylit maðr þörf þola;  
opt sparir leiðum  
þats hefr ljúfum hugat;  
mart gengr verr an varir.
41. Vápnnum ok váðum  
skulu vinir gleðjask;  
þat 's á sjalfum sýnst;  
viðrgefendr  
erusk vinir lengst,  
ef þat bíðr at verða vel.
42. Vin sínum  
skal maðr vinr vesa,  
ok gjalda gjöf við gjöf;  
hlátr við hlátri  
skyli hölðar taka,  
en lausung við lygi.
43. Vin sínum  
skal maðr vinr vesa,  
þeim ok þess vin;  
en óvinar síns  
skyli engi maðr  
vinar vinr vesa.
44. Veizt, ef þú vin átt,  
þanns þú vel trúir  
ok vill þú af hánnum gótt geta,  
geði skalt við þann

- ok gjöfum skipta,  
fara at finna opt.
45. Ef þú átt annan,  
þanns þú illa trúir,  
vildu af hánum þó gótt geta,  
fagrt skalt mæla,  
en flátt hyggja  
ok gjalda lausung við lygi.
46. Þat es enn of þann,  
es þú illa trúir  
ok þér es grunr at hans geði,  
hlæja skalt við þeim  
ok of hug mæla;  
glík skulu gjöld gjöfum.
47. Ungr vask forðum,  
fórk einn saman,  
þá varðk villr vega;  
auðigr þóttumk,  
es ek annan fann,  
maðr es manns gaman.
48. Mildir fræknir  
menn bazt lifa,  
sjaldan sút ala;  
ósnjallr maðr  
uggir hotvetna,  
sýtir æ glöggr við gjöfum.
49. Váðir mínar  
gafk velli at  
tveim trémönnum;  
rekkar þat þóttusk,

es rift höfðu;  
neiss es nökkviðr halr.

50. Hrørnar þöll,  
sús stendr þorpi á,  
hlýrat henni börkr né barr;  
svá es maðr,  
sás manngi ann;  
hvat skal hann lengi lifa?

51. Eldi heitari  
brinnr með illum vinum  
friðr fimm daga,  
en þá sloknar,  
es enn sétti køm, r,  
ok versnar allr vinskapr,

52. Mikit eitt  
skala manni gefa;  
opt kaupir sér í lítlu lof,  
með halfum hleif  
ok með höllu keru  
fekk ek mér féлага.

53. Brandr af brandi  
brinnr unz brunninn es,  
funi kveykisk af funa;  
maðr af manni  
verðr at máli kuðr;  
en til dølskr af dul.

54. Lítilla sanda,  
lítilla sæva,

- lítil eru geð guma;  
allir menn  
urðut jafnspakir;  
half es öld hvar.
55. Meðalsnotr  
skyli manna hverr,  
æva til snotr sé;  
þeim es fyrða  
fegrst at lifa,  
es vel mart vitu.
56. Meðalsnotr  
skyli manna hverr,  
æva til snotr sé;  
snotrs manns hjarta  
verðr sjaldan glatt,  
ef sá es alsnotr es á.
57. Meðalsnotr  
skyli manna hverr,  
æva til snotr sé;  
ørlög sín  
viti engi fyrir;  
þeim es sorgalausastr sefi.
58. Ár skal rísa,  
sás annars vill  
fé eða fjör hafa;  
liggjandi ulfr  
lær of getrat,  
né sofandi maðr sigr.

59. Ár skal rísa,  
sás á yrkjendr fáa,  
ok ganga síns verka á vit;  
mart of dvelr  
þann of morgin sefr,  
halfr es auðr und hvötum.
60. Þurra skíða  
ok þakinna næfra,  
þess kann maðr mjöt,  
þess viðar,  
es vinnask megi  
mál ok misseri.
61. Þveginn ok mettr  
ríði maðr þingi at,  
þótt sét væddr til vel;  
skúa ok bróka  
skammisk engi maðr  
né hests in heldr.  
(þótt hann hafit góðan).
62. Snapir ok gnafir,  
es til sævar kómr,  
örn á aldinn mar;  
svá es maðr,  
es með mörgum kómr  
ok á formælendr fáa.
63. Fregna ok segja  
skal fróðra hvern,  
sás vill heitinn horskr;

einn vita  
né annarr skal,  
þjóð veit ef þrír ro.

64. Ríki sitt  
skyli ráðsnotra  
hverr í hófi hafa;  
þá hann þat finnr,  
es með fræknum kómr,  
at engi es einna hvatastr.  
(orða þeira,  
es maðr öðrum segir,  
opt hann gjöld of getr).

65. Mikilsti snimma  
komk í marga staði,  
en til síð í suma;  
öl vas drukkit,  
sumt vas ólagat;  
sjaldan hittir leiðr í lið.

66. Hér ok hvar  
myndi mér heim of boðit,  
ef þyrftak at málungi mat,  
eða tvau lær hengi  
at ens tryggva vinar,  
þars ek hafða eitt etit.

67. Eldr es baztr  
með ýta sonum  
ok sólar sýn,  
heilyndi sitt,

- ef hafa náir,  
ok án löst at lifa.
68. Esat maðr alls vesall,  
þótt sé illa heill,  
sumr es af sonum sæll,  
sumr af frændum,  
sumr af fé ærnu,  
sumr af verkum vel.
69. Betra es lifðum,  
an sé ólifðum,  
ey getr kvíkr kú;  
eld sák brinna  
auðgum manni fyrir,  
en úti vas dauðr fyr durum.
70. Haltr ríðr hrossi,  
hjörð rekr handar vanr  
daufr vegr ok dugir;  
blindr es betri,  
an brendr séi;  
nýtr manngi nás.
71. Sonr es betri,  
þótt sé síð of alinn  
ept genginn guma;  
bautarsteinar  
standat brautu nær,  
nema reisi niðr at nið.
-

72. Tveir ro eins herjar,  
tunga es höfuðs bani;  
es mér í heðin hvern  
handar væni.
73. Nótt verðr feginn,  
sás nesti trúira,  
skammar ro skips ráar.
74. Hverf es haustgríma,  
fjölð of viðrir  
á fimm dögum,  
en meir á mánaði.
75. Veita hinn,  
es vætki veit,  
margr verðr af aurum api;  
maðr es auðigr,  
annarr óauðigr,  
skylit þann vítká vár.
76. Deyr fé,  
deyja frændr,  
deyr sjalfr et sama;  
en orðstírr  
deyr aldri  
hveims sér góðan getr.
77. Deyr fé,  
deyja frændr,  
deyr sjalfr et sama;  
ek veit einn  
at aldri deyr:  
dómr of dauðan hvern.
-



78. Fullar grindr  
sák fyr Fitjungs sonum,  
nú bera þeir vánar völ;  
svá es auðr  
sem augabragð,  
hann es valtastr vina. —
79. Ósnotr maðr,  
ef eignask getr  
fé eða fljóðs munuð;  
metnaðr hán um þróask,  
en manvit aldri;  
framm gengr hann drjúgt í dul. —
80. Þat es þá reynt,  
es þú at rúnum spyr  
enum reginkunnum,  
þeims gerðu ginnregin  
ok fáði fimbulþulr;  
þá hefr hann bazt, ef þegir. —
81. At kveldi skal dag leyfa,  
konu es brend es,  
mæki es reyndr es,  
mey es gefin es,  
ís es yfir kóm, r,  
öl es drukkit es. —
82. Í vindi skal við höggva,  
veðri á sæ róa,  
myrkri við man spjalla,  
mörg eru dags augu,  
á skip skal skriðar orka,  
en á skjöld til hlífar,  
mæki til höggs,  
en mey til kossa. —

83. Við eld skal öl drekka,  
 en á ísi skríða,  
 magran mar kaupa,  
 en mæki saurgan,  
 heima hest feita,  
 en hund á búí.

## II.

84. Meyjar orðum  
 skyli manngi trúa,  
 né þvís kveðr kona;  
 á hverfanda hvéli  
 váru þeim hjörtu sköpuð,  
 brigð í brjóst of lagið.
85. Brestanda boga,  
 brinnanda loga,  
 gínanda ulfi,  
 galandi kráku,  
 rýtanda svíni,  
 rótausum viði,  
 vaxanda vági,  
 vellanda katli,
86. Fljúganda fleini,  
 fallandi báru,  
 ísi einnættum,  
 ormi hringlegnum,  
 brúðar beðmálum  
 eða brotnu sverði,  
 bjarnar leiki  
 eða barni konungs,

87. sjúkum kalfi,  
sjalfráða þræli,  
völu vilmæli,  
val nýfeldum. —
88. Akri ársánnum  
trúi engi maðr,  
né til snimma syni;  
veðr ræðr akri,  
en vit syni;  
hætt es þeira hvárt. —
89. Bróðurbana sínum  
þótt á brautu mæti,  
húsi halfbrunnu,  
hesti alskjótum,  
þá es jór ónýtr,  
ef einn fótr brotnar;  
verðit maðr svá tryggir  
at þessu trúi öllu. —
90. Svá es friðr kvinna  
þeira's flátt hyggja,  
sem aki jó óbryddum  
á ísi hálum  
(teitum, tvévetrum  
ok sé tamr illa),  
eða í byr óðum  
beiti stjórnlausu,  
eða skyli haltr henda  
hrein í þáfjalli. —
91. Bert ek nú mæli,  
þvíat bæði veitk,  
brigðr 's karla hugr konum;  
þá fegrst mælum,

- es flást hyggjum;  
þat tælir horska hugi.
92. Fagrt skal mæla  
ok fé bjóða,  
sás vill fljóðs ást fáa,  
líki leyfa  
ens ljósa mans,  
sá fær, es fríar.
93. Ástar firna  
skyli engi maðr  
annan aldri;  
opt fá á horskan,  
es á heimskan né fá,  
lostfagrir litir.
94. Eyvitar firna,  
es maðr annan skal,  
þess 's of margan gengr guma;  
heimska ór horskum  
gerir hölða sonu  
sá enn mátki munr.
95. Hugr einn þat veit,  
es býr hjarta nær,  
einn es hann sér of sefa;  
öng es sótt verri  
hveim snotrum manni  
an sér engu at una.
96. Þat þá reyndak,  
es í reyri satk,  
ok vættak míns munar,

- hold ok hjarta  
vas mér en horska mær,  
þeygi hana at heldr hefð.
97. Billings mey  
ek fann beðjum á  
sólhvíta sofa;  
jarls ynði  
þótti mér ekki vesa  
nema við þat lík at lifa.
98. »Auk nær aptni  
skaltu Óðinn koma,  
ef vilt þér mæla man,  
alt eru ósköp,  
nema ein vitim  
slíkan löst saman.«
99. Aptr ek hvarf  
ok unna þóttumk  
vísu vilja frá;  
hitt ek hugða,  
at hafa myndak  
geð hennar alt ok gaman.
100. Svá komk næst,  
at en nýta vas  
vígdrótt öll of vakin;  
brinnöndum ljósum  
ok bornum viði,  
svá vas mér vílstígr of vitaðr.

101. Auk nær morni,  
 es vask enn of kominn,  
 þá vas saldrótt of sofin;  
 grey eitt þá fank  
 ennar góðu konu  
 bundit beðjum á.
102. Mörg es góð mær,  
 ef görva kannar,  
 hugbrigð við hali;  
 þá þat reyndak,  
 es et ráðspaka  
 teygðak á flærðir fljóð.  
 (háðungar hverrar  
 leitaði mér et horska man  
 ok hafðak þess vætki vífs).
- III.
103. Heima glaðr  
 ok við gesti reifr,  
 sviðr skal of sik vesa;  
 (minnigr ok málugr,  
 ef vill margfróðr vesa;  
 opt skal góðs geta)  
 fimbulfambi heitir,  
 sás fátt kann segja;  
 þat es ósnotrs aðal.
104. Enn aldna jötun sóttak,  
 nú emk aprtr of kominn;  
 fátt gatk þegjandi þar;

mörgum orðum  
mæltak í minn frama  
í Suttungs solum.

105. Gunnlöð mér of gaf  
gollnum stóli á  
drykk ens dýra mjaðar;  
ill iðgjöld  
létk hana eptir hafa  
síns ens heila hugar.  
(síns ens svára sefa).

106. Rata munn  
létumk rúms of fáa  
ok of grjót gnaga;  
yfir ok undir  
stóðumk jötna vegir,  
svá hættak höfði til.

107. Vel keypts hlutar  
hefk vel notit;  
fás es fróðum vant;  
Óðrerir  
es nú upp kominn  
á alda vé jaðars.

108. Ifi es mér á,  
at værak enn kominn  
jötna görðum ór,  
ef Gunnlaðar né nytak,  
ennar góðu konu,  
es lögðumk arm yfir.

109. Ens hindra dags  
 gengu hrímþursar  
 Háva ráðs at fregna  
 (Háva höllu í),  
 at Bölverki spurðu,  
 ef væri með böndum kominn  
 eða hefði hánum Suttungr of sóit..
110. Baugeið Óðinn  
 hygg ek at unnit hafi,  
 hvat skal hans tryggðum trúa?  
 Suttung svikvinn  
 hann lét sumbli frá  
 ok grœtta Gunnlöðu.

## IV.

111. Mál 's at þylja  
 þular stóli á,  
 Urðarbrunni at  
 sák ok þagðak,  
 sák ok hugðak,  
 hlýddak á manna mál.  
 (of rúnar heyrðak dœma,  
 né of ráðum þögðu  
 Háva höllu at,  
 Háva höllu í  
 heyrðak segja svá).
112. Ráðumk þér Loddfáfnir,  
 en þú ráð nemir



- (njóta munt ef nemr),  
þér munu góð ef getr:  
nótt þú rísat,  
nema á njósn séir,  
eða leitir þér innan út staðar.
113. Ráðumk þér Loddfáfnir,  
en þú ráð nemir  
(njóta munt ef nemr),  
þér munu góð ef getr:  
á fjalli eða firði,  
ef þik fara tíðir,  
fásktu at virði vel.
114. Ráðumk þér Loddfáfnir,  
en þú ráð nemir  
(njóta munt ef nemr),  
þér munu góð ef getr:  
fjölunnigri konu  
skalattu í faðmi sofa,  
svá at hon lyki þik liðum.
115. Hón svá gerir,  
at þú gáir eigi  
þings né þjóðans máls;  
mat þú villat  
né mannskis gaman,  
ferr þú sorgafullr at sofa.
116. Ráðumk þér Loddfáfnir,  
en þú ráð nemir  
(njóta mnut ef nemr),  
þér munu góð ef getr:

- annars konu  
teyg þér aldri  
eyrarúnu at.
117. Ráðumk þér Loddfáfnir,  
en þú ráð nemir  
(njóta munt ef nemr),  
þér munu góð ef getr:  
illan mann  
lát aldri  
óhöpp at þér vita.  
(af illum manni  
fær þú aldri  
gjöld ens góða hugar).
118. Ofarla bíta  
sák einum hal  
orð illrar konu,  
fláráð tunga  
varð hánun at fjörlagi  
ok þeygi of sanna sök.
119. Ráðumk þér Loddfáfnir,  
en þú ráð nemir  
(njóta munt ef nemr),  
þér munu góð ef getr:  
veizt ef vin átt,  
þanns vel trúir,  
far þú at finna opt.  
(þvíat hrísi vex  
ok háu grasi  
vegr, es vætki trøðr),

120. Ráðumk þér Loddfáfnir,  
en þú ráð nemir  
(njóta munt ef nemr),  
þér munu góð ef getr:  
vin þínum  
ves þú aldri  
fyrr at flaumslitum.  
(sorg etr hjarta,  
ef þú segja né náir  
einhverjum allan hug).
121. Ráðumk þér Loddfáfnir,  
en þú ráð nemir  
(njóta munt ef nemr),  
þér munu góð ef getr:  
góðan mann  
teyg þér at gamanrúnum  
ok nem líknargaldr meðan lifir.
122. Ráðumk þér Loddfáfnir,  
en þú ráð nemir  
(njóta munt ef nemr),  
þér munu góð ef getr:  
orðum skipta  
þú skalt aldri  
við ósvinna apa.
123. At illum manni  
mundu aldri  
góðs laun of geta,  
en góðr maðr

- mun þik gerva mega  
líknfastan at lofi.
124. Sifjum es þá blandit  
hverr es segja ræðr  
einum allan hug;  
alt es betra  
an sé brigðum at vesa:  
esa sá vinr (öðrum) es vilt eitt segir.
125. Ráðumk þér Loddfáfnir,  
en þú ráð nemir  
(njóta munt ef nemr),  
þér munu góð ef getr:  
þrimr orðum senna  
skalattu þér við verra mann,  
opt enn betri bilar.  
(þás enn verri vegr).
126. Ráðumk þér Loddfáfnir,  
en þú ráð nemir  
(njóta munt ef nemr),  
þér munu góð ef getr:  
skósmiðr þú verir  
né skeptismiðr,  
nema sjalfum þér séir.  
(Skór 's skapaðr illa  
eða skapt sé rangt,  
þá 's þér böls beðit).
127. Ráðumk þér Loddfáfnir,  
en þú ráð nemir  
(njóta munt ef nemr),

- þér munu góð ef getr:  
hvars þú böll kant,  
kveð þér bölví at  
ok gefat þínum fjándum frið.
128. Ráðumk þér Loddfáfnir,  
en þú ráð nemir  
(njóta munt ef nemr),  
þér munu góð ef getr:  
illu feginn  
ves þú aldri,  
en lát þér at góðu getit.
129. Ráðumk þér Loddfáfnir,  
en þú ráð nemir  
(njóta munt ef nemr),  
þér munu góð ef getr:  
upp líta  
skalattu í orrostu  
(gjalti glíkir  
verða gumna synir)  
síðr þitt of heilli halir.
130. Ef vilt þér góða konu  
kveðja at gamanrúnum  
ok fá fögnuð af,  
fögru skaldu heita  
ok láta fast vesa ;  
leiðisk manngi gótt ef getr.
131. Ráðumk þér Loddfáfnir,  
en þú ráð nemir  
(njóta munt ef nemr),

þér munu góð ef getr:  
 varan biðk þik vesa  
 ok eigi ofvaran,  
 ves þú við öl varastr.  
 (ok við annars konu  
 ok við þat et þriðja,  
 at þjófar né leiki).

132. Ráðumk þér Loddfáfnir,  
 en þú ráð nemir  
 (njóta munt ef nemr),  
 þér munu góð ef getr:  
 at háð: né hlátri  
 haf þú aldri  
 gest né ganganda.

133: Opt vitu ógörla,  
 þeirs sitja inni fyrir,  
 hvers þeir ro kyns es koma;  
 esat maðr svá góðr  
 at galli né fylgi,  
 né svá illr at einugi dugi.

134. Ráðumk þér Loddfáfnir,  
 en þú ráð nemir  
 (njóta munt ef nemr),  
 þér munu góð ef getr:  
 at hárum þul  
 hlæ þú aldri,  
 opt es gótt þats gamlir kveða  
 (opt ór skörpum belg  
 skilin orð koma

þeims hangir með hám  
ok skollir með skrám,  
ok váfir með vílmögum).

135. Ráðumk þér Loddfáfnir,  
en þú ráð nemir,  
(njóta munt ef nemr)  
þér munu góð ef getr:  
gest né geyja  
né á grind hrekir;  
get þú váluðum vel.
136. Ramt es þat tré,  
es ríða skal  
öllum at upploki;  
baug þú gef  
eða þat biðja mun  
þér læs hvers á liðu.
137. Ráðumk þér Loddfáfnir,  
en þú ráð nemir  
(njóta munt ef nemr),  
þér munu góð ef getr:  
hvars öl drekkir,  
kjós þér jarðar megin,  
(þvíat jörð tekr við öldri,  
en eldr við sóttum,  
eik við abbindi,  
ax við fjölkyngi,  
höll við hýrógi;  
heiptum skal mána kveðja,  
beiti við bitsóttum,

en við bölví rúnar)  
fold skal við flóði taka.

## V.

138. Veitk at ek hekk  
vingameiði á  
nætr allar níu,  
geiri undaðr  
ok gefinn Óðni,  
sjalfr sjalfum mér.  
(á þeim meiði,  
es manngi veit,  
hvers af rótum rinnr).
139. Við hleifi mik sældu  
né við hornigi;  
nýstak niðr,  
namk upp rúnar,  
œpandi nam,  
fellk aptr þaðan.
140. Fimbulljóð níu  
namk af enum frægja syni  
Bölporns, Bestlu föður,  
ok ek drykk of gat  
ens dýra mjaðar  
ausinn Óðreri.
141. Þá namk frævask  
ok fróðr vesa  
ok vaxa ok vel hafask;  
orð mér af orði



- orðs leitaði  
verk mér af verki verks (leitaði). —
142. Rúnar munt þú finna  
ok ráðna stafi,  
mjök stóra stafi,  
mjök stinna stafi,  
es fáði fimbulpulr  
ok gerðu ginnregin  
ok reist hroptr rögn. —
143. Óðinn með ásum,  
en fyr alfum Dáinn,  
Dvalinn dvergum fyrir,  
Ásviðr jötnum fyrir,  
ek reist sjalfr sumar. —
144. Veiztu, hvé rísta skal?  
veiztu, hvé ráða skal?  
veiztu, hvé fáa skal?  
veiztu, hvé freista skal?  
veiztu, hvé biðja skal?  
veiztu, hvé blóta skal?  
veiztu, hvé senda skal?  
veiztu, hvé sóa skal? —
145. Betra 's óbeðit  
an sé ofblótít,  
ey sér til gildis gjöf;  
betra 's ósent  
an sé ofsóit.
- — — — —

146. Svá Þundr of reist  
fyr þjóða rök  
þars upp of reis,  
es aprtr of kom.

## VI.

147. Ljóð þau kank,  
es kannat þjóðans kona  
ok mannskis mögr.  
Hjarp heitir eitt,  
þat þér hjarpa mun  
við sorgum ok sökum.  
(ok sútum görvöllum).
148. Þat kank annat,  
es þurfu ýta synir,  
þeirs vilja lækna lifa.  
— — —
149. Þat kank þriðja,  
ef mér verðr þörf mikil  
haptis við mína heiptmögu,  
eggjar deyfik  
minna andskota,  
bítat þeim vápn né velir.
150. Þat kank fjórða,  
ef mér fyrðar bera  
bönd at boglimum,  
svá ek gel,  
at ganga mák,

- sprettr mér af fótum fjöturr.  
(en af höndum hapt).
151. Þat kank fimta,  
ef sék af fári skotinn  
flein í folki vaða,  
flýgra svá stint,  
at stöðvigak,  
ef hann sjónum of sék.
152. Þat kank sétta,  
ef mik særir þegn  
rótum rás viðar,  
þann hal,  
es mik heipta kveðr,  
þann eta mein heldr an mik.
153. Þat kank sjaunda,  
ef sék hávan loga  
sal of sessmögum,  
brinnrat svá breitt,  
at hánnum bjargigak;  
þann kank galdrat-gala.
154. Þat kank átta,  
es öllum es  
nytsamligt at nema,  
hvars hatr vex  
með hildings sonum  
þat mák bæta brátt.
155. Þat kank níunda,  
ef mik nauðr of stendr

- at bjarga fari á floti,  
vind ek kyrr  
vági á  
ok svæfik allan sæ.
156. Þat kank tíunda,  
ef sék túnriður  
leika lopti á,  
ek svá vink,  
at þær villar fara  
sinna heim-hama  
(sinna heim-huga).
157. Þat kank ellipta,  
ef skalk til orrostu  
leiða langvini,  
und randir gelk,  
en þeir með ríki fara,  
(heilir hildar til,  
heilir hildi frá)  
koma þeir heilir hvaðan.
158. Þat kank tolpta,  
ef sék á tré uppi  
váfa virgilná,  
svá ek ríst  
ok í rúnum fák,  
at sá gengr gumi.  
(ok mælir við mik).
159. Þat kank þrettánda,  
ef skalk þegn ungan


- verpa vatni á,  
munat hann falla,  
þótt í folk komi,  
hnígra sá halr fyr hjörum.
160. Þat kank fjogrtánda,  
ef skalk fyrða liði  
telja tíva fyrir,  
ása ok alfa  
ek kann allra skil,  
fár kann ó-snotr svá.
161. Þat kank fimtánda,  
es gól Þjóðrörir  
dvergr fyr Dellings durum,  
afl gól ásum,  
en alfum frama,  
hyggju Hroptatý.
162. Þat kank sextánda,  
ef vilk ens svinna mans  
hafa geð alt ok gaman,  
hugi hverfik  
hvítarmri konu  
ok snýk hennar öllum sefa.
163. Þat kank seytjánda  
— — — — —  
(at mik seint mun firrask  
et manunga man).
164. Ljóða þessa  
mun þú Loddfáfnir

lengi vanr vesa,  
þó sé þér góð, ef þú getr,  
nýt, ef þú nemr,  
þörf, ef þú þiggr.

165. Þat kank átjándá,  
es æva kennik  
mey né manns konu,  
(alt 's betra  
es einn of kann,  
þat fylgir ljóða lokum)  
nema þeiri einni,  
es mik armi verr,  
eða mín systir sé.

## VII.

166. Nú eru Háva mál  
kveðin Háva höllu í  
allþörf ýta sonum,  
ópörf jötna sonum;  
heill sás kvað,  
heill sás kann,  
njóti sás nam,  
heilir þeirs hlýddu.





## Vafprúðnismál.

Óðinn kvað:

1. Ráð mér nú Frigg,  
alls mik fara tíðir  
at vitja Vafprúðnis;  
forvitni mikla  
kveðk mér á fornum stöfum  
við þann enn alsvinna jötun.

Frigg kvað:

2. Heima letja  
mundak Herjaföðr  
í görðum goða;  
engi jötun  
hugðak jafnramman  
sem Vafprúðni vesa.

- Ó. kv. 3. Fjölð ek fór,  
fjölð freistaðak,  
fjölð of reyndak regin;  
hitt vilk vita,

hvé Vafprúðnis  
salakynni sé.

- Fr.kv. 4. Heill þú farir,  
heill þú aptr komir,  
heill á sinnum sér;  
æði þér dugi,  
hvars skalt, Aldaföðr,  
orðum mæla jötun.
5. Fór þá Óðinn  
at freista orðspeki  
þess ens alsvinna jötuns;  
at höllu hann kom,  
ok átti Hýms faðir;  
inn gekk Yggr þegar.
- Ó.kv. 6. Heill nú, Vafprúðnir,  
nú emk í höll kominn  
á þik sjalfan séa;  
hitt vilk fyrst vita,  
ef fróðr sér  
eða alsviðr jötunn.
- V.kv. 7. Hvat 's þat manna,  
es í mínum sal  
verpumk orði á?  
út þú né kømr  
órum höllum frá,  
nema þú enn snotrari sér.
- Ó.kv. 8. Gangráðr heitik,  
nú emk af göngu kominn,



þyrstr til þinna sala;  
 laðar þurfi  
 hefki lengi farit  
 ok þinna andfanga, jötunn.

V.kv. 9. Hví þú þá, Gangráðr,  
 mælisk af golfi fyrir?  
 far þú í sess í sal;  
 þá skal freista,  
 hvárr fleira viti  
 gestr eða enn gamli þulr.

Ó.kv. 10. Óauðigr maðr,  
 es til auðigs kómr,  
 mæli þarft eða þegi;  
 ofrmælgj mikil  
 hygg at illa geti  
 hveims við kaldrifjaðan kómr.

V.kv. 11. Seg mér, Gangráðr,  
 alls á golfi vill  
 þíns of freista frama,  
 hvé hestr heitir,  
 sás hverjan dregr  
 dag of dróttmögu.

Ó.kv. 12. Skinfaxi heitir,  
 es enn skíra dregr  
 dag of dróttmögu;  
 hesta baztr  
 þykkir með Hreiðgotum;  
 ey lýsir mön af mari.

- V.kv. 13. Seg þat, Gangráðr,  
 alls á golfi vill  
 þíns of freista frama,  
 hvé jór heitir,  
 sás austan dregr  
 nótt of nýt regin.
- Ó.kv. 14. Hrímfaxi heitir,  
 es hverja dregr  
 nótt of nýt regin;  
 méldropa fellir  
 morgin hverjan;  
 þaðan kœmr döggr of dala.
- V.kv. 15. Seg þat, Gangráðr,  
 alls á golfi vill  
 þíns of freista frama,  
 hvé á heitir,  
 sús deilir með jötna sonum  
 grund ok með goðum.
- Ó.kv. 16. Ífing heitir á,  
 es deilir með jötna sonum  
 grund ok með goðum;  
 opin rinna  
 hón skal of aldrdaga;  
 verðrat íss á á.
- V.kv. 17. Seg þat, Gangráðr,  
 alls á golfi vill  
 þíns of freista frama,  
 hvé völlr heitir,

sás finnask vígi at  
Surtr ok en svásu goð.

Ó.kv. 18. Vígriðr heitir völlr,  
es finnask vígi at  
Surtr ok en svásu goð;  
hundrað rasta  
hann 's á hverjan veg;  
sá 's þeim völlr vitaðr.

V.kv. 19. Fróðr est nú gestr,  
far á bekk jötuns,  
mælumk í sessi saman;  
höfði veðja  
vit skulum höllu í  
gestr of geðspeki.

Ó.kv. 20. Seg þat et eina,  
ef þitt æði dugir  
ok þú Vafprúðnir vitir,  
hvaðan jörð of kom  
eða upphiminn  
fyrst, enn fróði jötunn.

V.kv. 21. Ór Ymis holdi  
vas jörð of sköpuð,  
en ór beinum björg,  
himinn ór hausi  
ens hrímkalda jötuns,  
en ór sveita sær.

Ó.kv. 22. Seg þat annat,  
ef þitt æði dugir

- ok þú Vafprúðnir vitir  
hvaðan máni of kom,  
svát ferr menn yfir,  
eða sól et sama.
- V.kv. 23. Mundilfari heitir,  
hann 's Mána faðir  
ok svá Sólar et sama;  
himin hverfa  
þau skulu hverjan dag  
öldum at ártali.
- Ó.kv. 24. Seg þat þriðja,  
alls þik svinnan kveða  
ok þú Vafprúðnir vitir,  
hvaðan dagr of kom,  
sás ferr drótt yfir,  
eða nótt með niðum.
- V.kv. 25. Dellingr heitir,  
hann 's Dags faðir,  
en Nótt vas Nörvi borin;  
ný ok nið  
skópu nýt regin  
öldum at ártali.
- Ó.kv. 26. Seg þat fjórða,  
alls þik fróðan kveða,  
ok þú Vafprúðnir vitir  
hvaðan vetr of kom  
eða varmt sumar  
fyrst með fróð regin.

- V.kv. 27. Vindsvalr heitir,  
hann 's Vetrar faðir,  
en Svásuðr Sumars.  
— — — —
- Ó.kv. 28. Seg þat fimta,  
alls þik fróðan kveða  
ok þú Vafprúðnir vitir,  
hverr ása elztr  
eða Ymis niðja  
yrði í árdaga.
- V.kv. 29. Ørófi vetra  
áðr væri jörð sköpuð,  
þá vas Bergelmir borinn,  
Prúðgelmir  
vas þess faðir,  
en Aurgelmir afi.
- Ó.kv. 30. Seg þat séttá,  
alls þik svinnan kveða  
ok þú Vafprúðnir vitir,  
hvaðan Aurgelmir kom  
með jötna sonum  
fyrst, enn fróði jötunn.
- V.kv. 31. Ór Élivágum  
stukku eitrdropar,  
svá óx unz ór varð jötunn;  
þar órar ættir  
kómu allar saman;  
því 's þat æ alt til atalt.

- Ó.kv. 32. Seg þat sjaunda,  
 alls þik svinnan kveða  
 ok þú Vafprúðnir vitir:  
 hvé sá börn gat  
 enn baldni jötunn,  
 es hann hafðit gýgjar gaman.
- V.kv. 33. Und hendi vaxa  
 kóðu hrímpursi  
 mey ok mög saman;  
 fótr við fœti  
 gat ens fróða jötuns  
 sexhöfðaðan son.
- Ó.kv. 34. Seg þat átta,  
 alls þik fróðan kveða  
 ok þú Vafprúðnir vitir,  
 hvat fyrst of mant  
 eða fremst of veizt,  
 þú est alsviðr jötunn.
- V.kv. 35. Ørófi vetra  
 áðr væri jörð of sköpuð,  
 þá vas Bergelmir borinn;  
 þat fyrst of mank,  
 es enn fróði jötunn  
 á vas lúðr of lagiðr.
- Ó.kv. 36. Seg þat níunda,  
 alls þik svinnan kveða  
 ok þú Vafprúðnir vitir,  
 hvaðan vindr of kœmr

svát ferr vág yfir,  
æ menn hann sjalfan of séa.

V.kv. 37. Hræsvelgr heitir,  
es sitr á himins enda  
jötunn í arnar ham;  
af hans vængjum  
kveða vind koma  
alla menn yfir.

Ó.kv. 38. Seg þat tíunda,  
alls þú tíva rök  
öll Vafþrúðnir vitir,  
hvaðan Njörðr of kom  
með niðjum ása  
(hofum ok hörgum  
hann ræðr hundmörgum)  
ok varðat hann ásum alinn.

V.kv. 39. Í Vanaheimi  
skópu hann vís regin  
ok seldu at gíslingu goðum,  
í aldar rök  
hann mun aprtr koma  
heim með vísu vönum.

Ó.kv. 40. Seg þat ellipta,  
hvar ýtar túnum í  
höggvask hverjan dag;  
val þeir kjósa  
ok ríða vígi frá,  
sitja meir of sáttir saman.

- V.kv. 41. Allir einherjar  
Óðins túnum í  
höggvask hverjan dag,  
val þeir kjósa  
ok ríða vígi frá,  
sitja meir of sáttir saman.
- Ó.kv. 42. Seg þat tolpta,  
hví þú tíva rök  
öll Vafprúðnir vitir,  
frá jötna rúnum  
ok allra goða  
þú et sannasta segir.  
(enn alsvinni jötunn).
- V.kv. 43. Frá jötna rúnum  
ok allra goða  
ek kann segja satt,  
(þvíat hvern hefki  
heim of komit)  
nú komk heima  
fyr niflhel neðan;  
hinig deyja (ór helju) halir.
- Ó.kv. 44. Fjölð ek fór,  
fjölð freistaðak,  
fjölð of reyndak regin,  
hvat lifir manna,  
þás enn mæra líðr  
fimbulvetr með firum?
- V.kv. 45. Líf ok Lífprasilr,



en þau leynask munu  
 í holti Hoddmímis;  
 morgindöggvar  
 þau sér at mat hafa;  
 þaðan af aldir alask.

Ó.kv. 46. Fjölð ek fór,  
 fjölð freistaðak,  
 fjölð of reyndak regin,  
 hvaðan kœmr sól  
 á enn slétta himin,  
 es þessa hefr fenrir farit?

V.kv. 47. Eina dóttur  
 berr alfröðull,  
 áðr hana fenrir fari;  
 sú skal ríða,  
 þás regin deyja,  
 móður brautir mær.

Ó.kv. 48. Fjölð ek fór,  
 fjölð freistaðak,  
 fjölð of reyndak regin,  
 hverjar ro meyar,  
 es líða mar yfir,  
 fróðgedjaðar fara.

V.kv. 49. Þrjár þjóðir  
 falla þorp yfir  
 meyja Mögþrasis;  
 hamingjur einar

- þærs í heimi eru,  
þó þær með jötnum alask.
- Ó.kv. 50. Fjölð ek fór,  
fjölð freistaðak,  
fjölð of reyndak regin,  
hverir ráða æsir  
eignum goða,  
þás sloknar Surta logi?
- V.kv. 51. Viðarr ok Váli  
byggva vé goða,  
þás sloknar Surta logi;  
Móði ok Magni  
skulu Mjöllni hafa  
Vingnis at vígproti.
- Ó.kv. 52. Fjölð ek fór,  
fjölð freistaðak,  
fjölð of reyndak regin,  
hvat verðr Óðni  
at aldrlagi  
þás rjúfask regin?
- V.kv. 53. Ulfr gleypa  
mun Aldaföðr,  
þess mun Viðarr vreka;  
kalda kjapta  
hann klyfja mun  
vitnis vígi at.
- Ó.kv. 54. Fjölð ek fór,  
fjölð freistaðak,

fjöld of reyndak regin,  
hvat mælti Óðinn,  
áðr á bál stigi,  
sjalfr í eyra syni?

V.kv. 55. Ey manni veit,  
hvat þú í árdaga  
sagðir í eyra syni;  
feigum munni  
mæltak mína forna stafi  
ok of ragnarök.  
(Nú við Óðin  
deildak mína orðspeki;  
þú est æ vísastr vera).





## Grimnismál.

---

### ■ Frá sonum Hrauðungs konungs.

Hrauðungr konungr átti tvá sonu; hét annarr Agnarr, en annarr Geirrøðr. Agnarr var tíu vetra, en Geirrøðr átta vetra. Þeir reru tveir á báti með dorgar sínar at smáfiski. Vindr rak þá í haf út. Í náttmyrkri brutu þeir við land ok gengu upp, fundu kotbónda einn. Þar váru þeir um vetrinn. Kerling fóstraði Agnar, en karl Geirrøð ok kendi hánum ráð. At vári fekk karl þeim skip. En er þau kerling leiddu þá til strandar, þá mælti karl einmæli við Geirrøð. Þeir fengu byr ok kómu til stöðva föður síns. Geirrøðr var fram í skipi. Hann hljóp upp á land en hratt út skipinu ok mælti: »farðu nú, þar er smyl hafi þik.« Skipit rak í haf út. En Geirrøðr gekk upp til bæjar. Hánunum var þar

vel fagnat, en faðir hans var þá andaðr. Var þá Geirrøðr til konungs tekinn ok varð maðr ágætr.

Óðinn ok Frigg sátu í Hliðskjálfu ok sá um heima alla. Óðinn mælti: »sér þú Agnar fóstura þinn, hvar hann elr börn við gýgi í hellinum, en Geirrøðr fóstri minn er konungr ok sitr nú at landi?«. Frigg segir: »hann er matníðingr sá, at hann kvelr gesti sína, ef hánum þykkja of margir koma«. Óðinn segir, at þat er hin mesta lygi. Þau veðja um þetta mál. Frigg sendi eskimey sína Fullu til Geirrøðar. Hon bað konung varask, at eigi fyrgerði hánum fjölkunnigr maðr, sá er þar var kominn í land, ok sagði þat mark á, at engi hundr var svá ólmr, at á hann mundi hlaupa. En þat var hinn mesti hégómi, at Geirrøðr konungr væri eigi matgóðr, ok þó lætr hann handtaka þann mann, er eigi vildu hundar á ráða. Sá var í feldi blám ok nefndisk Grímnir ok sagði ekki fleira frá sér, þótt hann væri at spurðr. Konungr lét hann pína til sagna ok setja milli elda tveggja, ok sat hann þar átta nætr. Geirrøðr konungr átti þá son tíu vetra gamlan, ok hét Agnarr eptir bróður hans. Agnarr gekk at Grímnir ok gaf hán-

um horn fult at drekka ok sagði, at faðir hans gerði illa, er hann píndi þenna mann saklausan. Grímnir drakk af. Þá var eldrinn svá kominn, at feldrinn brann af Gríمني. Hann kvað:

1. Heitr est hripuðr  
ok heldr til mikill,  
göngumk firr funi;  
loði sviðnar,  
þótt á lopt berak;  
brinumk feldr fyrir.
2. Átta nætr satk  
milli elda hér,  
svát mér manngi  
mat né bauð,  
nema einn Agnarr,  
es einn skal ráða,  
Geirrøðar sonr,  
Gotna landi.
3. Heill skalt, Agnarr,  
alls heilan biðr  
þik Veratýr vesa;  
eins drykkjar  
þú skalt aldri  
betri gjöld geta.
4. Land 's heilagt,  
es liggja sék  
ásum ok alfum nær;

(en í Þrúðheimi  
skal Þórr vesa  
unz of rjúfask regin).

5. Ýdalir heita,  
þars Ullr of hefr  
sér of görva sali;  
Alfheim Frey  
gáfu í árdaga  
tívar at tannféi.
6. Bær 's enn þriði,  
es blíð regin  
silfri þökðu sali;  
Valaskjalf heitir,  
es vélti sér  
áss í árdaga.
7. Sökkvabekkr heitir (enn fjórði).  
en þar svalar knegu  
unnir glymja yfir;  
þar Óðinn ok Sága  
drekka of alla daga  
glöð ór gollnum kerum.
8. Glæðsheimr heitir (enn fimti)  
þars en gollbjarta  
Valhöll víð of þrumir;  
en þar Hroptr  
kýss hverjan dag  
vápndauða vera.
9. Mjök 's auðkent

- þeims til Óðins koma  
 salkynni at séa,  
 sköptum 's rann rept,  
 skjöldum 's salr þakiðr,  
 brynjum of bekki stráat.
10. Mjök 's auðkent  
 þeims til Óðins koma  
 salkynni at séa,  
 vargr hangir  
 fyr vestan dyrr  
 ok drúpir örn yfir.
11. Þrymheimr heitir (enn sétti),  
 es Þjazi bjó,  
 sá enn ámatki jötunn;  
 en nú Skaði byggvir,  
 skír brúðr goða,  
 fornar toptir föður.
12. Breiðablik eru (en sjaundu),  
 en þar Baldr hefir  
 sér of görva sali,  
 á því landi  
 es liggja veitk  
 fæsta feiknstafi
13. Himinbjörg eru (en áttu),  
 en Heimdall þar  
 kveða valda véum,  
 þar vörðr goða  
 drekkur í væru ranni  
 glaðr enn góða mjöð.
14. Folkvangr es (enn níundi),  
 en þar Freyja ræðr



- sessu kostum í sal;  
halfan val  
hón kýss hverjan dag,  
en halfan Óðinn á.
15. Glitnir es (enn tíundi),  
hann 's gollu studdr  
ok silfri þakðr et sama,  
en þar Forseti  
byggvir flestan dag  
ok svæfir allar sakar.
16. Nóatún eru (en elliptu),  
en þar Njörðr hefir  
sér of görva sali;  
manna þengill  
enn meins vani  
hátimbruðum hörgi ræðr.
17. Hrísi vex  
ok háu grasi  
Víðars land viði,  
en þar mögr of læzk  
af mars baki  
frækn at hefna föður.
18. Andhrímnir  
lætr í Eldhrímni  
Sæhrímni soðinn,  
fleska bazt,  
en þat fáir vitu  
við hvat Einherjar alask.
19. Gera ok Freka  
seðr gunntamiðr  
hróðigr Herjaföðr,

- en við vín eitt  
vápngöfugr  
Óðinn æ lifir.
20. Huginn ok Muninn  
fljúga hverjan dag  
jörmungrund yfir;  
óumk of Hugin,  
at aptr né komit;  
þó séumk meir of Munin.
21. Þýtr Þund,  
unir Þjóðvitnis  
fiskr flóði í;  
áarstraumr  
þykkir ofmikill  
valglaumi at vaða.
22. Valgrind heitir,  
es stendr velli á  
heilög fyr helgum durum;  
forn 's sú grind,  
en þat fáir vitu,  
hvé hon 's í lás of lokin.
23. Fimm hundruð dura  
ok umb fjórum tögum,  
svá hygg á Valhöllu vesa;  
átta hundruð (Einherja)  
ganga ór einum durum,  
þás fara við vitni at vega.
24. Fimm hundruð golfa

ok umb fjórum tögum  
svá hygg Bilskirni með bugum ;  
rauma þeira,  
es rept vitak,  
míns veitk mest magar.

25. Heiðrún heitir (geit),  
es stendr höllu á  
ok bítr af Læraðs limum ;  
skapker fylla  
hon skal ens skíra mjaðar,  
knáat sú veig vanask.
26. Eikþyrnir heitir (hjörtr),  
es stendr höllu á  
ok bítr af Læraðs limum,  
en af hans hornum  
drýpr í Hvergelmi,  
þaðan eigu vötn öll vega.
27. Síð ok Víð,  
Sækin ok Eikin,  
Svöl ok Gunnþró,  
Fjörm ok Fimbulpul,  
(Rín ok Renuandi)  
Gipul ok Göpul,  
Gömul ok Geirvimul,  
þær hverfa of hodd goða.
28. Þyn ok Vin,  
Þöll ok Höll,  
Gráð ok Gunnþorin,  
Viná heitir enn,  
önnur Vegsvinn,  
þriðja Þjóðnuma. —

29. Nyt ok Nöt,  
 Nönn ok Hrönn,  
 Slíð ok Hrið,  
 Sylgr ok Ylgr,  
 Víð ok Ván,  
 Vönd ok Strönd,  
 Gjöll ok Leiptr,  
 falla gumnum nær  
 (en falla til Heljar heðan). —
30. Körmt ok Örmt  
 ok Kerlaugar tvær,  
 þær skal Þórr vaða  
 dag hverjan,  
 es hann dæma ferr  
 at aski Yggdrasils.  
 (þvíátt ásbrú  
 brinnr öll loga,  
 heilög vötn hlóa). —
31. Glaðr ok Gyllir,  
 Glær ok Skeiðbrimir,  
 Silfrintoppr ok Sinir,  
 Gísl ok Falhófnir,  
 Gulltoppr ok Léttfeti,  
 þeim ríða æsir jóum.  
 (dag hvern,  
 es þeir dæma fara  
 at aski Yggdrasils). —
32. Þríar rætr  
 standa á þría vega  
 undan aski Yggdrasils;  
 Hel býr und einni,  
 annarri hrímþursar,  
 þriðju menskir menn. —

33. Ratatoskr heitir (íkorni),  
es rinna skal  
at aski Yggdrasils,  
arnar orð  
hann skal ofan bera  
ok segja Níðhöggvi niðr. —
34. Hirtir eru ok fjórir,  
þeirs af hæfingar  
gaghalsir gnaga;  
Dáinn ok Dvalinn,  
Duneyrr ok Duraprór. —
35. Ormar fleiri  
liggja und aski Yggdrasils,  
an þat of hyggi hverr (ósviðra ara),  
(Góinn ok Móinn  
eru Grafvitnis synir  
Grábakr ok Grafvölluðr)  
Ofnir ok Sváfnir  
hygg at æ skyli  
meiðs kvistu máa. —
36. Askr Yggdrasils  
drýgir erfiði  
meira an menn viti,  
hjörtr bítr ofan,  
en á hliðu fúnar,  
skerðir Níðhögggr neðan. —
37. Hrist ok Mist  
vilk at mér horn beri,  
Skeggjöld ok Skögul,  
(Hildir ok Þrúðr,  
Hlökk ok Herfjötur,  
Göll ok Geirönu)

Randgríðr ok Ráðgríðr  
ok Reginleif,  
þær bera Einherjum öl.

38. Árvakr ok Alsviðr  
skulu upp heðan  
svangir sól draga,  
en und þeira bógum  
fálu blíð regin  
æsir ísarnkol.
39. Svalinn heitir,  
hann stendr sólu fyrir,  
skjöldr skínanda goði;  
björg ok brim  
veitk at brinna skulu,  
ef hann fellr í frá.
40. Skoll heitir ulfr,  
es fylgir enu skírleita  
goði til varna viðar,  
en annarr Hati,  
hann 's Hróðvitnis sonr,  
sá skal fyr heiða brúði himins. —
41. Ór Ymis holdi  
vas jörð of sköpuð,  
en ór sveita sær,  
björg ór beinum,  
baðmr ór hári,  
en ór hausi himinn.
42. En ór hans bráum  
gerðu blíð regin  
Miðgarð manna sonum,  
en ór hans heila  
váru þau en harðmóðgu  
ský öll of sköpuð. —

43. Ullar hylli  
hefr ok allra goða  
hverr 's tekr fyrstr á funa,  
opnir heimar  
verða of ása sonum,  
þás hefja af hvera.
44. Ívalda synir  
gengu í árdaga  
Skíðblaðni at skapa,  
skipa bazt  
skírum Frey,  
nýtum Njarðar bur. —
45. Askr Yggdrasils,  
hann 's æztr við,  
en Skíðblaðnir skipa,  
Óðinn ása,  
en jóa Sleipnir,  
Bilröst brúa.  
(en Bragi skalda,  
Hábrók hauka,  
en hunda Garmr).
46. Svipum hefk nú ypt  
fyr sigtíva sonum,  
við þat skal vilbjörg vaka,  
öllum ásum  
þat skal inn koma  
Ægis bekki á.  
(Ægis drekku at).
47. Hétumk Grímr,  
hétumk Gangleri,

- Herjan ok Hjalmberi,  
Þekkr ok Þriði,  
Pundr ok Uðr,  
Herblindi ok Háarr.
48. Saðr ok Svipall  
ok Sanngetall,  
Herteitr ok Hnikarr,  
(Bileygr, Báleygr,  
Bölverkr, Fjölnir,  
Grímr ok Grímnir,  
Glapsviðr ok Fjölsviðr,  
Síðhött, Síðskeggr,  
Sigföðr, Hnikuðr,  
Alföðr, Valföðr,  
Atríðr ok Farmatýr)  
einu nafni  
hétumk aldriki,  
síz með folkum fórk.
49. Grímní mik hétu  
at Geirrøðar,  
en Jalk at Ásmundar,  
en þá Kjalar,  
es kjalka drók,  
Þrór þingum at.  
(Óski ok Ómi,  
Jafnhár ok Biðlindi,  
Göndlir ok Hárbarðr með goðum).
50. Sviðurr ok Sviðrir  
hétk at Sökkmímis,



ok dulðak enn aldna jötun,  
þás Miðvitnis  
vask ens mæra burar  
orðinn einbani.

51. Ölr est Geirrøðr,  
hefr þú of drukkit

— — —  
miklu est hnugginn,  
es þú est mínu gengi,  
allra Einherja ok Óðins.


52. Fjölð þér sagðak,  
en þú fátt of mant,  
of þik véla vinir;  
mæki liggja  
sék míns vinar  
allan í dreyra drifinn.

53. Eggmóðan val  
nú mun Yggr hafa,  
þitt veitk líf of liðit;  
úfar ro dísir,  
nú knátt Óðinn séa;  
nalgask mik ef þú megir.

54. Óðinn nú heitik,  
Yggr áðan hétk,  
hétumk Þundr fyr þat,  
(Vakr ok Skilfingr,  
Váfuðr ok Hroptatýr  
Gautr ok Jalkr með goðum)  
Ófnir ok Sváfnir

hygg at orðnir sé  
allir at einum mér.

Geirrøðr konungr sat ok hafði sverð  
um kné sér ok brugðit til miðs. En er  
hann heyrði, at Óðinn var þar kominn,  
þá stóð hann upp ok vildi taka Óðin frá  
eldinum. Sverðit slapp ór hendi hánum  
ok vissu hjöltin niðr. Konungr drap fœti  
ok steypðisk áfram, en sverðit stóð í gögn-  
um hann ok fekk hann bana. Óðinn hvarf  
þá, en Agnarr var þar konungr lengi  
síðan.





## Skírnismál.

---

Freyr, sonr Njarðar, hafði einn dag sezk í Hliðskjálf ok sá um heima alla; hann sá í Jötunheima ok sá þar mey fagra, þá er hon gekk frá skála föður síns til skemmu; þar af fekk hann hugsóttir miklar. Skírnir hét skósveinn Freys. Njörðr bað hann kveðja Frey máls. Þá mælti Skaði:

1. Rís nú Skírnir  
ok ráð at beiða  
okkarn mála mög,  
ok þess at fregna  
hveim enn fróði sé  
ofreiði afi.

Sk. kv. 2. Illra orða  
es mér ón at ykrum syni,  
ef ek geng at mæla við mög,  
ok þess at fregna,

hveim enn fróði sé  
ofreiði afi.

3. Seg þat Freyr,  
folkvaldi goða,  
ok ek vilja vita,  
hví þú einn sitr  
endlanga sali  
minn dróttinn of daga.

Fr. kv. 4. Hví of segjak þér,  
seggr enn ungi,  
mikinn móðtrega,  
alfröðull  
lýsir of alla daga  
ok þeygi at mínum munum.

Sk. kv. 5. Muni þína  
hykka svá mikla vesa,  
at mér seggr né segir;  
ungir saman  
várum í árdaga,  
vel mættim tveir trúask.

Fr. kv. 6. Í Gymis görðum  
ek ganga sá  
mér tíða mey;  
armar lýstu,  
en af þaðan  
alt lopt ok lögr.

7. Mær es mér tíðari  
an manna hveim

ungum í árdaga;  
 ása ok alfa  
 þat vill engi maðr,  
 at vit samt séim.

— — — —

Sk. kv. 8. Mar gef mér þá,  
 es mik of myrkvan beri  
 vísan vafrloga,  
 ok þat sverð,  
 es sjalft vegisk  
 við jötna ætt.

Fr. kv. 9. Mar þér gefk,  
 es þik of myrkvan berr  
 vísan vafrloga,  
 ok þat sverð,  
 es sjalft mun vegask,  
 ef sá 's horskr es hefr.

Skírnir mælti við hestinn:

10. Myrkt es úti,  
 mál kveðk okr fara  
 úrig fjöll yfir  
 (þursa þjóð yfir);  
 báðir komumk  
 eða okr báða tekr  
 sá enn ámátki jötunn.

Skírnir reið í Jötunheima til Gymisgarða;  
 þar váru hundar ólmir ok bundnir fyrir

skíðgarðshliði þess, er um sal Gerðar var.  
Hann reið at þar, er féhirðir sat á haugi,  
ok kvaddi hann:

11. Seg þat hirðir,  
es á haugi sitr  
ok varðar alla vega,  
hvé ek at andspilli  
komumk ens unga mans  
fyr greyjum Gymis.

Hirðirkv. 12. Hvárt est feigr,  
eða est framm genginn

— — —

andspillis vanr  
þú skalt æ vesa  
góðrar meyjar Gymis.

Sk. kv. 13. Kostir ro betri  
an at klökkva sé  
hveim es fúss es fara,  
einu dægri  
mér vas aldr of skapaðr  
ok alt líf of lagit.

G. kv. 14. Hvat 's hlym hlymja  
es nú heyrik til  
ossum rönnum í?  
jörð bifask,  
en allir fyrir  
skjalfa garðar Gymis.

Ambátt kvað:

15. Maðr 's hér úti,  
stiginn af mars baki,  
jó lætr til jarðar taka.
- — —

G. kv. 16. Inn bið hann  
ganga í okkarn sal  
ok drekka enn mæra mjöð,  
þó ek hitt óumk,  
at hér úti sé  
minn bróðurbani.

17. Hvat 's þat alfa  
né ása sona,  
né víssa vana?  
hví einn of komt  
eikinn fúr yfir  
ór salkynni at séa.

Sk. kv. 18. Emkat alfa  
né ása sona  
né víssa vana,  
þó einn of komk  
eikinn fúr yfir  
yður salkynni at séa.

19. Epli ellifu  
hér hefk algollin,  
þau munk þér Gerðr gefa,  
frið at kaupa,

- at þér Frey kveðir  
ó-leiðastan lifa.
- G. kv. 20. Epli ellifu  
ek þigg aldri  
at mannskis munum,  
né vit Freyr,  
meðan okkart fjör lifir,  
byggum bæði saman.
- Sk. kv. 21. Baug þér þá gefk,  
þanns brendr of vas  
með ungum Óðins syni,  
átta ro jafnhöfgir,  
es af drjúpa  
ena níundu hverja nótt.
- G. kv. 22. Baug þikkak,  
þótt brendr séi,  
með ungum Óðins syni;  
esa mér golls vant  
í görðum Gymis  
at deila fé föður.
- Sk. kv. 23. Sér þú mæki, mær,  
mjóvan, málfáan,  
es hefk í hendi hér,  
höfuð höggva  
munk þér halsi af,  
nema mér sætt segir.
- G. kv. 24. Ánauð þola  
vilk aldri



at mannskis munum,  
þó hins getk,  
ef it Gymir finnizk  
vígs ótrauðir at vegizk.

- Sk. kv. 25. Sér þú mæki, mær,  
mjóvan, málfáan,  
es hefk í hendi hér,  
fyr þessum eggjum  
hnígr enn aldni jötunn,  
verðr þinn feigr faðir.
26. Tamsvendi þik drepk,  
en þik temja munk,  
mær, at mínum munum,  
þar skalt ganga,  
es þik gumna synir  
síðan æva séi.
27. Ara þúfu á  
skalt ár sitja,  
horfa heimi ór  
(snugga heljar til),  
matr sé þér meir leiðr  
an manna hveim  
enn fráni ormr með firum.
28. At undrsjónum,  
verðir, es út kómr,  
á þik Hrímnir hari  
(á þik hotvetna stari),  
viðkunnari verðir

- an vörðr með goðum,  
gapi þú grindum frá.
29. Tópi ok ópi,  
tjösull ok óþoli,  
vaxi þér tár með trega;  
sezk þú niðr  
en ek mun segja þér  
sváran súsbreka.  
(ok tvinnan trega).
30. Tramar gneypa  
þik skulu gerstan dag  
jötna görðum í,  
til hrímþursa hallar  
þú skalt hverjan dag  
kranga kostalaus.  
(kranga kostavön;  
grát at gamni  
skalt í gögn hafa  
ok leiða með tárur trega).
31. Með þursi þríhöfðuðum  
þú skalt æ nara  
eða verlaus vesa,  
(þitt geð grípi;  
þik morn morni)  
ves þú sem þistill,  
sás þrunginn vas  
í ofanverða önn.
32. Til holts ek gekk

ok til hrás viðar  
gambantein at geta

— — —

gambantein ek gat.

33. Reiðr 's þér Óðinn,  
reiðr 's þér Ásabragr,  
þik skal Freyr fíask,  
en firinilla mær,  
en fengit hefr  
gambanreiði goða.
34. Heyri jötnar,  
heyri hrimþursar,  
synir Suttunga,  
sjalfir áslíðar,  
hvé fyrir býðk,  
hvé fyrir bannak  
manna glaum mani,  
manna nyt mani.
35. Hrímgrímnir heitir,  
es þik hafa skal  
fyr nágrindr neðan,  
þar þér vílmegir  
á viðarrótum  
geitahland gefi.  
(æðri drykkju  
fá þú aldri,  
mær, af þínum munum,  
mær, at mínum munum).
36. Þurs rístk þér

ok þrjá stafi,  
 ergi ok æði ok óþola,  
 svá ek þat af ríst  
 sem ek þat á reist,  
 ef gervask þarfar þess.

G. kv. 37. Heill ves heldr, sveinn,  
 ok tak við hrímkálki  
 fullum forns mjaðar,  
 þó hafðak ætlat,  
 at myndak aldri  
 unna vaningja vel.

Sk. kv. 38. Ørendi mín  
 vilk öll vita,  
 áðr ríðak heim heðan,  
 nær á þingi  
 munt enum þroskamikla  
 nenna Njarðar syni.

G. kv. 39. Barri heitir,  
 es bæði vitum,  
 lundr lognfara,  
 en ept nætr níu  
 þar mun Njarðar syni  
 Gerðr unna gamans.


Þá reið Skírnir heim. Freyr stóð úti ok  
 kvaddi hann ok spurði tíðenda:

40. Seg mér, Skírnir,  
 áðr verpir söðli af mari

ok stígir feti framar,  
hvat þú árnaðir  
í Jötunheima  
þíns eða míns munar.

Sk. kv. 41. Barri heitir,  
es vit báðir vitum,  
lundr lognfara,  
en ept nætr níu,  
þar mun Njarðar syni  
Gerðr unna gamans.

Fr. kv. 42. Löng es nótt,  
langar ro tvær,  
hvé of þreyjak þríar;  
opt mér mánaðr  
minni þótti  
an sjá half hýnótt.





## Hárbarðsljóð.

---

Þórr fór ór Austrvegi ok kom at sundi einu; öðrum megin sundsins var ferjukarl-inn með skipit. Þórr kallaði:

1. Hverr es sveinn sveina,  
es stendr fyr sund handan?
- H. kv. 2. Hverr es karl karla,  
es kallar of váginn?
- Þ. kv. 3. Fer þú mik of sundit,  
fæðik þik á morgun;  
meis hefð á baki,  
verðra matr in betri;  
át ek í hvíld,  
áðr heiman fórk,  
síldr ok hafra,  
saðr emk enn þess.
- H. kv. 4. Árligum verkum lhrósar  
(þú verðinum),

veiztat fyrir görla;  
döpr eru þín heimkynni,  
dauð hygg at þín móðir sé.

P. kv. 5. Þat segir þú nú,  
es hverjum þykkir mest at vita.  
(at mín móðir dauð sé).

H. kv. 6. Þeygi es sem þú  
þríu bú góð eigir;  
berbeinn þú stendr  
ok hefr brautingja gørvi.  
(þatki at þú hafir brœkr þínar).

P. kv. 7. Stýr hingat eikju,  
ek mun þér stöð kenna,  
eða hverr á skip,  
es þú heldr við land?

H. kv. 8. Hildolfr sá heitir,  
es mik halda bað,  
rekk enn ráðsvinni,  
es býr í Ráðseyjarsundi,  
baðat hann hlennimenn flytja  
eða hrossaþjófa  
(góða eina

ok þás gørva kunnak)  
seg þú til nafns þíns,  
ef þú vill of sund fara.

P. kv. 9. Segja munk til nafns míns,  
þótt sekr séak,  
ok til alls øðlis —

ek em Óðins sonr  
 (Meila bróðir,  
 en Magna faðir)  
 þrúðvaldr goða,  
 við Þór knáttu hér dæma;  
 hins vilk nú spyrja,  
 hvat heitir þú?

- H. kv. 10. Hárbarðr heitik,  
 hylk of nafn sjaldan.
- P. kv. 11. Hvat skalt of nafn hylja,  
 nema sakar eigir?
- H. kv. 12. En þótt sakar eigak,  
 þá mun ek forða  
 fjörvi mínu fyr slíkum (sem þú ert),  
 nema feigr séak.
- P. kv. 13. Harm ljótan (mér þykkir í því)  
 at vaða  
 (of vág til þín)  
 ok væta minn ögur;  
 skyldak launa (kögursveini þín-  
 um) kanginyrði,  
 ef kæmumk of sundit.
- H. kv. 14. Hér munk standa  
 ok þín heðan bíða,  
 fanta þú mann enn harðara  
 at Hrungni dauðan.
- P. kv. 15. Hins viltu nú geta,  
 es vit Hrungnir deildum,



sá enn stórúðgi jötunn,  
es ór steini vas höfuð;  
þó létk hann falla  
ok fyrir hníga.  
Hvat vant þú þá  
Hárbarðr meðan?

H. kv. 16. Vask með Fjölvari  
fimm vetr alla  
í ey þeiri,  
es Algræn heitir;  
vega vér þar knáttum  
ok val fella,  
margs at freista,  
mans at kosta.

Þ. kv. 17. Hversu snúnuðu yðr konur yðrar?

H. kv. 18. Sparkar áttum konur,  
ef oss at spökum yrði;  
horskar áttum konur,  
ef oss hollar væri;  
þær ór sandi  
síma undu,  
ok ór dali djúpum  
grund of grófu;  
varðk þeim einn öllum  
øfri at ráðum;  
hvíldak hjá þeim systurum sjau,  
ok hafðak geð þeira alt ok gaman.  
Hvat vantu þá meðan Þórr?

Þ. kv. 19. Ek drap Þjaza,  
enn þrúðmóðga jötun;

upp varpk augum  
 Alvalda sonar  
 á þann enn heiða himin,  
 þau eru merki mest  
 minna verka,  
 þaus allir menn síðan of sé.  
 Hvat vant þú þá  
 Hárbarðr meðan?

H. kv. 20. Miklar manvélar  
 hafðak við myrkriður,  
 þás ek vélta þær frá verum;  
 harðan jötun  
 hugðak Hlébarð vesa;  
 gaf hann mér gambantein,  
 en ek vélta hann ór viti.

Þ. kv. 21. Illum huga launaðir þú þá góðar gjafar.

H. kv. 22. Þat hefr eik, es af annarri skefr,  
 of sik es hvern í slíku.  
 Hvat vantu meðan Þórr?

Þ. kv. 23. Ek vas austr  
 ok jötna barðak  
 brúðir bölvísar,  
 es til bjargs gengu;  
 mikil myndi ætt jötna,  
 ef allir lifði  
 (vætr myndi manna  
 und Miðgarði).

Hvat vant þú þá  
Hárbarðr meðan?

H. kv. 24. Vask á Vallandi  
ok vígum fylgðak,  
attak jöfrum,  
en aldri sættak;  
(Óðinn á jarla,  
þás í val falla,  
en Þórr á þrælakyn).

P. kv. 25. Ójafnt skipta  
myndir með ásum liði,  
ef ættir vilgi mikils vald.

H. kv. 26. Þórr á afl ærit,  
en ekki hjarta;  
af hræzlu ok hugbleyði  
þér vas í hanzka troðit  
(ok þóttiska þú þá Þórr vesa);  
hvárki þú þorðir  
fyr hræzlu þinni  
hnjósa né físa,  
svát Fjalarr heyrði.

P. kv. 27. Hárbarðr enn ragi,  
ek mynda þik í hel drepa,  
ef mættak seilask of sund.

H. kv. 28. Hvat skyldir of sund seilask,  
es sakar ro alls engar.  
Hvat vantu meðan Þórr?

P. kv. 29. Ek vas austr  
ok á varðak,  
þás mik sóttu  
þeir Svárangs synir,

grjóti mik börðu,  
 gagni urðu þó lítt fegnir.  
 (þó urðu þeir mik fyrri  
 friðar at biðja).  
 Hvat vant þú þá  
 Hárbarðr meðan?

H. kv. 30. Ek vas austr  
 ok við Einherju dæmðak,  
 lék ek við ena línhvítu  
 ok launþing háðak;  
 gladdak ena gollbjörtu,  
 gamni mær unði.

P. kv. 31. Góð átt þú þér mankynni þar þá.

H. kv. 32. Liðs þíns væra ek þá þurfi Þórr, at  
 ek helda þeiri enni línhvítu mey.

P. kv. 33. Ek munda þér þá þat veita, ef ek  
 viðr of kæmumk.

H. kv. 34. Ek munda þér þá trúa  
 nema mik í tryggð véltir.

P. kv. 35. Emkat ek sá hælbítr  
 sem húðskór forn á vár.

H. kv. 36. Hvat vantu meðan Þórr?

P. kv. 37. Brúðir berserkja  
 barðak í Hléseyju,  
 þær höfðu verst unnit,  
 véltu þjóð alla;

H. kv. 38. Klæki vantu þá Þórr,  
 es á konum barðir.

- Þ. kv.           Vargynjur váru,  
 en varla konur;  
 skeldu skip mitt,  
 es skorðat hafðak,  
 ægðu mér járnlurki  
 en eltu Þjalfa.  
 Hvat vant þú þá  
 Hárbarðr meðan?
- H. kv. 39.      Ek vask í her,  
 es hingat gerðisk  
 — — — —  
 gnæfa gunnfana,  
 geir at rjóða.
- Þ. kv. 40.      Þess vilt þú nú geta,  
 es þú fórt oss óljúfan at bjóða.
- H. kv. 41.      Bæta skal þér þat þá  
 baugi munda,  
 — — — —  
 sem jafnendr unnu,  
 þeirs okr vilja sætta.
- Þ. kv. 42.      Hvar namtu þessi en hnœfilligu orð,  
 es heyrðak aldri in hnœfilligri?
- H. kv. 43.      Namkat mönnum þeim enum aldrœnum,  
 es búa í heimis haugum.
- Þ. kv. 44.      Þó gefr þú gótt nafn dysjum, es þú,  
 kallar þær heimishauga.
- H. kv. 45.      Svá dœmik of slíkt far.
- Þ. kv. 46.      Orðkringi þín

mun þér illa koma,  
 ef ræðk á vág at vaða,  
 ulfi hæra,  
 hygg at æpa mynir,  
 ef þú hlýtr af hamri högg.

H. kv. 47. Sif á hó heima,  
 hans munt fund vilja,  
 þann munt þrek drýgja,  
 þat 's þér skyldara.

P. kv. 48. Mælir þú at munns ráði,  
 svát mér skyldi verst þykkja,  
 halr enn hugblauði,  
 hygg ek at þú ljúgir.

H. kv. 49. Satt hygg mik segja,  
 seinn est at för þinni,  
 langt myndir nú kominn,  
 ef þú litum færir.

P. kv. 50. Hárbarðr enn ragi,  
 heldr hefr þú nú mik dvalðan.

H. kv. 51. Ásapórs  
 hugðak aldri mundu  
 gleppja féhirði farar.

Þ. kv. 52. Ráð munk þér nú ráða,  
 ró hingat báti,  
 hættum hœtingi,  
 hitt þú föður Magna.

H. kv. 53. Far þú firr sundi,  
 þér skal fars synja.

P. kv. 54. Vísa þú mér leið,  
alls vill mik eigi of vág ferja.

H. kv. 55. Lítit 's at synja,  
langt 's at fara,  
stunds es til stoks,  
til steins önnur,  
halt svá til vinstra vegs,  
unz Verland hittir;  
þar mun Fjörgyn  
hitta Þór son sinn.


(ok mun hon kenna hánnum áttunga brautir  
til Óðins landa).

P. kv. 56. Munk taka þangat í dag?

H. kv. 57. Taka við víl ok erfiði, at uppvesandi  
sólu ek get þána.

P. kv. 58. Skamt mun nú mál okkat,  
alls mér skoetingu einni svarar;  
launa munk þér farsynjun,  
ef finnumk í sinn annat.

H. kv. 59. Far þú nú þars þik hafi allan gramir.





## Hymiskviða.

---

1. Ár valtívar  
veiðar námu,  
ok sumblsamir  
áðr saðir yrði,  
hristu teina  
ok á hlaut sáu,  
fundu at Ægis  
örkost hvera.
2. Sat bergbúi  
barnteitr fyrir  
mjök glíkr megi  
miskorblinda;  
leit í augu  
Yggs barn í þrá,  
»þú skalt ásum  
opt sumbl gera«.
3. Önn fekk jötni  
orðbægnum halr,  
hugði at hefndum



hann næst við goð;  
bað Sifjar ver  
sér færa hver,  
»þanns öllum öl  
yðr of heitak«

4. Né þat máttu  
mærir tívar  
ok ginnregin  
of geta hvergi,  
unz af tryggðum  
Týr Hlórriða  
ástráð mikit  
einum sagði.
5. »Býr fyr austan  
Élivága  
hundvíss Hymir  
at himins enda;  
á minn afi  
móðugr ketil,  
rúmbrugðinn hver,  
rastar djúpan«.
6. „Veizt ef þiggjum  
þann lögvelli?“  
„Ef vinr vélar  
vit gørvum til“.
7. Fóru drjúgum  
dag þann framan  
Ásgarði frá,

unz til Egils kómu,  
hirði hafra  
horngöfgasta;  
hurfu at höllu,  
es Hymir átti.

8. Mögr fann ömmu  
mjök leiða sér,  
hafði höfða  
hundruð níu,  
en önnur gekk  
algollin framm  
brúnhvít bera  
bjórveig syni.

9. »Áttniðr jötna,  
ek viljak ykr  
hugfulla tvá  
und hvera setja;  
es minn faðir  
mörgu sinni  
gløggr við gesti,  
görr ills hugar«.

10. En vaskapaðr  
varð síðbúinn  
harðráðr Hymir  
heim af veiðum,  
gekk inn í sal,  
glumðu jöklar,

- vas karls, es kom,  
kinnskógr frørinn.
11. »Ves heill Hymir  
í hugum góðum,  
nú 's sonr kominn  
til sala þinna,  
(sás vit vættum  
af vegi löngum)  
fylgir hánum  
hróðrs andskoti,  
vinr verliða;  
Véurr heitir sá.
12. Sé þú hvar sitja  
und salar gaffli,  
svá forða sér,  
stendr súl fyrir«.   
Sundr stökk súla  
fyr sjón jötuns,  
en afr í tvau  
áss brotnaði.
13. Stukku átta,  
en einn af þeim  
hverr harðsleginn  
heill af þolli;  
framm gengu þeir,  
en forn jötunn  
sjónum leiddi  
sinn andskota.

14. Sagðit hánum  
hugr vel þás sá  
gýgjar grœti  
á golf kominn,  
þar váru þjórar  
þrír of teknir,  
bað senn jötunn  
sjóða ganga.
15. Hvern létu þeir  
höfði skemra  
ok á seyði  
síðan báru,  
át Sifjar verr,  
áðr sofa gengi,  
einn með öllu  
øxn tvá Hymis.
16. Þótti hárum  
Hrungnis spjalla  
verðr Hlórriða  
vel fullmikill,  
»munum at aptni  
öðrum verða  
við veiðimat  
vér þrír lifa«.
17. Véurr kvazk vilja  
á vág róa,  
ef ballr jötunn  
beitur gæfi.

- »Hverf þú til hjarðar,  
ef hug trúir,  
brjótr berg - Dana,  
beitur sækja.
18. Þess væntir mik,  
at þér myni  
ögn af oxa  
auðfeng vesa«.  
Sveinn sýsliga  
sveif til skógar,  
þars oxi stóð  
alsvartr fyrir.
19. Braut af þjóri  
þurs ráðbani  
hátún ofan  
horna tveggja.  
»Verk þykkja þín  
verri miklu  
kjóla valdi,  
an kyrr sitir«.
20. Bað hlunngota  
hafra dróttinn  
áttrunn apa  
útar fœra,  
en sá jötunn  
sína talði  
lítla fýsi  
lengra at róa.

21. Dró mærr Hymir  
móðugr hvala,  
einn á öngli  
upp senn eða tvá,  
en apr í skut  
Óðni sífjaðr  
Véurr við vélar  
vað gerði sér.
22. Egnði á öngul,  
sás öldum bergr,  
orms einbani  
oxa höfði;  
gein við öngli,  
sús goð fía,  
umbgjörð neðan  
allra landa.
23. Dró djarfliga  
dáðrakkr Þóarr  
orm eitrfáan  
upp at borði;  
hamri kníði  
háfjall skarar  
ofljótt ofan  
ulfs hnitbróður.
24. Hraungakln hlumðu  
en hölkn þutu,  
fór en forna  
fold öll saman;

søkðisk síðan  
sá fiskr í mar.

— — — —

25. — — — —

óteitr jötunn,  
es aptr røru,  
svát ár Hymir  
ekki mælti,  
veifði ræði  
veðrs annars til.

— — — —

26. »Mundu of vinna  
verk halft við mik,  
at heim hvala  
haf til bæjar  
eða flotbrúsa  
festir okkarn.

27. Gekk Hlórriði,  
greip á stafni,  
vatt með austri  
upp lögfáki,  
einn með árum  
ok með austskotu,  
bar til bæjar  
brimsvín jötuns.  
(ok holtriða  
hver í gegnum).

28. Ok enn jötunn

of afrendi,  
þrágirni vanr,  
við Þóar senti,  
kvaðat mann ramman,  
þótt róa kynni,  
kröpturligan,  
nema kálk bryti.

29. En Hlórriði,  
es at höndum kom,  
brátt lét bresta  
brattstein gleri,  
sló sitjandi  
súlur í gögnum;  
báru þó heilan  
fyr Hymi síðan.

30. Unz þat en fríða  
friðla kendi  
ástráð mikit,  
eitt es vissi,  
»drep við haus Hymis,  
hann 's harðari,  
kostmóðs jötuns,  
káلكi hverjum«.

31. Harðr reis á kné  
hafra dróttinn,  
færðisk allra  
í ásmegin;  
heill vas karli



hjalmsstofn ofan,  
en vínferill  
valr rifnaði.

32. »Mörg veitk mæti  
mér gengin frá,  
es kálki sék  
ór knéum hrundit,  
— karl orð of kvað —  
knákat segja  
aptr ævagi:  
þú est öldr of heitt.
33. Þat 's til kostar,  
ef koma mættið  
út ýr óru  
ölkjól hofi«.   
Týr leitaði  
tysvar hrcæra;  
stóð at hváru  
hverr kyrr fyrir.
34. Faðir Móða  
fekk á þremi  
ok í gögnum sté  
golf niðr í sal;  
hóf sér á höfuð upp  
hver Sifjar verr,  
en á hælum  
hringar skullu.
35. Fórut lengi,


áðr líta nam  
aptr Óðins sonr  
einu sinni;  
sá hann ór hreysum  
með Hymi austan  
folkdrótt fara  
fjölhöfðaða.

36. Hóf sér af herðum  
hver standanda,  
veifði Mjöllni  
morðgjörnum framm,  
ok hraunhvala  
hann alla drap.

37. Fórut lengi,  
áðr liggja nam  
hafr Hlórriða  
halfdauðr fyrir,  
vas skær skökuls  
skakkr á beini,  
en því enn lævísi  
Loki of olli.

38. En ér heyrð hafið,  
hverr kann of þat  
goðmálugra  
görr at skilja,  
hver af hraunbúa  
hann laun of fekk,

- es bæði galt  
börn sín fyrir.
39. Þróttöflugr kom  
á þing goða  
ok hafði hver,  
þanns Hymir átti;  
en véar hverjan  
vel skulu drekka  
öldr at Ægis  
† eitt hörmeitit.





## Lokasenna.

---

### Frá Ægi ok goðum.

• Ægir, er öðru nafni hét Gyimir, hann hafði búit ásum öl, þá er hann hafði fengit ketil enn mikla, sem nú er sagt. Til þeirar veizlu kom Óðinn ok Frigg kona hans. Þórr kom eigi, þvíat hann var í austrvegi. Sif var þar, kona Þórs, Bragi ok Þórunn kona hans. Týr var þar; hann var einhendr — Fenrisúlfr sleit hönd af honum, þá er hann var bundinn. Þar var Njörðr ok kona hans Skaði, Freyr ok Freyja, Víðarr son Óðins; Loki var þar, ok þjónustumenn Freys, Byggvir ok Beyla. Mart var þar ása ok álfa. Ægir átti tvá þjónustumenn — Fimafengr ok Eldir. Þar var lýsigull haft fyrir elds ljós. Sjálft barsk þar öl. Þar var griðastaðr mikill. Menn lofuðu mjök, hversu

góðir þjónustumenn Ægis váru. Loki mátti eigi heyra þat ok drap hann Fima-feng. Þá skóku æsir skjöldu sína ok æpðu at Loka ok eltu hann braut til skógar, en þeir fóru at drekka. Loki hvarf aptr ok hitti úti Eldi. Loki kvaddi hann.

1. Seg þat Eldir  
svát einugi  
feti gangir framarr,  
hvat hér inni  
hafa at ölmálum  
sigtíva synir.

E. kv. 2. Of vápn sín dœma  
ok of vígrisni  
sigtíva synir;  
ása ok alfa,  
es hér inni eru,  
manni 's þér í orði vinr.

3. Inn skal ganga  
Ægis hallir í  
á þat sumbl at séa,  
jöll ok áfu  
færik ása sonum  
ok blendk þeim svá meini  
mjöð.

E. kv. 4. Veizt, ef inn gengr  
Ægis hallir í

á þat sumbl at séa,  
hrópi ok rógi  
ef eyss á holl regin,  
á þér munu þerra þat.

5. Veizt þat Eldir,  
ef einir skulum  
sáryrðum sakask,  
auðigr verða  
munk í andsvörum,  
ef þú mælir til mart.

Síðan gekk Loki inn í höllina; en er þeir sá, er fyrir váru, hvern inn var kominn, þögnuðu þeir allir.

6. Þyrstr ek kom  
þessar hallar til  
Loptr of langan veg,  
ásu at biðja,  
at mér einn gefi  
mæran drykk mjaðar.

7. Hví þegið ér  
svá þrungin goð,  
at mæla né meguð;  
sessa ok staði  
velið mér sumbli at,  
eða heitið mik heðan.

Br. kv. 8. Sessa ok staði  
velja þér sumbli at

æsir aldrigi;  
 æsir vitu  
 hveim þeir alda skulu  
 gambansumbl of geta.

9. Mant þat Óðinn,  
 es vit í árdaga  
 blendum blóði saman?  
 ölvi bergja  
 lézk eigi mundu,  
 nema okr væri báðum borit.

Óð. kv. 10. Rís þá Víðarr  
 ok lát ulfs föður  
 sitja sumbli at,  
 síðr oss Loki  
 kveði lastastöfum  
 Ægis höllu í.

Þá stóð Víðarr upp ok skenkti Loka, en  
 áðr hann drykki, kvaddi hann ásuna:

11. Heilir æsir,  
 heilar ásynjur  
 ok öll ginnheilög goð,  
 nema sá einn áss  
 es innar sitr  
 Bragi bekkjum á.

Br. kv. 12. Mar ok mæki  
 gefk þér míns féar  
 ok bætir þér svá (baugi) Bragi,

síðr þú ásum  
öfund of gjaldir,  
gremjat goð at þér.

13. Jós ok mækis,  
munt æ vesa  
beggja vanr Bragi,  
ása ok alfa,  
es hér inni eru,  
þú est við víg varastr.  
(ok skjarrastr við skot).

Br. kv. 14. Veitk, ef fyr útan værak,  
sem fyr innan emk,  
Hlés höll of kominn,  
höfuð þitt  
bærak í hendi mér;  
lykak þér þat fyr lygi.

15. Snjallr est í sessi,  
skalattu svá gera,  
Bragi bekkskrautuðr;  
vega þú gakk,  
ef vreiðr séir;  
hyggsk vætr hvatr fyrir.

Ið. kv. 16. Biðk þik Bragi  
† barna sífjar duga  
ok allra óskmaga,  
at þú Loka  
kveðira lastastöfum  
Ægis höllu í.



17. Þegi þú lðunn,  
þik kveðk allra kvinna  
vergjarnasta vesa,  
síz arma þína  
lagðir ítrþvegna  
of þinn bróður-bana.
- lð. kv. 18. . . . Loka  
kveðka lastastöfum  
Ægis höllu í;  
Braga kyrrik  
bjóri reifan;  
vilkat at vreiðir vegizk.
- Gefj. kv. 19. Hví it æsir tveir  
skuluð inni hér  
sáryrðum sakask?  
Loptki þat veit,  
at leikinn es  
ok hann fjörg öll fía.
20. Þegi þú Gefjun,  
þess munk nú geta,  
es þik glapði at geði  
sveinn enn hvíti,  
es þér sigli gaf  
ok þú lagðir lær yfir.
- Óð. kv. 21. Ærr est Loki  
ok ørviti,  
es fær þér Gefjun at gremi;  
aldar ørlög

- hygg at öll of viti  
jafngörla sem ek.
22. Þegi þú Óðinn,  
þú kunnir aldrigi  
deila víg með verum,  
opt þú gaft þeim,  
es gefa skyldira,  
enum slævurum sigr.
- Óð. kv. 23. Veizt, ef gafk þeim,  
es gefa né skyldak,  
enum slævurum sigr,  
átta vetr  
vast þú fyr jörð neðan  
kýr mólkandi ok kona.  
(ok hefr þú þar börn borit  
ok hugðak þat args aðal).
24. En þik síða  
kóðu Sámseyju í,  
ok drapt á vétt sem vödur,  
vitka líki  
fórt verþjóð yfir,  
ok hugðak þat args aðal.
- Fr. kv. 25. Ørlögum ykrum  
skylið aldrigi  
segja seggjum frá,  
hvat it æsir tveir  
drygðuð í árdaga;  
firrisk æ forn rökfirar.

26. Þegi þú Frigg,  
þú 'st Fjörgyns mæR  
ok hefr æ vergjörn verit,  
es þá Véa ok Vilja  
lézt þér Viðris kvæn  
báða í baðm of tekit.

Fr. kv. 27. Veizt, ef inni ættak  
Ægis höllum í  
Baldri glíkan bur,  
út þú né kæmir  
frá ása sonum  
ok væri þá at þér vreiðum  
vegít.

28. Enn vill þú Frigg,  
at fleiri teljak  
mína meinstafi,  
ek því ræð,  
es ríða sérat  
síðan Baldr at sölum.

Fr. kv. 29. Ærr est Loki,  
es yðra telr  
ljóta leiðstafi,  
ørlög Frigg  
hygg at öll viti,  
þótt hon sjalfgi segi.

30. Þegi þú Freyja,  
þik kank fullgörva,  
esa þér vamma vant,

- ása ok alfa,  
 es hér inni eru,  
 hverr hefr þinn hór verit.
- Fr. kv. 31. Flá es þér tunga,  
 hygg at þér fremr myni  
 ó-gótt of gala,  
 reiðir ro þér æsir  
 ok ásynjur,  
 hryggr munt heim fara.
32. Pegi þú Freyja,  
 þú est fordæða  
 ok meini blandin mjök,  
 síz þik at bræðr þínum  
 stóðu blíð regin  
 ok myndir þá Freyja frata.
- Nj. kv. 33. Þat 's vólítit,  
 þótt sér varðir fái  
 vers hóss eða hvárs.  
 hitt 's undr es áss ragr  
 es hér inn of kominn  
 ok hefr sá börn of borit.
34. Pegi þú Njörðr,  
 þú vast austan  
 gísl of sendr at goðum,  
 Hymis meyjar  
 höfðu þik at handtrogi  
 ok þér í munn migu.
- Nj. kv. 35. Sú erumk líkn,

es vask langt heðan  
 gísl of sendr at goðum,  
 þá mög gatk,  
 þanns manngi fíar,  
 ok þykkir sá ása jaðarr.

36. Hætt nú Njörðr,  
 haf á hófi þik,  
 munka því leyna lengr,  
 við systur þinni  
 gazt slíkan mög  
 ok esa þó vánu verr.

Týr kv. 37. Freyr es baztr  
 allra ballriða  
 ása görðum í,  
 mey né grætir  
 né manns konu  
 ok leysir ór höptum hvern.

38. Pegi þú Týr;  
 þú kunnir aldri  
 bera tilt með tveim,  
 hönd ena hægri,  
 munka hinnar geta,  
 þér sleit Fenrir frá.

Týr kv. 39. Handar emk vanr,  
 en þú hróðrsvitnis,  
 böl es beggja þrá;  
 ulfgi hefr ok betr

- es í böndum skal  
bíða ragnarøkrs.
40. Þegi þú Týr,  
þat varð þinni konu,  
at hón átti mög við mér,  
öln né penning  
hafðir aldri  
þess vanréttis, vesall.
- Fr. kv. 41. Ulf sék liggja  
árósi fyrir  
unz of rjúfask regin,  
því munt næst  
nema þú nú þegir  
bundinn, bölvasmiðr.
42. Golli keypta  
lézt Gymis dóttur  
ok seldir þitt svá sverð,  
en es Múspells synir  
ríða Myrkvið yfir,  
veizta þá, vesall, hvé vegr.
- B. kv. 43. Veizt, ef øðli ættak  
sem Ingunar - Freyr  
ok svá sælligt setr,  
mergi smæra  
møldak meinkráku  
ok lemða alla í liðu.
44. Hvat 's þat lítla  
es löggra sék

ok snapvíst snapir,  
at eyrum Freys  
munt æ vesa  
ok und kvernum klaka.

B. kv. 45. Byggvir heitik,  
en mik bráðan kveða  
goð öll ok gumar,  
því emk hér hróðugr,  
at drekka Hropts megir  
allir öl saman.

46. Pegi þú Byggvir,  
þú kunnir aldri  
deila með mönnum mat,  
ok þik í flets strái  
finna né máttu,  
þás vágu verar.

H. kv. 47. Ölr est Loki,  
svát est ørviti,  
hví né lezkat Loki,  
ofdrykkja  
veldr alda hveim,  
es sína mælgj né manat.

48. Pegi þú Heimdallr,  
þér vas í árdaga  
et ljóta líf of lagit;  
örgu baki  
þú munt æ vesa  
ok vaka vörðr goða.

- H. kv. 49. Létt 's þér Loki,  
 munattu lengi svá  
 leika lausum hala,  
 þvíat þik á hjörvi  
 skulu ens hrímkalda magar  
 görnum binda goð.
50. Veizt, ef mik á hjörvi  
 skulu ens hrímkalda magar  
 görnum binda goð,  
 fyrstr ok øfstr  
 vask at fjörlagi,  
 þars vér á Þjaza þrifum.
- Sk. kv. 51. Veizt, ef fyrstr ok øfstr  
 vast þú at fjörlagi,  
 þás ér á Þjaza þrifuð,  
 frá mínum véum  
 ok vöngum skulu  
 þér æ köld ráð koma.
52. Léttari í málum  
 vast við Laufeyjar son,  
 þás lézt mér á beð þinn  
 boðit,  
 getit verðr oss slíks,  
 ef görva skulum,  
 telja vömm enn ór.

Þá gekk Sif framm ok byrлаði Loka í  
 hrímkálki mjöð ok mælti:



53. Heill vestu Loki,  
ok tak við hrímkálki  
fullum forns mjaðar,  
heldr hana eina  
látir með ása sonum  
vammalausá vesa.

Hann tók við horni ok drakk af.

54. Ein þú værir,  
ef svá værir,  
vör ok gröm at veri,  
einn ek veit,  
svát vita þykkjumk,  
hór ok af Hlórriða  
(ok var þat sá enn lævisi  
Loki).

Beyla kv. 55. Fjöll öll skjalfa  
hygg á för vesa  
heim Hlórriða,  
hann ræðr ró,  
þeims rægir hér  
goð öll ok guma.

56. Þegi þú Beyla,  
þú 'st Byggvis kvæn  
ok meini blandin mjök,  
ó-kynjan meira  
koma með ása sonum,  
öll est deigja dritin.

Þá kom Þórr at ok kvað:

57. Þegi þú rög vættr,  
þér skal minn þrúðhamarr  
Mjöllnir mál fyrnema,  
herðaklett  
drepk þér halsi af,  
verðr þá þínu fjörvi of farit.

58. Jarðar burr  
es hér nú inn kominn,  
hví þrasir þú svá Þórr?  
en þá þorir þú ekki,  
es þú skalt við ulf vega  
ok svelgr hann allan Sigföðr.

P. kv. 59. Þegi þú rög vættr,  
þér skal minn þrúðhamarr  
Mjöllnir mál fyrnema,  
upp þér verpk  
ok á austrvegā,  
síðan þik manngi sér.

60. Austrförum þínum  
skalt aldri  
segja seggjum frá,  
síz í hanzka (þumlungi)  
hnúkðir einheri,  
ok þóttiska þá Þórr vesa.

P. kv. 61. Þegi þú rög vættr,  
þér skal minn þrúðhamarr

Mjöllnir mál fyrnema,  
 hendi enni hægri  
 drepk þik Hrungnis bana,  
 svát þér brotnar beina hvat.

62. Lifa ætlak  
 mér langan aldr,  
 þótt hœtir hamri mér,  
 skarpar álar  
 þóttu þér Skrýmis vesa,  
 ok máttira nesti náa,  
 (ok svalzt þú þá hungri heill).

P. kv. 63. Pegi þú rög vættr,  
 þér skal minn þrúðhamarr  
 Mjöllnir mál fyrnema,  
 Hrungnis bani  
 mun þér í hel koma  
 fyr nágrindr neðan.


64. Kvaðk fyr ásum,  
 kvaðk fyr ása sonum,  
 þaz mik hvatti hugr,  
 en fyr þér einum  
 munk út ganga,  
 þvíat ek veit at þú veigr.

65. Öl gerðir Ægir,  
 en þú aldri munt  
 síðan sumbl of gera,  
 eiga þín öll,  
 es hér inni es,

(leiki yfir logi)  
brenni þér á baki.

#### Frá Loka

En eptir þetta falsk Loki í Fránangrsforsí í lax líki. Þar tóku æsir hann. Hann var bundinn með þörmum sonar síns Vála, en Narfi sonr hans varð at vargi. Skaði tók eitrom ok festi upp yfir annlit Loka; draup þar ór eitr. Sigyn kona Loka sat þar ok helt munnlaug undir eitrit. En er munnlaugin var full, bar hon út eitrit, en meðan draup eitrit á Loka. Þá kipðisk hann svá hart við, at þaðan af skalf jörð öll. Þat eru nú kallaðir landskjálptar.





## Prymskviða.

---

1. Vreiðr vas þá Vingþórr,  
es vaknaði  
ok síns hamars  
of saknaði,  
skegg nam at hrista,  
skör nam at dýja,  
réð Jarðar burr  
umb at þreifask.
2. Ok hann þat orða  
alls fyrst of kvað:  
heyr nú Loki,  
hvat nú mælik,  
es engi veit  
jarðar hvergi  
né upphimins:  
áss es stolinn hamri.
3. Gingu fagra  
Freyju túna,

ok hann þat orða  
 alls fyrst of kvað :  
 munt mér Freyja  
 fjaðrhams léa,  
 ef minn hamar  
 mættak hitta.

Fr. kv. 4. Þó mundak gefa þér,  
 þótt ór golli væri,  
 ok þó selja,  
 at ór silfri væri.

5. Fló þá Loki,  
 fjaðrhamr dunði,  
 unz fyr útan kom  
 ása garða,  
 (ok fyr innan kom  
 jötna heima);  
 Þrymr sat á haugi,  
 þursa dróttinn,  
 greyjum sínum  
 gollbönd snøri,  
 (ok mörum sínum  
 mön jafnaði).

Þr. kv. 6. Hvat 's með ásum?  
 hvat 's með alfum?  
 Hví 'st einn kominn  
 í Jötunheima?

Lo. kv. Ilt 's með ásum,  
 ilt 's með alfum;

hefr þú Hlórriða  
hamar of folginn?

Þr. kv. 7. Ek hef Hlórriða  
hamar of folginn  
átta röstum  
fyr jörð neðan,  
hann engi maðr  
aptr of heimtí, r  
nema færi mér  
Freyju at kvæn.

8. Fló þá Loki,  
fjaðrhamr dundi,  
unz fyr útan kom  
jötna heima  
(ok fyr innan kom  
ása garða);  
mætti hann Þór  
miðra garða,  
ok hann þat orða  
alls fyrst. of kvað:

9. Hefr þú erendi  
sem erfiði?  
seg þú á lopti  
löng tíðendi;  
opt sitjanda  
sögur of fallask  
ok liggjandi  
lygi of bellir.

- Lo. kv. 10. Hefk erfiði  
 ok erendi;  
 Þrymr hefr þinn hamar  
 þursa dróttinn;  
 hann engi maðr  
 aptr of heimtí, r,  
 nema hánú fœri  
 Freyju at kvæn.
11. Ganga fagra  
 Freyju at hitta,  
 ok hann þat orða  
 alls fyrst of kvað:  
 bitt þik Freyja  
 brúðar líni,  
 vit skulum aka tvau  
 í Jötunheima.
12. Vreið varð þá Freyja  
 ok fnasaði,  
 allr ása salr  
 undir bifðisk,  
 (stökk þat et mikla  
 men Brisinga):  
 mik veizt verða  
 vergjarnasta,  
 ef ek ek með þér  
 í Jötunheima.
13. Senn váru æsir  
 allir á þingi



ok ásynjur  
allar á máli  
ok of þat réðu  
ríkir tívar,  
hvé Hlórriða  
hamar of sætti.

14. Þá kvað þat Heimdallr,  
hvítastr ása,  
vissi vel framim  
sem vanir aðrir:  
bindum Þór þá  
brúðar líni,  
hafi hann et mikla  
men Brisinga.
15. Látum und hánum  
hrynja lukla  
ok kvenváðir  
of kné falla,  
en á brjósti  
breiða steina  
ok hagliga  
of höfuð typpum.
16. Þá kvað þat Þérr,  
þrúðugr áss:  
mik munu æsir  
argan kalla,  
ef bindask lætk  
brúðar líni.

17. Þá kvað þat Loki  
Laufeyjar sonr:  
þegi þú Þórr  
þeira orða;  
þegar munu jötnar  
Ásgarð búa,  
nema þinn hamar  
þér of heimtír.
18. Bundu Þór þá  
brúðar líni  
ok enu mikla  
meni Brísinga.
19. Létu und hánnum  
hrynja lukla  
ok kvenváðir  
of kné falla,  
en á brjósti  
breiða steina,  
ok hagl ga  
of höfuð typðu.
20. Þá kvað þat Loki  
Laufeyjar sonr:  
mun ek ok með þér  
ambótt vesa,  
vit skulum aka tvær  
í Jötunheima.
21. Senn váru hafrar  
heim of reknir,


skyndir at sköklum,  
 skyldu vel rinna;  
 björg brotnuðu,  
 brann jörð loga,  
 ók Óðins sonr  
 í Jötunheima.

22. Þá kvað þat Prymr,  
 þursa dróttinn:  
 standið upp jötnar  
 ok stráið bekki,  
 nú fœra mér  
 Freyju at kvæn  
 Njarðar dóttur  
 ór Nóatúnum.
23. Ganga at garði  
 gollhrynðar kýr,  
 øxn alsvartir  
 jötni at gamni,  
 fjölð ák meiðma,  
 fjölð ák menja,  
 einnar mér Freyju  
 ávant þykkir.
24. Vas þar at kveldi  
 of komit snimma  
 ok fyr jötna  
 öl framm borit;  
 — — — —

25. Einn át oxa,  
átta laxa,  
krásir allar  
þærs konur skyldu,  
drakk Sifjar verr  
sáld þrjú mjaðar.
26. Þá kvað þat Þrymr,  
þursa dróttinn:  
hvar sáttu brúðir  
bíta hvassara?  
Sáka brúðir  
bíta breiðara,  
né in meira mjöð  
mey of drekka.
27. Sat en alsnotra  
ambótt fyrir,  
es orð of fann  
við jötuns máli:  
át vætr Freyja  
átta nóttum,  
svá vas hón óðfús  
í Jötunheima.
28. Laut und línu,  
lysti at kyssa,  
en hann útan stökk  
endlangan sal:  
hví eru öndótt  
augu Freyju?

- þykki mér ór augum  
eldr of brinna.
29. Sat en alsnotra  
ambótt fyrir,  
es orð of fann  
við jötuns máli:  
svaf vætr Freyja  
átta nóttum,  
svá vas hón óðfús  
í Jötunheima.
30. Inn kom en arma  
jötna systir,  
hin 's brúðféar  
biðja þorði:  
lát þér af höndum  
hringa rauða,  
ef öðlask vill  
ástir mínar.  
(ástir mínar,  
alla hylli).
31. Þá kvað þat Þrymr,  
 ósönnu bregðr;  
 þú hefr etnar  
 ulfa krásir  
 ok bræðr þínum  
 at bana orðit.

— — — —

38. Opt sár sogin  
 með svölum munni,  
 hefr í hreysi  
 hvarleiðr skriðit.

Sfj. kv. 39. Þú vast völvu  
 í Varinseyju,  
 skollvís kona,  
 bart skrök saman,  
 kvazk engi mann  
 eiga vilja,



segg brynjaðan,  
nema Sinfjötla.

40. Þú vast, et skœða  
skass, valkyrja  
ötul, ámátlig  
at Alföður;  
mundu einherjar  
allir berjask,  
sveipvís kona,  
of sakar þínar.

41. Níu áttum vit  
á nesi Ságu  
ulfa alna,  
vask einn faðir.

G. kv. 42 Faðir vasattu  
fenrisulfa  
öllum ellri,  
svát ek muna,  
síz þik geldu  
fyr Gnipalundi  
þursa meyjjar  
á Þórsnesi.

43. Stjúpr vast Siggeirs,  
látt und stoðum heima,  
varghljóðum vanr  
á viðum úti;  
kómu þér ógögn  
öll at hendi,

þás bræðr þínum  
brjóst raufaðir.  
(gerðir þik frægjan  
af firinverkum).

Sfj. kv. 44. Þú vast brúðr Grana  
á Brávelli,  
gollbitluð vast  
gör til rásar,  
hafðak þér móðri  
mart skeið riðit  
svangri und söðli,  
simul, forbergis.

45. Sveinn þóttir þú  
siðlauss vesa,  
þás þú Gullnis  
geitr molkaðir,  
en í annat sinn  
Imðar dóttir  
tötrughypja;  
vill þú tölu lengri.

G. kv. 46. Fyrr vilda ek  
at Frekasteini  
hrafna seðja  
á hræum þínum,  
an tíkr yðrar  
teygja at solli  
eða gefa göltum;  
deili gröm við þik.

- H. kv. 47. Væri ykr Sinfjötli  
sœmra miklu  
gunni at heyja  
ok glaða örnun,  
an sé ónýtum  
orðum at bregðask,  
þótt hringbrotar  
heiptir deili.
48. Þykkjat mér góðir  
Granmars synir,  
þó dugir siklingum.  
satt at mæla;  
þeir hafa markat  
á Móinsheimum,  
at hug hafa  
hjörum at bregða.
49. Þeir af ríki  
rinna létu  
Svipuð ok Svegjuð,  
Sólheima til  
dala döggóttu  
dökkvar hlíðir,  
skalf Mistar mœrr  
hvars megir fóru.
50. Mœttu tyggja  
í túnhliði,  
(sögðu stríðliga  
stilli kómu);

úti stóð Höðbroddr  
 hjalmi faldinn,  
 hugði jóreið  
 ættar sinnar;  
 »hví 's hermðar litr  
 á Hniflungum?«

G. kv. 51. Snúask hér at sandi

snævgir kjólar,  
 rakka hirtir  
 ok ráar langar,  
 skildir margir,  
 skafnar árar,  
 göfugt lið gylfa,  
 glaðir Ylfingar.

52. Ganga fimtán  
 folk upp á land,  
 þó 's í Sogn út  
 sjau þúsundir,  
 liggja í grindum  
 fyr Gnipalundi  
 brimdýr blásvört  
 ok búin golli.

53. Þar 's miklu mest  
 mengi þeira;  
 muna nú Helgi  
 hjörþing dvala.

Hbr. kv 54. Rinni rökn bitluð  
 til Reginþinga,

- en Sporvitnir  
at Sparinsheiði,  
[Mélnir ok Mýlnir  
til Myrkviðar]  
látið engi mann  
eptir sitja  
þeira's benlogum  
bregða kunni.
55. Bjóðið Högna  
ok Hrings sonum,  
Atla ok Yngva,  
Alf enum gamla,  
þeir ro gjarnir  
gunni at heyja,  
látum Völsunga  
viðrnám fáa.
56. Svipr einn vas þat,  
es saman kómu  
fölvir oddar  
at Frekasteini;  
ey vas Helgi,  
Hundings bani,  
fyrstr í folki,  
þars firar börðusk.
57. Æstr á ímu,  
alltrauðr flugar,  
sá hafði hilmir  
hart móðakarn.

58. Kómu ór himni  
hjalmitr ofan,  
óx geira gnýr,  
þærs grami hlífðu;  
þá kvað þat Sigrún,  
sármitr flugu,  
át hálu skær  
af hugins barri:
59. Heill skalt vísi  
virða njóta,  
áttstafur Yngva,  
ok una lífi,  
es felt of hefr  
enn flugartrauða  
jöfur þanns olli  
ægis dauða.
60. Ok þér buðlungur  
samir bæði vel  
rauðir baugar  
ok en ríkja mæri;  
heill skalt buðlungur  
bæði njóta  
Högna dóttur  
ok Hringstaða.  
(sigurs ok landa.  
þá 's sókn lokit).



## Helga kviða Hjörvarðssonar

með Hrímgæðarmálum.

---

### Frá Hjörvarði ok Sigrlinn.

Hjörvarðr hét konungr. Hann átti fjórar konur. Ein hét Álfhildr; son þeira hét Heðinn. Önnur hét Særeiðr; þeira son hét Humlungr. En þriðja hét Sinrjóð; þeira son hét Hymlingr. Hjörvarðr konungr hafði þess heit strengt, at eiga þá konu, er hann vissi vænsta. Hann spurði, at Sváfnir konungr átti dóttur allra fegrsta; sú hét Sigrlinn. Iðmundr hét jarl hans; Atli var hans son, er fór at biðja Sigrlinnar til handa konungi. Hann dvalðiz vetr langt með Sváfni konungi. Fránmarr hét þar jarl, fóstri Sigrlinnar; dóttir hans hét Álof. Jarlinn réð, at meyjar var synjat, ok fór Atli heim. Atli jarls son stóð einn dag við lund nökkurn, en fugl sat í limunum uppi yfir hánum ok hafði heyrt til, at hans menn kölluðu vænstar

konur þær, er Hjörvarðr konungr átti. Fugl-  
inn kvakaði, en Atli hlýddi, hvat hann sagði.  
Hann kvað :

1. Sátt þú Sigrlinn  
Sváfnis dóttur,  
mey ena fegrstu  
í munar heimi?  
þó hagligar  
Hjörvarðs konur  
gumnum þykkja  
at Glasislundi.

Atli kv. 2. Mundu við Atla  
lðmundar son,  
fogl fróðhugaðr,  
fleira mæla?

Fugl kv. Munk ef mik buðlungr  
blóta vildi  
ok kýsk þats vilk  
ór konungs garði.

A. kv. 3. Kjósattu Hjörvarð  
né hans sonu,  
né enar fögru  
fylkis brúðir,  
eigi brúðir þær,  
es buðlungr á;  
kaupum vel saman,  
þat 's vina kynni.



F. kv. 4. Hof munk kjósa,  
 höruga marga,  
 gollhyrnðar kýr  
 frá grams búi,  
 ef honum Sigrlinn  
 sefr á armi  
 ok ónauðig  
 jöfri fylgir.

Þetta var áðr Atli færi, en er hann kom heim ok konungr spurði hann tíðenda, hann kvað:

5. Höfum erfiði  
 ok ekki ørendi,  
 mara þraut óra  
 á meginfjalli,  
 urðum síðan  
 Sæmorn vaða,  
 þá vas oss synjat  
 Sváfnis dóttur.  
 (hringum gæddrar,  
 es hafa vildum.)

Konungr bað, at þeir skyldu fara annat sinn; fór hann sjálf. En er þeir kómu upp á fjall, ok sá á Sváfaland lanzbruna ok jóreyki stóra. Reið konungr af fjallinu fram í landit ok tók náttból við á eina. Atli helt vörð ok fór yfir ána. Hann fann eitt hús. Fugl mikill sat á húsinu

ok gætti, ok var sofnaðr. Atli skaut spjóti fuglinn til bana, en í húsinu fann hann Sigrlinn konungs dóttur ok Álofu jarls dóttur ok hafði þær báðar braut með sér. Fránmarr jarl hafði hamazk í arnar líki ok varit þær fyrir hernum með fjölkyngi. Hróðmarr hét konungr, biðill Sigrlinnar. Hann drap Sváfakonung ok hafði rænt ok brent landit. Hjörvarðr konungr fekk Sigrlinnar en Atli Álofar. Hjörvarðr ok Sigrlinn áttu son mikinn ok vænan. Hann var þögull; ekki nafn festisk við hann. Hann sat á haugi; hann sá ríða valkyrjur níu ok var ein göfugligust. Hon kvað:

6. Síð munt Helgi  
 hringum ráða,  
 ríkr rógapaldr,  
 né Röðulsvöllum,  
 örn gól árla,  
 ef æ þegir,  
 þótt harðan hug  
 hilmir gjaldir.

H. kv. 7. Hvat lætr fylgja  
 Helga nafni,  
 brúðr bjartlituð,  
 alls bjóða ræðr,  
 hygg fyr öllum  
 atkvæðum vel,

þigg ek eigi þat,  
nema þik hafak.

Valk. kv. 8. Sverð veitk liggja  
í Sigarsholmi  
fjórum færi  
an fimm tǫgu,  
eitt es þeira  
öllum betra  
vígnesta böl  
ok varit gollu.

9. Hringr 's í hjalti,  
hugr 's í miðju,  
ógn 's í oddi  
þeims eiga getr,  
liggr með eggju  
ormr dreyrfáiðr,  
en á valböstu  
verpr naðr hala.

Eylimi hét konungr. Dóttir hans var Sváfa. Hon var valkyrja ok reið lopt ok lög. Hon gaf Helga nafn þetta ok hlífði hánunum opt síðan í orrostum. Helgi kvað:

10. Estat Hjörvarðr  
heilráðr konungr,  
folks oddviti,  
þótt frægr séir;  
lézt eld eta  
jöfra byggðir,

en þeir angr við þik  
ekki gerðu.

11. En Hróðmarr skal  
hringum ráða,  
þeim es áttu  
órir niðjar,  
sá sésk fylkir  
fæst at lífi,  
hyggsk aldauða  
arfi at ráða.

Hjörvarðr svaraði, at hann mundi fá lið Helga, ef hann vill hefna móðurföður síns. Þá sótti Helgi sverðit, er Sváfa vísaði hán-um til. Þá fór hann ok Atli ok feldu Hróðmar ok unnu mörg þrekvirki. Hann drap Hata jötun, er hann sat á bergi nökkuru. Helgi ok Atli lágu skipum í Hatafirði. Atli helt vörð enn fyrra hlut nætrinnar. Hríngerðr Hatadóttir kvað:

[Hríngerðarmál]

1. Hverir ro hölðar  
í Hatafirði,  
skjöldum 's tjaldat á skipum?  
fræknliga látið,  
fátt hygg yðr séask,  
kennið mér nafn konungs.

A. kv. 2. Helgi heitir,

en þú hvergi mátt  
vinna grand grami;  
jarnborgir ro  
of öðlings flota;  
knegut oss fálur fara.

3. Hvé þik heitir,  
halr enn ámatki,  
hvé þik kalla konir?  
fylkir þér trúir,  
es þik í fögrum lætr  
beits stafni búa.

- A. kv. 4. Atli heitik,  
atall skalk þér vesa,  
mjök emk gífrum gramastr;  
úrgan stafn  
hefk opt búit  
ok kvalðar kveldriður.

5. Hvé þú heitir,  
hála nágráðug?  
nefn þinn fála föður;  
níu röstum  
skyldir neðar vesa  
ok æxi þér á baðmi barr.

- Hr. kv. 6. Hríngerðr heitik,  
Hati hét minn faðir,  
þann vissak ámatkastan jötun,  
margar brúðir

hann lét frá búi teknar,  
unz hann Helgi hjó.

A. kv. 7. Þú vast hála  
fyr hildings skipum  
ok látt í fjarðar mynni fyrir;  
ræsis rekka  
vildir Rán gefa,  
ef þér kæmit í þverst þvari.

Hr. kv. 8. Duliðr est nú Atli,  
draums kveðk þér vesa,  
síga lætr brýnn fyr bráar;  
móðir mín  
lá fyr mildings skipum;  
ek drekða Hlöðvarðs sonum í hafi.

— — — — —

A. kv. 9. Gneggja myndir Atli,  
ef geldr né værir,  
brettir sinn Hríngerðr hala,  
aptarla hjarta  
hygg at þitt Atli sé,  
þótt hafir reina rödd.

A. kv. 10. Reini munk þér þykkja,  
ef reyna knátt,  
ok stígak land af legi,  
öll munt lemjask,  
ef mér es alhugat,  
ok sveigja þinn Hríngerðr hala.

Hr. kv. 11. Atli gakk á land,

ef afli treystisk,  
ok hittumk í vík Varins,  
rifja rétti  
þú munt rekkur fáa,  
ef mér í krummur kemr,

A. kv. 12. Munkak ganga  
áðr gumnar vakna,  
ok halda of vísa vörð;  
esa mér ørvænt,  
nær óru kemr  
skass upp und skipi.

Hr. kv. 13. Vaki þú Helgi  
ok bæt við Hrímgærði,  
es lézt höggvinn Hata,  
eina nótt  
kná hon hjá jöfri sofa,  
þá hefr hon bölva bœtr.

H. kv. 14. Loðinn heitir,  
leið est mannkyni,  
sá býr í Polleyju þurs,  
hundvíss jötunn,  
hraunbúa verstr,  
sá 's þér makligr maðr.

Hr. kv. 15. Hina vildu heldr,  
es réð hafnir skoða  
fyrri nótt með firum;  
(marggollin mæ

mér þótti afli bera,  
 hér sté hon land af legi  
 ok festi svá yðvarn flota),  
 hon ein því veldr,  
 és eigi mák  
 buðlungs mönnum bana.

H. kv. 16. Heyr nú Hrímgæðr,  
 ef bætik harma þér,  
 seg þú görr gramí,  
 vas sú ein vættr,  
 es barg öðlings skipum,  
 eða fóru fleiri saman?

Hr. kv. 17. Þrennar níundir meýja,  
 þó reið ein fyrir  
 hvít und hjalmi mæR,  
 (marir hristusk,  
 stóð af mönum þeira  
 dögg í djúpa dali,  
 hagl í háva viðú,  
 þaðan kemr með öldum ár)  
 alt vas mér þat leitt es leitk.

H. kv. 18. Austr lít Hrímgæðr,  
 ef þik lostna hefr  
 Helgi helstöfum,  
 á landi ok á vatni  
 borgit 's lofðungs flota  
 ok siklings mönnum et sama.

A. kv. 19. Dagr es nú Hrímgæðr,



en þik dvalða hefr  
 Atli til aldrлага,  
 hafnarmark  
 þykkir hlœgligt vesa,  
 þars í steins líki stendr.

Helgi konungr var allmikill hermaðr. Hann kom til Eylima konungs ok bað Sváfu dóttur hans. Þau Helgi ok Sváfa veittusk várar ok unnusk furðu mikit. Sváfa var heima með feðr sínum, en Helgi í hernaði. Var Sváfa valkyrja enn sem fyrr. Heðinn var heima með föður sínum, Hjörvarði konungi, í Nóregi. Heðinn fór einn saman heim ór skógi jólaaptan ok fann trollkonu. Sú reið vargi ok hafði orma at taumum ok bauð fylgð sína Heðni. Nei, sagði hann. Hon sagði: »þess skaltu gjalda at bragarfulli«. Um kveldit óru heitstrengingar. Var fram leiddr sonargöltr. Lögðu menn þar á hendr sínar ok strengðu menn þá heit at bragarfulli. Heðinn strengði heit til Sváfu Eylima dóttur, unnustu Helga bróður síns, ok iðraðisk svá mjök, at hann gekk á braut villistígu suðr á lönd ok fann Helga bróður sinn. Helgi kvað:

12. Kom heill Heðinn,  
 hvat kant segja  
 nýra spjalla

ór Nóregi,  
 hví 's þér stillir  
 stókt ór landi  
 ok est einn kominn  
 oss at finna?

Heð. kv. 13. [Erumka stillir  
 stókt ór landi],  
 mik hefr miklu glœpr  
 meiri sóttan,  
 ek hef kørna  
 ena konungbornu  
 brúði þína  
 at bragarfulli.

H. kv. 14. Sakask eigi þú,  
 sönn munu verða  
 ölmál Heðinn  
 okkur beggja.

— — —

15. Mér hefr stillir  
 stefnt til eyrar,  
 þriggja náttu  
 skylak þar koma;  
 if es mér á því,  
 at aþtr komak;  
 þá má at góðu  
 gerask slíkt ef skal.

Heð. kv. 16. Sagðir Helgi,  
 at Heðinn væri

góðs verðr frá þér  
ok gjafa stórra;  
þér es sœmra  
sverð at rjóða,  
an frið gefa  
fjándum þínum.

Þat kvað Helgi, þvíat hann grunaði um feigð sína ok þat at fylgjur hans höfðu vitjat Heðins, þá er hann sá konuna ríða varginum. Álfr hét konungr, son Hróðmars, er Helga hafði völl haslaðan á Sigarsvelli á þriggja náttu fresti. Þá kvað Helgi:

17. Reið á vargi,  
es røkvið vas,  
fljóð eitt es Heðin  
fylgju beiddi;  
hón vissi þat,  
at veginn myndi  
Sigrlinnar sonr  
á Sigarsvöllum.

Þar var orrosta mikil ok fekk þar Helgi banasár.

18. Sendi Helgi  
Sigar at ríða  
ept Eylima  
eingadóttur;

»bið bráðliga  
 búna verða,  
 ef hon finna vill  
 fylki kvikvan.«

Sig. kv. 19. Mik hefr Helgi  
 hingat sendan  
 við þik Sváfa  
 sjalfa at mæla;  
 þik kvazk hilmir  
 hitta vilja,  
 áðr ítrborinn  
 öndu týndi.

Sv. kv. 20. Hvat varð Helga  
 Hjörvarðs syni?;  
 mér 's harðliga  
 harma leitast,  
 ef hann sær of lék  
 eða sverð of beit,  
 þeim skalk gumna  
 grand of vinna.

Sig. kv. 21. Fell hér í morgin  
 at Frekasteini,  
 buðlungr sás vas  
 baztr und sólu;  
 Alfr mun sigri  
 öllum ráða,  
 þótt þetta sinn  
 þörfgi væri.

H. kv. 22. Heil ves þú Sváfa,  
hug skalt deila,  
sjá mun í heimi  
hinztr fundr vesa;  
téa buðlungi  
blœða undir,  
mér hefr hjörr komit  
hjarta et næsta.

23. Biðk þik Sváfa,  
brúðr grátattu,  
ef vill mínu  
máli hlýða,  
at þú Heðni  
hvílu gervir  
ok jöfur ungan  
ástum leiðir.

Sv. kv. 24. Mælt hafðak þat  
í munarheimi,  
þás mér Helgi  
hringa valði,  
myndigak lostig  
at liðinn fylki  
jöfur ókunnan  
armi verja.

Heð.kv.25. Kyss mik Sváfa,  
kemk eigi áðr  
Rogheims á vit  
né Röðulsfjalla,

áðr hefnt of hefk  
Hjörvarðssonar  
þess 's buðlungr vas  
baztr und sólu.

Helgi ok Sváfa er sagt at væri endrborin.





## Völsungakviða en forna.

---

### Frá Völsungum.

Sigmundur konungr Völsungsson átti Borghildi af Brálundi. Þau hétu son sinn Helga ok eptir Helga Hjörvarðssyni. Helga fósttraði Hagall. Hundingr hét ríkr konungr; við hann er Hundland kent. Hann var hermaðr mikill ok átti marga sonu, þá er í hernaði váru. Ófriðr ok dylgjur váru á milli þeira Hundings konungs ok Sigmundar konungs; drápu hvárir annarra frændr. Sigmundur konungr ok hans ættmenn hétu Völsungar ok Ylfingar. Helgi fór ok njósnaði til hirðar Hundings konungs á laun. Hemingr son Hundings konungs var heima. En er Helgi fór í brott, þá hitti hann hjarðarsvein ok kvað:

1. Seg þú Heimingi,  
at Helgi man,  
hvern í brynju  
bragnar feldu;  
ér ulf gráan  
inni höfðuð  
þars Hamal hugði  
Hundingr konungr.

Hamall hét son Hagals. Hundingr konungr sendi menn til Hagals at leita Helga, en Helgi mátti eigi forðask annan veg, en tók klæði ambáttar ok gekk at mala. Þeir leituðu ok fundu eigi Helga. Þá kvað Blindr enn bölvísi:

2. Hvöss eru augu  
í Hagals þýju;  
esa þat karls ætt  
es á kvernum stendr,  
steinar rifna,  
støkkur lúðr fyrir.
3. Nú hefr hörð dæmi  
hildingr þegit,  
es vísi skal  
valbygg mala;  
heldr es sœmri  
hendi þeiri  
meðalkafli  
an möndultré.



Hagall svaraði ok kvað :

4. Þat 's lítil vá,  
þótt lúðr þrumi,  
es mær konungs  
möndul hrocirir.
5. Hón skævaði  
skýjum øfri  
ok vega þorði  
sem víkingar,  
áðr hana Helgi  
höptu gerði.
6. Systir 's þeira  
Sigars ok Höгна,  
því hefr ötul augu  
Ylfinga man.

Undan komsk Helgi okfór á herskip. Hann feldi Hunding konung, ok var síðan kall-  
aðr Helgi hundingsbani. Hann lá með her  
sinn í Brunavágum ok hafði þar strand-  
högg, ok átu þar hrátt. Högni hét kon-  
ungr; hansdóttir var Sigrún; hon var valkyrja  
ok reið lopt ok lög. Hon var Sváfa endrborin.  
Sigrún reið at skipum Helga ok kvað:

7. Hverir láta fljóta  
fley við bakka,  
hvar hermegir  
heima eiguð,

hvers bíðið ér  
í Brunavágum,  
hvert lystir yðr  
leið at kanna?

H. kv. 8. Hamall lætr fljóta  
fley við bakka,  
eigum heima  
í Hléseyju,  
bíðum byrjar  
í Brunavágum,  
austr lystir oss  
leið at kanna.

S. kv. 9. Hvar hefr þú hilmir  
hildi vakða  
eða gögl alin  
Gunnar systra?  
hví 's brynja þín  
blóði stokkin?  
hví skal und hjalmum  
kjöt hrátt eta?

H. kv. 10. Þat vann næst nýs  
niðr Ylfinga  
fyr vestan ver,  
ef þik vita lystir,  
es ek björnu tók  
í Bragalundi  
ok ætt ara  
oddum saddak.

11. Nú 's sagt mær  
hvaðan sakar gerðusk,  
hví vas á legi mér  
lítt steikt etit.

S. kv. 12. Víg lýsir þú,  
varð fyr Helga  
Hundingr konungr  
hníga at velli,  
bar sókn saman,  
es seva hefnduð,  
ok busti blóð  
á brimis eggjar.

H. kv. 13. Hvat vissir þú,  
at þeir séim,  
snót svinnhuguð,  
es seva hefndum?  
margir ro hvassir  
hildings synir  
ok ámunir  
ossum niðjum.

S. kv. 14. Vaskak fjarri  
folks oddviti  
gær á morgun  
grams aldrlokum,  
þó telk slægjan  
Sigmundar bur,  
es í valrúnum  
vígspjöll segir.

15. Leitk þik of sinn  
 fyrr á langskipum,  
 þás þú byggðir  
 blóðga stafna  
 ok úrsvalar  
 unnir léku,  
 nú vill dyljask  
 döglingr fyr mér.  
 (en Högna mær  
 Helga kennir).

Granmarr hét ríkr konungr, er bjó at Svarinshaugi. Hann átti marga sonu; einn hét Höðbroddr, annarr Guðmundr, þriði Starkaðr. Höðbroddr var í konungastefnu. Hann fastnaði sér Sigrúnu Högnadóttur. En er hon spyr þat, þá reið hon með valkyrjur um lopt ok um lög at leita Helga. Helgi var þá at Logafjöllum ok hafði barizk við Hundings sonu. Þar feldi hann þá Álf ok Eyjólf, Hjörvarð ok Hervarð, ok var hann allvígmóðr ok sat undir Arasteini. Þar hitti Sigrún hann ok rann á háls hánnum ok kysti hann ok sagði hánnum erindi sitt, svá sem segir í Völsungakviðu enni fornu:

16. Sótti Sigrún  
 sikling glaðan,

heim nam Helga  
hönd at sækja,  
kysti ok kvaddi  
konung und hjalmi,  
þá varð hilmi  
hugr á vífi.

17. Fyrr lézk unna  
af öllum hug  
syni Sigmundar  
an sét hafði.

S. sv. 18. Vask Höðbroddi  
í her föstnuð,  
en jöfur annan  
eiga vildak;  
þó séumk fylkir  
frænda reiði,  
hefk míns föður  
munráð brotit.

19. Nama Högna mær  
of hug mæla;  
hafa kvazk Helga  
hylli skyldu.

H. kv. 20. Hirð eigi þú  
Högna reiði  
né illan hug  
ættar þinnar;  
þú skalt mær ung  
at mér lifa;

ætt átt en góða,  
es eigi séumk.

Helgi samnaði þá miklum skipaher ok fór til Frekasteins, ok fengu í hafi ofviðri mannhætt. Þá kómu leiptr yfir þá, ok stóðu geislar í skipin. Þeir sá í loptinu, at valkyrjur níu riðu, ok kendu þeir Sigrúnu. Þá lægði storminn, ok kómu þeir heilir til lands. Granmarssynir sátu á bjargi nökkuru, er skipin sigldu at landi. Guðmundr hljóp á hest ok reið á njósn á bergit við höfnina. Þá hlóðu Völsungar seglum. Þá kvað Guðmundr, svá sem fyrr er ritat í Helgakviðu: Hverr er fylkir, | sá er flota stýrir | ok feiknalið | færir at landi. Sinfjötli Sigmundarson svaraði ok er þat enn ritat. Guðmundr reið heim með hersögu. Þá sömnuðu Granmarssynir her. Kómu þar margir konungar. Þar var Högni faðir Sigrúnar, ok synir hans Bragi ok Dagr. Þar var orrosta mikil ok fellu allir Granmarssynir ok allir þeira höfðingjar, nema Dagr Högnason fekk grið ok vann eiða Völsungum. Sigrún gekk í valinn ok hitti Höðbrodd at kominn dauða; hon kvað:

21. Muna þér Sigrún  
frá Sevafjöllum,  
Höðbroddr konungr,

hníga at armi  
liðin es ævi,  
opt náir hrævi  
gránstóð gríðar,  
Granmars sona.

Þá hitti hon Helga ok varð allfegin; hann  
kvað:

22. Esat þér at öllu  
alvitr gefit,  
þó kveðk nökkvi  
nornir valda;  
fellu í morgun  
at Frekasteini  
Bragi ok Högni,  
varðk bani þeira.
23. En at Styrkleifum  
Starkaðr konungr,  
en at Hlébjörgum  
Hrollaugs synir;  
þann sák gylfa  
grimmúðgastan,  
es barðisk bolr,  
vas á brott höfuð.
24. Liggja at jörðu  
allra flestir  
niðjar þínir,  
at náum orðnir,  
vantat vígi,  
vas þér þat skapat,

at þú at rógi  
ríkmenni vast.

Þá grét Sigrún; hann kvað :

25. Huggask Sigrún,  
Hildir hefr oss verit;  
vinnat skjöldungar sköpum.

S. kv. Lifna myndak kjósa  
es liðnir ro,  
knættak þér þó í faðmi felask.

Þetta kvað Guðmundr Granmarsson:

26. Hverr es skjöldungr,  
sás skipum stýrir,  
lætr gunnfana  
gollinn fyr stafni;  
þykkjat mér frið  
í fararbroddi,  
verpr vígroða  
of víkinga.

Sfj. kv. 27. Hér má Höðbroddr  
Helga kenna  
flótta traudan  
í flota miðjum;  
hann hefr óðli  
ættar þinnar,  
arf Fjörsunga,  
und sik þrungit.

G. kv. 28. Því fyrr skulum  
at Frekasteini,



ósáttir saman  
of sakar dæma;  
mál 's Höðbroddi  
hefnd at vinna,  
ef lægra hlut  
lengi bárum.

Sfj. kv. 29. Fyrr munt Goðmundr  
geitr of halda  
ok bergskorar  
brattar klífa,  
hafa þér í hendi  
heslikylfu,  
þat 's þér blíðara  
an brimis dómar.

Helgi kv. 30. Þér 's Sinfjötli  
sæmra miklu  
gunni at heyja  
ok glaða örnú,  
an sé ónýtum  
orðum at deila,  
þótt hildingar  
heiptir deili.

31. Þykkjat mér góðir  
Granmars synir,  
þó dugir siklingum  
satt at mæla;  
þeir merkt hafa  
á Móinsheimum,  
at hug hafa  
hjörum at bregða.

(eru hildingar  
hølti snjallir).

Helgi fekk Sigrúnar ok áttu þau sonu. Var Helgi eigi gamall. Dagr Högnason blótaði Óðin til föðurhefnda. Óðinn léði Dag geirs síns. Dagr fann Helga mág sinn, þar sem heitir at Fjöturlundi. Hann lagði í gögnum Helga með geirnum. Þar fell Helgi, en Dagr reið til Sevafjalla ok sagði Sigrúnu tíðendi :

32. Trauðr emk systir  
trega þér at segja,  
ek hef nauðigr  
nipti grøetta,  
fell í morgun  
und Fjöturlundi  
buðlungr sás vas  
baztr í heimi.  
(ok hildingum  
á halsi stóð).

S. kv. 33. Þik skyli allir  
eiðar bíta,  
þeir es Helga  
hafðir unna  
at enu ljósa  
Leiptrar vatni

ok at úrsvölum  
unnar steini.

34. Skríðiat þat skip,  
es skríði und þér,  
þótt óskabyrr  
eptir leggisk,  
rinniat sá marr,  
es rinni und þér,  
þótt fiandr þina  
forðask eigir.

35. Bítia þér þat sverð,  
es bregðir þú,  
nema sjalfum þér  
syngvi of höfði.

36. Þá væri þér hefnt  
Helga dauða,  
ef værir vargr  
á viðum úti  
auðs andvani  
ok alls gamans,  
hefðira mat,  
nema á hræum sryngir.

D. kv. 37. Ær est systir  
ok ørvita,  
es bræðr þínum  
biðr forskapa;  
einn veldr Óðinn  
öllu bølvi,

þvít með sífjungum  
sakrúnar bar.

38. Þér býðr bróðir  
bauga rauða,  
öll Vandilsvé  
ok Vígdala;  
haf halfan heim  
harms at gjöldum,  
brúðr baugvarið,  
ok burir þínir.

- S. kv. 39. Sitka svá sæl  
at Sevafjöllum  
ár né of nær  
at unak lífi,  
nema at liði lofðungs  
ljóma bregði,  
rinni und vísa  
Vígblær þínig.  
(gollbitli vanr,  
knegak grami fagna.)

40. Svá hafði Helgi  
hrædda görva  
fiandr sína alla  
ok frændr þeira,  
sem fyr ulfi  
óðar rynni  
geitr af fjalli  
geiskafullar.

41. Svá bar Helgi  
af hildingum  
sem ítrskapaðr  
askr af þyrni  
eða sá dýrkalfr,  
döggu slunginn,  
es efri ferr  
öllum dýrum.  
(ok horn glóa  
við himin sjalfan).

Haugr var görr eptir Helga; en er hann kom til Valhallar, þá bauð Óðinn hánum öllu at ráða með sér. Helgi kvað:

42. Þú skalt Hundingr  
hverjum manni  
fótlaug geta  
ok funa kynda,  
hunda binda,  
hesta gæta,  
gefa svínum soð,  
áðr sofa gangir.

Ambátt Sigrúnar gekk um aptan hjá haugi Helga ok sá, at Helgi reið til haugsins með marga menn. Ambátt kvað:

43. Eru þat svik ein,  
es séa þykkjumk,  
eða ragnarök?  
ríða menn dauðir,

es jóa yðra  
 oddum keyrið,  
 eða es hildingum  
 heimför gefin?

- H. kv. 44. Esa þat svik ein,  
 es séa þykkisk,  
 né aldar rof,  
 þótt oss lítir,  
 þótt jóa óra  
 oddum keyrim,  
 nema es hildingum  
 heimför gefin.

Heim gekk ambátt ok segir Sigrúnu:

45. Út gakk Sigrún  
 frá Sevafjöllum,  
 ef þik folks jaðar  
 finna lystir;  
 (upp 's haugr lokinn,  
 kominn es Helgi)  
 dolgspor dreyra,  
 döglingr bað þik,  
 at sárdropa  
 svefja skyldir.

Sigrún gekk í hauginn til Helga ok kvað:

46. Nú emk svá fegin  
 fundi okrum  
 sem átfrekir

Óðins haukar,  
es vals vitu  
varmar bráðir  
eða dögglitir  
dagsbrún séa.

47. Fyrr vilk kyssa  
konung ólifðan  
an blóðugri  
brynju kastir,  
hár 's þitt Helgi  
hélu þrungit,  
allr es vísi  
valdögg slegin.

48. Hendr úrsvalar  
Högna mági,  
hvé skalk þér buðlungr  
þess bót of vinna.

- H. kv. 49. Ein veldr þú Sigrún  
frá Sevaþjöllum,  
es Helgi es  
hræðögg sleginn.

50. Grætr gollvarið  
grimmum tárur  
sólbjört, suðræn,  
áðr sofa gangir,  
hvert fellr blóðugt  
á brjóst grami,

úrsvalt, innfjalgt,  
ekka þrungit.

51. Vel skulum drekka  
dýrar veigar,  
þótt mist hafim  
munar ok landa;  
skal engi maðr  
angrljóð kveða,  
þótt mér á brjósti  
benjar líti.

52. Nú eru brúðir  
byrgðar í haugi,  
lofða dísir  
hjá liðnum oss.

Sigrún bjó sæing í hauginum.

53. Hér hefk þér Helgi  
hvílu görva  
angrlausu mjök,  
Ylfinga niðr;  
vilk þér í faðmi  
fylkir sofna  
sem lofðungi  
lifnum myndak.

H. kv. 54. Nú kveðk einskis  
ørvænt vesa  
síð né snimma  
at Sevafjöllum,



es þú á armi  
ólifðum sefr,  
hvít í haugi  
Högna dóttir.  
(ok est kvik  
en konungborna).

55. Mál 's mér at ríða  
roðnar brautir,  
láta fölván jó  
flugstíg troða,  
skalk fyr vestan  
vindhjalms brúar,  
áðr Salgófnir  
sigþjóð vekir.


Þeir Helgi riðu leið sína, en þær fóru heim til bæjar. Annan aptan lét Sigrún ambátt halda vörð á hauginum; en at dagsetri, er Sigrún kom til haugsins, hon kvað:

56. Kominn væri nú,  
ef koma hygði,  
Sigmundar burr  
frá sölum Óðins,  
kveðk grams þiníg  
grænask vánir,  
es á asklimum  
ernir sitja.

(ok drífr drótt öll  
draumþinga til).

A. kv. 57. Verðat svá ær,  
at ein farir,  
dís skjöldunga,  
draughúsa til,  
verða öflugari  
allir á nóttum  
dauðir dolgar  
an of daga ljósa.

Sigrún varð skammlíf af harmi ok trega. Þat var trúa í fornaskju, at menn væri endrbornir, en þat er nú kölluð kerlingavilla. Helgi ok Sigrún er kalliat at væri endrborin; hét hann þá Helgi Haddingjaskati, en hon Kára Hálfdanardóttir, svá sem kveðit er í Káru ljóðum, ok var hon valkyrja.





## Frá dauða Sinfjötla.

### Gripisspá.

Sigmundur Völsungsson var konungur á Frakklandi. Sinfjötli var elztr hans sona, annarr Helgi, þriðji Hámundur. Borghildr kona Sigmundar átti bróður, er hét . . . . En Sinfjötli, stjúpson hennar, ok . . . . báðu einnar konu báðir, ok fyrir þá sök drap Sinfjötli hann. En er hann kom heim, þá bað Borghildr hann fara á brott, en Sigmundur bauð henni fébætr, ok þat varð hon at þiggja. En at erfinu bar Borghildr öl. Hon tók eitr mikit, horn fult, ok bar Sinfjötla. En er hann sá í hornit, skilði hann, at eitr var í, ok mælti til Sigmundar: »gjörótt er drykkinn aí«. Sigmundur tók hornit ok drakk af. Svá er sagt at Sigmundur var harðgörr, at hvárki mátti hánunum eitr granda útan né innan, en allir synir

hans stóðusk eitr á hörund útan. Borghildr bar annat horn Sinfjötla ok bað drekka, ok fór alt sem fyrr. Ok enn et þriðja sinn bar hon hánum hornit ok þó ámælisorð með, ef hann drykki eigi af. Hann mælti enn sem fyrr við Sigmund. Hann sagði: »látu grön sía þá, sonr«. Sinfjötli drakk ok varð þegar dauðr. Sigmundr bar hann langar leiðir í fangi sér ok kom at firði einum mjóvum ok löngum, ok var þar skip eitt lítit ok maðr einn á. Hann bauð Sigmundi far of fjörðinn. En er Sigmundr bar líkit út á skipit, þá var bátrinn hlaðinn. Karlinn mælti, at Sigmundr skyldi fara fyrir innan fjörðinn. Karl hratt út skipinu ok hvarf þegar. Sigmundr konungr dvalðisk lengi í Danmörk í ríki Borghildar, síðan er hann fekk hennar. Fór Sigmundr þá suðr í Frakkland til þess ríkis, er hann átti þar. Þá fekk hann Hjördísar, dóttur Eylima konungs. Þeira son var Sigurðr. Sigmundr konungr fell í orrostu fyrir Hundingssonum, en Hjördís giptisk þá Álfi, syni Hjálpreks konungs. Óx Sigurðr þar upp í barnæsku. Sigmundr ok allir synir hans váru langt um fram alla menn aðra um afl ok vöxt ok hug ok alla atgørvi. Sigurðr var þó allra framast, ok hann kalla allir menn í

fornfrœðum um alla menn fram ok göfg-  
 astan herkonunga. Grípir hét sonr Eylima,  
 bróðir Hjördísar; hann réð löndum ok var  
 allra manna vitrastr ok framvís. Sigurðr  
 reið einn saman ok kom til hallar Gríp-  
 is. Sigurðr var auðkendr; hitti mann at  
 máli úti fyrir höllinni, sá nefndisk Geit-  
 ir. Þá kvaddi Sigurðr hann máls ok  
 spyrr:

1. Hverr byggir hér  
 borgir þessar?  
 hvat þjóðkonung  
 þegnar nefna?

G. kv. Grípir heitir  
 gumna stjóri  
 sás fastri ræðr  
 foldu ok þegnum.

- S. kv. 2. Es horskr konungr  
 heima í landi,  
 mun sá gramr við mik  
 ganga at mæla?  
 máls es þarfi  
 maðr ókunnigr,  
 vilk fljótliga  
 finna Grípi.

G. kv. 3. Þess mun glaðr konungr  
 Geiti spyrja,

hverr sá maðr sé  
es máls kveðr Grípi.

- S. kv. Sigurðr ek heiti  
borinn Sigmundi,  
en Hjördís es  
hilmis móðir.
4. Þá gekk Geitir  
Grípi at segja:  
Hér 's maðr úti  
ókuðr kominn;  
hann 's ítarligr  
at álitu,  
sá vill, fylkir,  
fund þinn hafa.
5. Gengr ór skála  
skatna dróttinn  
ok heilsar vel  
hilmi komnum:  
»þigg hér Sigurðr,  
væri sœmra fyrr,  
en Geitir tak  
við Grana sjalfum.«
6. Mæla námu  
ok mart hjala  
þás ráðspakir  
rekkar fundusk.  
Seg mér, ef veizt,  
móðurbróðir,

hvé mun Sigurði  
snúna ævi.

Gr. kv. 7. Þú munt maðr vesa  
mæztr und sólu  
ok hæstr borinn  
hverjum jöfri,  
gjöfull af golli,  
en glöggr flugar,  
ítr álit  
ok í orðum spakr.

8. Seg gegn konungr  
görr an spyrjak  
snotr Sigurði,  
ef sjá þykkisk,  
hvat mun fyrst gerask  
til farnaðar,  
þás ór garði emk  
genginn þínum?

Gr. kv. 9. Fyrst munt fylkir  
föður of hefna,  
ok Eylima  
alls harms reka,  
þú munt harða  
Hundings sonu  
snjalla fella,  
munt sigr hafa.

10. Seg ítr konungr,  
ættingi, mér

heldr horskliga,  
 es vit hugat mælum;  
 sér þú Sigurðar  
 snör brögð fyrir,  
 þaus hæst fara  
 und himinskautum?

Gr. kv. 11. Munt einn vega  
 orm enn frána,  
 þanns gráðugr liggr  
 á Gnitaheiði,  
 þú munt báðum  
 at bana verða  
 Regin ok Fáfni;  
 rétt segir Grípir.

12. Auðr mun ærinn,  
 ef eflik svá  
 víg með virðum,  
 sem víst segir;  
 leið athuga  
 ok lengra seg,  
 hvat mun enn vesa  
 ævi minnar?

Gr. kv. 13. Þú munt finna  
 Fáfnis bæli  
 ok upp taka  
 auð enn fagra,  
 golli hlæða  
 á Grana bógu;



ríðr þú til Gjúka  
gramr vígrisinn.

14. Enn skalt hilmi  
í hugazrœðu,  
framlyndr jöfurr,  
fleira segja;  
gestr emk Gjúka  
ok ek geng þaðan,  
hvat mun enn vesa  
ævi minnar?

Gr. kv. 15. Sefr á fjalli  
fylkis dóttir  
björt í brynju  
ept bana Helga;  
þú munt höggva  
hvössu sverði,  
brynju rísta  
með bana Fáfnis.

16. Brotin es brynja,  
brúðr mæla tekr,  
es vaknaði  
víf ór svefni,  
hvat mun snót at heldr  
við Sigurð mæla  
þats at farnaði  
fylki verði?

Gr. kv. 17. Hón mun ríkjum þér  
rúnar kenna,

allar þærs aldir  
 eignask vildu,  
 ok á manns tungu  
 mæla hverja,  
 líf með lækning,  
 líf heill konungr.

18. Nú 's því lokit,  
 numin eru frœði  
 ok em braut þaðan  
 búinn at ríða,  
 leið athuga  
 ok lengra seg,  
 hvað mun meir vesa  
 minnar ævi?

Gr. kv. 19. Þú munt hitta  
 Heimis byggðir  
 ok glaðr vesa  
 gestr þjóðkonungs;  
 farit es Sigurðr  
 þats fyrir vissak,  
 skala fremr an svá  
 fregna Grípi.

20. Nú fær mér ekka  
 orð þaz mæltir,  
 þvít þú fram of sér  
 fylkir lengra,  
 veizt ofmikit  
 angr Sigurði;

því þú Grípir þat  
gerra segja.

Gr. kv. 21. Lá mér of æsku

ævi þinnar  
ljósast fyrir  
líta eptir,  
rétt emka ek  
ráðspakr taliðr  
né in heldr framvís,  
farit þats vissak.

22. Mann veitk engi  
fyr mold ofan,  
þanns fleira sé  
framm an þú Grípir;  
skalattu leyna,  
þótt ljót séi,  
eða mein gerisk  
á mínum hag.

Gr. kv. 23. Esa með löstum.

lögð ævi þér,  
lát enn ítri þat  
öðlingr nemask;  
þvít uppi mun  
meðan öld lifir,  
naddéls boði,  
nafn þitt vesa.

24. Verst hyggjum því,  
verðr at skiljask

Sigurðr við fylki  
 at sógöru;  
 leið vísa þú,  
 lagt 's alt fyrir,  
 mærr mér ef vilt  
 móðurbróðir.

Gr. kv. 25. Nú skal Sigurði  
 segja görva,  
 alls þengill mik  
 til þess neyðir;  
 munt víst vita  
 at vætki lýg;  
 dægr eitt es þér  
 dauði ætlaðr.

26. Vilkat reiði  
 ríks þjóðkonungs,  
 góð ráð at heldr  
 Grípis þiggja;  
 nú vill víst vita,  
 þótt vilkit sé,  
 hvat á sýnt Sigurðr  
 sér fyr höndum.

Gr. kv. 27. Fljóð 's at Heimis  
 fagrt álitum,  
 hana Brynhildi  
 bragnar nefna,  
 dóttir Buðla,  
 en dýrr konungr

harðugðigt man  
Heimir fæðir.

28. Hvat 's mik at því,  
þótt mæ'r séi  
fögr álit  
fædd at Heimis?  
þat skalt Grípir  
görva segja,  
þvítt þú öll of sér  
ørlög fyrir.

- Gr. kv. 29. Hón firrir þik  
flestu gamni,  
fögr álit,  
fóstra Heimis,  
svefn þú né sefr  
né of sakar dæmir,  
gára þú manna  
nema mey séir.

30. Hvat mun til líkna  
lagt Sigurði?  
seg Grípir þat,  
ef sjá þykkisk;  
munk mey náa  
mundi kaupa,  
þá ena fögru  
fylkis dóttur?

- Gr. kv. 31. It munuð alla  
eiða vinna

fullfastliga,  
 fá munuð halda;  
 verit hefr þú Gjúka  
 gestr eina nótt,  
 mantattu horska  
 Heimis fóstru.

32. Hvárt 's þá Grípir,  
 get þess fyr mér,  
 sér þú geðleysi  
 í grams skapi,  
 es skalk við mey þá  
 málum slíta,  
 es alls hugar  
 unna þóttumk.

Gr. kv. 33. Þú verðr siklingr  
 fyr svikum annars,  
 munt Grímhildar  
 gjalda ráða,  
 mun bjóða þér  
 bjarthaddat man  
 dóttur sína,  
 dregr hón vél at gram.

34. Munk við þá Gunnar  
 gerva hleyti  
 ok Goðrúnu  
 ganga at eiga?  
 fullkvæni þá  
 fylkir væri,

ef meintregar  
mér angraðit.

Gr. kv. 35. Þik mun Grímhildr  
görva véla,  
mun hón Brynhildar  
biðja fýsa  
Gunnari til handa,  
Gotna drótni,  
heitr þú fljótla för  
fylkis móður.

36. Mein eru fyr höndum,  
mák líta þat;  
ratar görliga  
ráð Sigurðar,  
ef skalk mærrar  
meyjar biðja  
öðrum til handa,  
es unnak vel.

Gr. kv. 37. Ér munuð allir  
eiða vinna  
Gunnarr ok Högni,  
en þú gramr þriði,  
þá litum víxlið,  
es á leið eruð,  
Gunnarr ok þú;  
Grípir lýgrat.

38. Hví gegnir þat,  
hví skulum skipta

litum ok látum,  
 es á leið erum?  
 þar mun fláræði  
 fylgja annat  
 atalt með öllu,  
 enn seg Grípir.

Gr. kv. 39. Lit hefr þú Gunnars

ok læti hans,  
 mælsku þína  
 ok meginhyggjur;  
 munt þú fastna þér  
 framlundaða  
 fóstru Heimis,  
 hyggsk vætr fyr því.

40. Verst hyggjum því,  
 vándr munk heitinn  
 Sigurðr með seggjum  
 at sógöru,  
 vildak eigi  
 vélum beita  
 jöfra brúði,  
 es æzta veitk.

Gr. kv. 41. Þú munt hvíla,

hers oddviti,  
 mærr hjá meyju  
 sem þín móðir sé;  
 því mun uppi,  
 meðan öld lifir,



þjóðar þengill,  
þitt nafn vesa.

42. Mun góða kván  
Gunnarr eiga,  
mærr með mönnum,  
mér seg Grípir,  
þótt hafi þrjár nætr  
þegns brúðr hjá mér  
snarlynd sofit?  
slíks erut dæmi.

Gr. kv. 43. Saman munu brullup  
bæði drukkin  
Sigurðar ok Gunnars  
í sölum Gjúka;  
þá hömum víxlið,  
es it heim komið;  
hefr hvárr fyr því  
hyggju sína.

44. Hvé mun at yndi  
eptir verða  
mægð með mönnum,  
mér seg Grípir;  
mun Gunnari  
til gamans ráðit  
síðan verða  
eða sjalfum mér?

Gr. kv. 45. Minnir þik eiða,  
mátt þegja þó,

ant þú Goðrúnu  
 góðra ráða,  
 en Brynhildr þykkisk  
 brúðr vargefin,  
 snót fiðr vélar  
 sér at hefndum.

46. Hvat mun at bótum  
 brúðr sú taka,  
 es vélar vér  
 vífi gerðum?;  
 hefr snót af mér  
 svarna eiða  
 enga efnda,  
 en unað lítit.

Gr. kv. 47. Mun hón Gunnari  
 görva segja,  
 at eigi vel  
 eiðum þyrmðir,  
 þás ítr konungr  
 af öllum hug,  
 Gjúka arfi,  
 á gram trúði.

48. Hvat 's þá Grípir,  
 get þess fyr mér,  
 munk saðr vesa  
 at sögu þeiri,  
 eða lýgr á mik  
 lofsæl kona

ok á sjalfa sik?  
seg Grípir þat.

Gr. kv. 49. Mun fyr reiði  
rík brúðr við þik  
né af ofregga  
allvel skipa,  
viðr þú góðri  
grand aldrigi,  
þó ér víf konungs  
vélum beittuð.

50. Mun horskr konungr  
at hvötun hennar  
Guthormr ok Högni  
ganga síðan?,  
munu synir Gjúka  
á sífjugum mér  
eggjar rjóða?  
enn seg Grípir.

Gr. kv. 51. Þá 's Goðrúnu  
grimt of hjarta,  
es bræðr hennar  
þér til bana ráða,  
ok at engu verðr  
ynði síðan  
vitru vífi;  
veldr því Grímhildr.

52. Því skal hugga þik,  
hers oddviti,

sú mun gipt lagið  
á grams ævi:  
munat mætri maðr  
á mold koma  
und sólar sjöt,  
an þú Sigurðr þykkir.

S. kv. 53. Skiljumk heilir,  
munat sköpum vinna,  
nú hefr þú Grípir vel  
gört sem beiddak;  
fljótt myndir þú  
fríðri segja  
mína ævi,  
ef mættir þat.





## Reginismál A—B.

---

Sigurðr gekk til stóðs Hjálpreks ok kaus sér af hest einn, er Grani var kallaðr síðan. Þá var kominn Reginn til Hjálpreks, sonr Hreiðmars. Hann var hverjum manni hagarari ok dvergr of vöxt. Hann var vitr, grimmr ok fjölkunnigr. Reginn veitti Sigurði fóstr ok kenslu ok elskaði hann mjök. Hann sagði Sigurði frá forellri sínu ok þeim atburðum, at Óðinn ok Hœnir ok Loki höfðu komit til Andvarafors. Í þeim forsi var fjöldi fiska. Einn dvergr hét Andvari. Hann var löngum í forsinum í geddu líki ok fekk sér þar matar. Otr hét bróðir várr, kvað Reginn, er opt fór í forsinn í otrs líki. Hann hafði tekit einn lax ok sat á árbakkanum ok át blundandi. Loki laust hann með steini til bana. Þóttusk æsir mjök hepnir verit hafa ok flógu belg

af otrinum. Þat sama kveld sóttu þeir gisting til Heiðmars ok sýndu veiði sína. Þá tóku vér þá höndum ok lögðum þeim fjörlausn at fylla otrbelginn með gulli ok hylja útan ok með rauðu gulli. Þá sendu þeir Loka at afla gullsins. Hann kom til Ránar ok fekk net hennar ok fór þá til Andvarafors ok kastaði netinu fyrir gedduna, en hon hljóp í netit. Þá mælti Loki:

A. 1. Hvat 's fiska,  
 es rinnr flóði í,  
 kannat við víti varask?  
 höfuð þitt  
 leys þú helju ór,  
 finn mér lindar loga.

2. Andvari heitik,  
 Óinn hét minn faðir,  
 margan hefð fors of farit,  
 aumlig norn  
 skóp oss í árdaga,  
 at skyldak í vatni vaða.

L. kv. 3. Seg þat Andvari,  
 ef eiga vill  
 líf í lýða sölum,  
 hver gjöld  
 fáa gumna synir,  
 ef ljúgask orðum á?

A. kv. 4. Ofrgjöld  
 fáa gumna synir,  
 þeirs Vaðgelmi vaða,  
 ósaðra orða,  
 hverr 's á annan lýgr,  
 oflengi leiða limar.

Loki sá alt gull þat er Andvari átti. En er hann hafði framreitt gullit, þá hafði hann eptir einn hring, ok tók Loki þann af hán-um. Dvergrinn gekk inn í steininn ok mælti:

B. 5. Þat skal goll,  
 es Gustr átti,  
 bræðrum tveim  
 at bana verða  
 ok öðlingum  
 átta at rógi;  
 mun míns féar  
 mangi njóta.

Æsir reiddu Hreiðmari féit ok tráðu upp otrbelginn ok reistu á fœtr. Þá skyldu æsirnir hlada upp gullinu ok hylja. En er þat var gört, gekk Hreiðmarr fram ok sá eitt granahár ok bað hylja. Þá dró Óðinn fram hringinn Andvaranaut ok hulði hárit. Loki kvað:

A. 6. Goll 's þér reitt

en þú gjöld of hefr  
mikil míns höfuðs,  
syni þínum  
verðra sæla sköpuð;  
þat verðr ykkarr beggja bani.

Hr. kv. 7. Gjafar þú gaft,  
gaftat ástgjafar,  
gaftat af heilum hug;  
fjörvi yðru  
skylduð firðir vesa,  
ef vissak þat fár fyrir.

L. kv. 8. Enn es verra,  
þat vita þykkjumk,  
niðja stríð of nept;  
jöfra óborna  
hygg þá enn vesa,  
es þat es til hats hugat.

H. kv. 9. Rauðu golli  
hygg mik ráða munu,  
svá lengi sem ek lifi;  
hót þín  
hræðumk ekki lyf,  
ok haldið heim heðan.

Fáfnir ok Reginn kröfðu Hreiðmar nið-  
gjalda eptir Otr bróður sinn. Hann kvað  
nei við. En Fáfnir lagði sverði Hreiðmar  
föður sinn sofanda. Hreiðmarr kallaði á  
dætr sínar:



10. Lyngheiðr ok Lofnheiðr,  
vitið mínu lífi farit,  
mart 's þats þörf þéar.

Lh. kv. Fá mun systir,  
þótt föður missi,  
hefna hlýra harms.

B. Hr. kv. 11. Al þó dóttur,  
dís ulfhuguð,  
ef getrat son  
við siklingi,  
fá mey manni  
í meginþarfar;  
þá mun þeirar sonr  
þíns harms reka.

Þá dó Hreiðmarr, en Fáfni tók gullit  
alt. Þá beiddisk Reginn at hafa föðurarf  
sinn, en Fáfni galt þar nei við. Þá leitaði  
Reginn ráða við Lyngheiði systur sína,  
hvernig hann skyldi heimta föðurarf sinn.  
Hon kvað:

A. 12. Bróður kveðja  
skalt blíðliga  
arfs ok æðra hugar,  
esa þat hæft,  
at hjörvi skylir  
kveðja Fáfni féar.

Þessa hluti sagði Reginn Sigurði. Einn

dag er hann kom til húsa Regins, var hán-  
um vel fagnat. Reginn kvað:

B. 13. Kominn es hingat  
konr Sigmundar,  
seggr enn snarráði,  
til sala várra,  
móð hefr meira  
an maðr gamall  
ok es mér fangs ván  
at frekum ulfi.

14. Ek mun fœða  
folkdjarfan gram;  
nú 's Yngva konr  
með oss kominn;  
sjá mun ræsir  
ríkstr und sólu;  
þrymr of öll lönd  
ørlögsímu.

Sigurðr var þá jafnan með Regin ok sagði hann Sigurði, at Fáfñir lá á Gnita-  
heiði ok var í orms líki. Hann átti ægis-  
hjálmm, er öll kvikvendi hræddusk við. Reg-  
inn gerði Sigurði sverð, er Gramr hét.  
Þat var svá hvast, at hann brá því ofan í  
Rín ok lét reka ullarlagð fyrir straumi ok  
tók í sundr lagðinn sem vatnit. Því sverði  
klauf Sigurðr í sundr steðja Regins. Eptir

þat eggjaði Reginn Sigurð at vega Fáfni.  
Hann sagði:

15. Hátt munu hlæja  
Hundings synir,  
þeirs Eylima  
aldrs synjuðu,  
ef meir tyggja  
munar at sækja  
hringa rauða  
an hefnd föður.

Hjálprekr konungr fekk Sigurði skipa-  
lið til föðurhefnda. Þeir fengu storm  
mikinn ok beittu fyrir bergsnös nökkura.  
Maðr einn stóð á berginu ok kvað:

16. Hverir ríða þar  
Rævils hestum  
hávar unnir,  
haf glymjanda?  
seglvigg eru  
sveita stokkin,  
munat vágmarar  
vind of standask.

R. kv. 17. Hér erum vér Sigurðr  
á sætréum,  
es oss byrr gefinn  
við bana sjalfan,  
fellr brattr breki

bröndum hæri  
 hlunnvigg hrapa,  
 hverr spyrr at því?  
 Hn. kv. 18. Hnikar hétu mik,  
 þás hugin gladdi  
 Völsungr ungi  
 ok vegit hafði;  
 nú mátt kalla  
 karl af bergi  
 Fengi eða Fjölni;  
 far vilk þiggja.

Þeir viku at landi ok gekk karl á skip  
 ok lægði þá veðrit.

A.S. kv. 19. Seg mér Hnikarr,  
 alls hvártveggja veizt  
 goða heill ok guma:  
 hver bözt eru,  
 ef berjask skal,  
 heill at sverða svipun.

Hn. kv. 20. Mörg eru góð,  
 ef gumar vissi,  
 heill at sverða svipun;  
 dyggva fylgju  
 hygg ens dökkva vesa  
 hrottameiði hrafns.

21. Þat 's annat,  
 ef est út of kominn,

ok est á braut búinn,  
tvá þú lítr  
á tái standa  
hróðrfúsa hali.

22. Þat es et þriðja,  
ef þjóta heyrir  
ulf und asklimum;  
heilla auðit  
verðr þér af hjalmstöfum,  
ef sér þá fyrri fara.

B. 23. Engr skal gumna  
í gögn vega  
síð skínandi  
systur mána,  
þeir sigr hafa,  
es séa kunnu,  
hjörleiks hvatir,  
eða hamalt fylkja.

A. 24. Þat 's fár mikit,  
ef foeti drepr,  
þars at vígi veðr,  
tálar dísir,  
standa þér á tvær hliðar  
ok vilja þik sáran séa.

25. Kembör ok þveginn  
skal kœnna hverr  
ok at morni mettr,  
þvít ósýnt es,

hvar at apni kenir;  
ilt 's fyr heill at hrapa.

Sigurðr átti orrostu mikla við Lyngva Hundingsson ok bræðr hans. Þar fell Lyngvi ok þeir þrír bræðr. Eptir orrostu kvað Reginn:

B. 26. Nú 's blóðugr örn  
bitrum hjörvi  
bana Sigmundar  
á baki ristinn,  
engr vas fremri,  
sás fold ryði,  
hilmis arfi,  
ok hugin gleddi.

Heim fór Sigurðr til Hjálpreks. Þá eggjaði Reginn Sigurð til at vega Fáfni. Sigurðr ok Reginn fóru upp á Gnitaheiði ok hittu þar slóð Fáfnis, þá er hann skeið til vaz. Þar gerði Sigurðr gröf mikla á veginum ok gekk Sigurðr þar í. En er Fáfni skreið af gullinu, blés hann eitri, ok hraut þat fyrir ofan höfuð Sigurði. En er Fáfni skreið yfir gröfna, þá lagði Sigurðr hann með sverði til hjarta. Fáfni hristi sik ok barði höfði ok sporði. Sigurðr hljóp ór gröfinni ok sá þá hvárr annan. Fáfni kvað:

## [Fáfnismál.]

1. Sveinn ok sveinn,  
 hverjum est sveinn of borinn,  
 hverra 'st manna mögr?,  
 es á Fáfni rautt  
 þinn enn frána mæki;  
 stöndumk til hjarta hjörr.

Sigurðr dulði nafns síns fyrir því, at þat var trúa þeira í forneskju, at orð feigs manns mætti mikit, ef hann bölvaði óvin sínum með nafni. Hann kvað:

2. Göfugt dýr heitik,  
 en gengit hefki  
 enn móðurlausi mögr,  
 föður ákka  
 sem fira synir;  
 æ geng ek einn saman.

F. kv. 3. Veizt ef föður né áttat  
 sem fira synir

— — — —  
 hverju vast undri alinn?

4. Ætterni mitt  
 kveðk þér ókunnigt vesa  
 ok mik sjalfan et sama;  
 Sigurðr heitik,

- Sigmundur hét minn faðir,  
 es hefk þik vápnum vegit.
- F. kv. 5. Hverr þik hvatti,  
 hví hvetjask lézt  
 mínu fjörvi at fara?,  
 enn fráneygi sveinn,  
 áttir föður bitran;  
 esa börnum skjótt á skeið.
6. Hugr mik hvatti,  
 hendr mér fulltýðu  
 ok minn enn hvassi hjörr;  
 fár es hvatr,  
 es hrøðask tekr,  
 ef í barnœsku es blauðr.
- F. kv. 7. Veitk, ef vaxa næðir  
 fyr vina brjósti,  
 sæi maðr þik vreiðan vega;  
 nú est haptr  
 ok hernuminn;  
 æ kveða bandingja bifask.
8. Því bregðr mér, Fáfnir,  
 at til fjarri séak  
 mínum feðrmunum,  
 emka haptr,  
 þótt værak hernumi,  
 þú fant, at lauss lífik.
- F. kv. 9. Heiptyrði ein  
 telr þú þér í hvívetna,



en þér satt eitt segik:  
et gjalla goll  
ok et glóðrauða fé,  
þér verða þeir baugar at bana.

10. Féi ráða  
skal fyrða hverr  
æ til ens eina dags;  
þvítt einu sinni  
skal alda hverr  
fara til heljar heðan.

F. kv. 11. Norna dóm  
munt fyr nesjum hafa  
ok ørlög ósvinns apa,  
í vatni druknar  
ef í vindi rær,  
alt es feigs forað.

12. Seg mér Fáfnir,  
alls þik fróðan kveða  
ok vel mart vita:  
hverjar ro nornir,  
es nauðgönglar ro  
ok kjósa mæðr frá mögum.

F. kv. 13. Sundrbornar mjök  
segja nornir vesa,  
eigut þær ætt saman,  
sumar ro áskungar,  
sumar alfkungar,  
sumar dætr Dvalins.

14. Seg mér þat Fáfñir,  
 alls þik fróðan kveða  
 ok vel mart vita:  
 hvé holmr heitir,  
 es blanda hjörlegi  
 Surtr ok æsir saman.
- F. kv. 15. Óskópnir heitir,  
 en þar öll skulu  
 geirum leika goð,  
 Bifröst brotnar,  
 es á brú fara,  
 ok svima í móðu marir.
- F. kv. 16. Ægishjalm  
 bark of alda sonum,  
 meðan of menjum lák;  
 einn rammari  
 hugðumk öllum vesa,  
 fanka svá marga mögu.
17. Ægishjalmr  
 bergr einungi  
 hvars skulu vreiðir vega,  
 þá þat finnr,  
 es með fleirum kemr;  
 at engi 's einna hvatastr.
- F. kv. 18. Eitri fnæstak,  
 es á arfi lák  
 miklum míns föður.
- — — —

19. Enn fráni ormr,  
gerðir fræs mikla  
ok galzt harðan hug,  
heipt at meiri  
verðr hölða sonum,  
at þann hjalm hafi.

F. kv. 20. Ræðk þér nú Sigurðr,  
en þú ráð nemir,  
ok ríð heim heðan;  
et gjalla goll  
ok et glóðrauða fé,  
þér verða þeir baugar at bana.

21. Ráð 's þér ráðit,  
en ek ríða mun  
til golls, es í lyngvi liggr,  
en þú, Fáfnir,  
ligg í fjörbrotum,  
þars þik hel hafi.

F. kv. 22. Reginn mik réð,  
hann þik ráða mun,  
hann mun okrverðabáðumatbana,  
fjör sitt láta  
hygg at Fáfnir myni,  
þitt varð nú meira megin.

Reginn var á brott horfinn, meðan Sigurðr vá Fáfni, ok kom þá apr, er Sigurðr strauk blóð af sverðinu. Reginn kvað:

23. Heill nú Sigurðr,

nú hefr þú sigr vegit  
ok Fáfni of farit,  
manna þeira,  
es mold troða,  
þik kveðk óblauðastan alinn.

24. Þat 's óvíst at vita,  
þás komum allir saman,  
(sigtíva synir)  
hverr óblauðastr es alinn,  
margr es hvatr  
sás hjör né rýðr  
annars brjóstum í.

R. kv. 25. Gláðr est nú Sigurðr  
ok gagni feginn,  
es þerrir Gram á grasi;  
bróður minn  
hefr þú benjaðan  
ok veldk þó sjalfr sumu.

26. Þú því rétt,  
es ríða skyldak  
hélug fjöll hinig;  
féi ok fjörvi  
réði sá enn tráni ormr,  
nema þú frýðir mér hvats hugar.

Þá gekk Reginn at Fáfni ok skar hjarta  
ór hánnum með sverði, er Riðill heitir, ok  
þá drakk hann blóð ór undinni eptir.

- S. kv. 27. Fjarri gekt,  
meðan á Fáfni rauðk  
minn enn hvassa hjör;  
afli mínu  
attak við orms megin,  
meðan í lyngvi látt.
- R. kv. 28. Lengi liggja  
létir lyngvi í  
þann enn aldna jötun,  
ef sverðs né nytir,  
þess 's sjalfr gerðak,  
ok þíns ens hvassa hjörs.
- S. kv. 29. Hugr 's betri  
an sé hjörs megin,  
hvars skulu vreiðir vega;  
hvatan mann  
sék harðliga vega  
með slævu sverði sigr.
- R. kv. 30. Sit nú Sigurðr,  
en ek mun sofa ganga  
ok halt Fáfnis hjarta við funa,  
eisköld vilk  
of etin láta  
ept þenna dreyra drykk.
31. Hvötum 's betra  
an sé óhvötum  
í hildileik hafask,

glöðum 's betra  
 an sé glúpnanda,  
 hvat sem at hendi kemr.

Sigurðr tók Fáfnis hjarta ok steikði á teini. Er hann hugði at fullsteikt væri ok freyddi sveitinn ór hjartanu, þá tók hann á fingri sínum ok skynjaði, hvárt fullsteikt væri. Hann brann ok brá fingrinum í munn sér. En er hjartblóð Fáfnis kom á tungu hán-um, ok skilði hann fugls rödd. Hann heyrði, at igður klökuðu á hrísinu. Igðan kvað:

I. 32. Þar sitr Sigurðr  
 sveita stökkinn,  
 Fáfnis hjarta  
 við funa steikir;  
 spakr þætti mér  
 spillir bauga,  
 ef fjörsega  
 fránan æti.

II.ig. kv. 33. Þar liggr Reginn,  
 ræðr umb við sik,  
 vill tæla mög  
 þanns trúir hánnum,  
 berr af reiði  
 röng orð saman,  
 vill bölvasmiðr  
 bróður hefna.

a,ig. kv. 34. Höfði skemra

láti enn hára þul  
 fara til heljar heðan,  
 öllu gollu  
 þá kná hann einn ráða,  
 fjölð því 's und Fáfni lá.

III.ig.kv.35. Horskr þætti mér,  
 ef hafa kynni  
 ástráð mikit  
 yðvar systra,  
 hygði of sik  
 ok hugin gleddi;  
 þar 's mér ulfs ván,  
 es eyru sék.

I.ig.kv.36. Esat svá horskr  
 hildimeißr  
 sem hers jaðar  
 hyggja myndak,  
 ef bróður lætr  
 á brot komask,  
 en öðrum hefr  
 aldrs of synjat.

b,ig.kv.37. Mjök 's ósviðr,  
 ef enn sparir  
 fjanda enn folkskáa,  
 þars Reginn liggr,  
 es hann ráðinn hefr,  
 kannat við slíku séa.

a,ig.kv.38. Höfði skemra

láti enn hrímkalda jötun  
ok af baugum búa,  
þá féar þess,  
es Fáfnir réð,  
mun hann einvaldi vesa.

- S. kv. 39. Verðat svá rík sköp,  
at Reginn skyli  
mitt banorð bera;  
báðir bræðr  
skulu bráðliga  
fara til heljar heðan.

Sigurðr hjó höfuð af Regin ok þá át  
hann Fáfnis hjarta ok drakk blóð þeira  
beggja Regins ok Fáfnis. Þá heyrði Sig-  
urðr, hvar igður mæltu:

- I. 40. Bitt þú Sigurðr  
bauga rauða,  
esa konungligt  
kvíða mörgu;  
mey veitk eina  
miklu fegrsta,  
golli gœdda,  
ef geta mættir.

41. Liggja til Gjúka  
grœnar brautir  
fram vísa sköp  
folklíðöndum,



þar hefr dýrr konungr  
dóttur alna;  
þá munt þú Sigurðr  
mundi kaupa.

42. Salr 's á háu  
Hindarfjalli,  
allr es útan  
eldi sveipinn,  
þann hafa horskir  
halir of görvan  
ór ódökkum  
ógnar ljóma.
43. Veitk á fjalli  
folkvitr sofa  
ok leikr yfir  
lindar váði;  
Yggr stakk þorni,  
aðra feldi  
hör-gefn hali,  
an hafa vildi.
44. Knátt mögr séa  
mey und hjalmi,  
þás frá vígi  
Vingskorni reið;  
máat Sigdrifar  
svefni bregða  
skjöldunga niðr  
fyr sköpum norna.

Sigurðr reið eptir slóð Fáfnis til bælis hans ok fann þat opit, ok hurðir af járnri ok gætti; af járnri váru ok allir timbrstokkar í húsinu, en grafit í jörð niðr. Þar fann Sigurðr stórmikit gull ok fylði þar tvær kistur. Þar tók hann ægishjálm ok gullbrynju ok sverðit Hrotta ok marga dýrgripi ok klyfjaði þar með Grana, en hestrinn vildi eigi fram ganga, fyrr en Sigurðr steig á bak hánum. Sigurðr reið upp á Hindarfjall ok stefndi suðr til Frakklands. Á fjallinu sá hann ljós mikit, svá sem eldr brynni, ok ljóm-aði af til himins. En er hann kom at, þá stóð þar skjaldborg ok upp ór merki. Sigurðr gekk í skjaldborgina ok sá, at þar lá maðr ok svaf með öllum hervápnum. Hann tók fyrst hjálminn af höfði hánum. Þá sá hann at þat var kona. Brynjan var föst, sem hon væri holdgróin. Þá reist hann með Gram frá höfuðsmátt brynjuna í gögnum niðr ok svá út í gögnum báðar ermar. Þá tók hann brynju af henni, en hon vaknaði ok settisk hon upp ok sá Sigurð ok mælti:

45. Hvat beit brynju?  
hví brák svefni?

hverr feldi af mér  
fölvar nauðir?

S. kv. Sigmundar burr —  
sleit fyr skömmu  
hrafn hræs undir —  
hjörr Sigurðar.

Sigurðr settisk niðr ok spurði hana nafns.  
Hon tók þá horn fult mjaðar ok gaf hán-  
um minnisveig.





## Sigrdrífumál.

---

1. Heill dagr,  
heilir dags synir,  
heil nótt ok nipt;  
óreiðum augum  
lítið okr þinig  
ok gefið sitjöndum sigr.
2. Heilir æsir,  
heilar ásynjur,  
heil sjá en fjölnýta fold,  
mál ok manvit  
gefið okr mærum tveim  
ok læknishendr, meðan lífum.
3. Lengi svafk,  
lengi sofnuð vask,  
löng eru lýða læ,  
Óðinn því veldr,

es eigi máttak  
þregða blundstöfum.

Hon nefndisk Sigrdrífa ok var valkyrja. Hon sagði, at tveir konungar börðusk. Hét annarr Hjálmgunnarr; hann var þá gamall ok enn mesti hermaðr ok hafði Óðinn hánum sigri heitit; en þannarr hét Agnarr Auðu bróðir er vætr engi vildi týja.« Sigrdrífa feldi Hjálmgunnar í orrostunni, en Óðinn stakk hana svefnþorni í heind þess ok kvað hana aldri skyldu síðan sigrvega í orrostu ok kvað hana giptask skyldu — »en ek sagðak hánum, at ek strengðak heit þar í mót at giptask engum þeim manni, er hræðask kynni.« Hann svarar ok biðr hana kenna sér speki, ef hon vissi tíðendi ór öllum heimum. Sigrdrífa kvað:

4. Bjór færík þér,  
brynþings apaldr,  
magni blandinn  
ok megintíri,  
fullr 's hann ljóða  
ok líknstafa,  
góðra galdra  
ok gamanrúna.
5. Sigrúnar skalt kunna,  
ef vilt sigr hafa,  
ok rísta á hjalti hjörs,  
sumar á véttrimum,

- sumar á valböstum,  
ok nefna tysvar Tý.
6. Ölrúnar skalt kunna,  
ef vilt annars kvæn  
vélit þik í tryggð, ef trúir;  
á horni skal rísta  
ok á handarbaki  
ok merkja á nagli Nauð.
7. Full skal signa  
ok við fári séa  
ok verpa lauki í lög;  
þá þat veitk,  
at þér verðr aldri  
meini blandinn mjöðr.
8. Bjargrúnar skalt kunna,  
ef bjarga vilt  
ok leysa kind frá konum,  
á lófum skal rísta  
ok of liðu spenna  
ok biðja þá dísir duga.
9. Brimrúnar skalt kunna,  
ef vilt borgit hafa  
á sundi seglmörum,  
á stafni skal rísta  
ok á stjórnarblaði  
ok leggja eld í ár.  
(esa svá brattr breki,  
né svá bláar unnir,  
þó kemsk þú heill af hafi).
10. Limrúnar skalt kunna,  
ef vilt læknir vesa

- ok kunna sár at séa,  
 á berki skal rísta  
 ok á baðmi viðar,  
 þeims lúta austr limar.
11. Málrúnar skalt kunna,  
 ef vilt at mangi þér  
 heiptum gjaldi harm,  
 (þær of vindr,  
 þær of vefr,  
 þær of setr allar saman,  
 á því þingi,  
 es þjóðir skulu  
 í fulla dóma fara).
12. Hugrúnar skalt kunna,  
 ef vilt hverjum vesa  
 geðsvinnari guma,  
 þær of réð,  
 þær of reist,  
 þær of hugði Hroptr.  
 (af þeim legi,  
 es lekit hafði  
 ór hausi Heiðdraupnis  
 ok ór horni Hoddrofnis).

- 
13. Á bjargi stóð  
 með Brimis eggjar,  
 hafði sér á höfði hjalm,  
 þá Míms höfuð  
 mælti et fyrsta orð  
 ok sagði sanna stafí.

- 
14. Á skildi kvað ristnar

- þeims stendr fyr skínanda goði,  
 á eyra Árvakrs  
 ok á Alsvinns hófi,  
 á hvéli es snýsk  
 und reið Hrungnis bana,  
 á Sleipnis tönnum  
 ok á sleða fjötrum.
15. Á bjarnar hrammi  
 ok á Braga tungu,  
 á ulfs klóum  
 ok á arnar nefi,  
 á blóðgum vængjum  
 ok á brúar sporði,  
 á lausnar lófa  
 ok á líknar spori.
16. Á gleri ok á gulli  
 ok á gumna heillum,  
 í víni ok virtri  
 ok vilisessi,  
 á Gungnis oddi  
 ok á Grana brjósti,  
 á nornar nagli  
 ok á nefi uglu.
- 
17. Allar váru af skafnar,  
 þærs váru á ristnar,  
 ok hverfðar við enn helga mjöð,  
 ok sendar á víða vega;  
 þær ro með ásum,  
 þær ro með alfum,  
 sumar með vísnum vönnum,  
 sumar hafa menskir menn.
18. Þat eru bókrúnar,



þat eru bjargrúnar  
ok allar ölrúnar  
ok mætar meginrúnar,  
hveims kná óviltar  
ok óspiltar  
sér at heillum hafa,  
njóttu ef namt,  
unz rjúfask regin.

19. Nú skalt kjósa,  
alls þér 's kostur of boðinn,  
hvassa vápna hlynur,  
sögn eða þögn  
haf þér sjalfr í hug;  
öll eru mein of metin.

- S. kv. 20. Munkak floeja,  
þótt mik feigan vitir,  
emkak með bleyði borinn,  
ástráð þín  
vilik öll hafa,  
svá lengi sem ek lifi.

- Sdr.kv. 21. Þat ræðk þér et fyrsta,  
at þú við frændr þína  
vammalaust verir,  
síðr þú hefnir,  
þótt þeir sakar geri;  
þat kveða dauðum duga.


22. Þat ræðk þér annat,  
at eið né sverir,

- nema þann's saðr sé,  
 grimmar limar  
 ganga at tryggðrofi;  
 armr es vára vargr.
23. Þat ræðk þér þriðja,  
 at þú þingi á  
 deilit við heimska hali;  
 ósviðr maðr  
 lætr opt kveðin  
 verri orð an viti.
24. Alt es vant,  
 ef við þegir,  
 þá þykkir þú með bleyði borinn,  
 (eða sönnu sagðr,  
 hætrr es heimis kviðr,  
 nema sér góðan geti);  
 annars dags  
 lát hans öndu farit,  
 ok launa svá lýðum lygi.
25. Þat ræðk þér fjórða,  
 ef býr fordæða  
 vammafull á vegi,  
 ganga es betra  
 an gista sé,  
 þótt þik nótt of nemi.
26. Fornjósna augu  
 þurfu fira synir,  
 hvars skulu vreiðir vega,

- opt bölvísar konur  
sitja brautu nær,  
þærs deyfa sverð ok seva.
27. Þat ræðk þér fimta,  
þótt fagrar séir  
brúðir bekkjum á,  
sifjar silfrs  
láta þínum svefni ráða;  
teygjat þér at kossi konur.
28. Þat ræðk þér sétta,  
þótt með seggjum fari  
öldrmál til öfug,  
drukna deila  
skalat við dolgviðu,  
margan stelr viti vín.
29. Sennur ok öl  
hefr seggjum verit  
mörgum at móðtrega,  
sumum at bana,  
sumum at bölstöfum,  
fjöld 's þats fira tregr.
30. Þat ræðk þér sjaunda,  
ef sakar deilir  
við hugfulla hali,  
berjask es betra  
an brinna sé  
inni auðstöfum.
31. Þat ræðk þér átta,  
at skalt við illu séa

- ok firrask flærðarstafi,  
mey þú teygjat  
né manns konu,  
né eggja ofgamans.
32. Þat ræðk þér níunda,  
at náum bjargir,  
hvars á foldu finnr,  
hvárz eru sótt dauðir  
eða eru sædauðir  
eða eru vápndauðir verar.
33. Laug skal gera  
þeims liðnir ro  
þvúa hendr ok höfuð,  
kemba ok þerra,  
áðr í kistu fari,  
ok biðja sælan sofa.
34. Þat ræðk þér tíunda,  
at trúir aldri  
várum vargdropa,  
(hvárz est bróðurbani,  
eða hafir feldan föður),  
opt es ulfr  
í ungum syni,  
þótt hann sé gollu gladdr.
35. Sakar ok heiptir  
hyggjat svefngar vesa  
né harm in heldr;  
vits ok vápna  
vant 's jöfri at fáa,  
þeims skal fremstr með firum.

36. Þat ræðk þér ellipta,  
at við illu séir  
hvern veg at vinum,  
langt líf  
þykkjumka lofðungs vita;  
römm eru róg of risin.





## Sigurðarkviða en meiri.

---

1. Eldr nam at æsask,  
en jörð at skjalfa  
ok hár logi  
við himin gnæfa,  
fár treystisk þar  
fylkis rekka  
eld at ríða  
né yfir stíga.
2. Sigurðr Grana  
sverði keyrði  
eldr sloknaði  
fyr öðlingi,  
logi allr lægðisk  
fyr lofgjörnum,  
bliku reiði,  
es Reginn átti.
3. Sigurðr vá at ormi,  
en þat síðan mun  
engum fyrnask,

meðan öld lifir,  
en hlýri þinn  
hvárki þorði  
eld at ríða  
né yfir stíga.

4. Út gekk Sigurður  
andspjalli frá,  
hollvinr lofða,  
ok hnipnaði,  
svát ganga nam  
gunnarfúsum  
sundr of síður  
serkr járnofinn.

H. kv. 5. [Hvat hefr Sigurður  
til] saka unnit,  
es fræknan vill  
fjörvi næma?

G. kv. 6. Mér hefr Sigurður  
selda eiða,  
eiða selda,  
alla logna,  
þá vélti hann mik  
es vesa skyldi  
allra eiða  
einn fulltrúi.

H. kv. 7. Þik hefr Brynhildir  
þöl at gørva  
heiptar hvattan


harm at vinna;  
fyrman hón Goðrúnu  
góðra ráða,  
en síðan þér  
sín at njóta.

8. Sumir ulf sviðu,  
sumir orm sniðu,  
sumir Gotþormi  
af gera deildu,  
áðr þeir mætti  
meins of lystir  
á horskum hal  
hendr of leggja.
9. Soltinn varð Sigurðr  
sunnan Rínar;  
hrafn at meiði  
hátt kallaði:  
ykr mun Atli  
eggjar rjóða,  
munu vígskáum  
of viðá eiðar.
10. Úti stóð Goðrún  
Gjúkadóttir,  
ok hón þat orða  
alls fyrst of kvað:  
hvar 's nú Sigurðr,  
seggja dróttinn,



es frændr mínir  
fyrri ríða.

11. Einn því Högni  
andsvör veitti:  
sundr höfum Sigurð  
sverði höggvinn,  
gnapir æ grár jór  
of grami dauðum.
12. Þá kvað þat Brynhildr  
Buðla dóttir:  
«vel skuluð njóta  
vápna ok landa,  
einn myndi Sigurðr  
öllu ráða,  
ef hann lengr lítlu  
lífi heldi.
13. Væria þat sœmt  
at sá réði  
Gjúka arfi  
ok Gota mengi,  
es hann fimm sonu  
at folkræði,  
gunnar fúsa,  
getna hafði.»
14. Hló þá Brynhildr,  
bær allr dundí,  
einu sinni  
af öllum hug:

- lengi skuluð njóta  
landa ok þegna,  
es fræknan gram  
falla létuð.
15. Þá kvað þat Goðrún  
Gjúka dóttir:  
mjök mælir þú   
miklar firnar;  
gramir hafi Gunnar  
götvað Sigurðar,  
heiptgjarns hugar  
hefnt skal verða.
16. Fram vas kvelda,  
fjölð vas drukkit,  
þá vas hvívetna  
vilmál talið,  
sofnuðu allir  
es í sæing kómu;  
einn lengr Gunnarr  
öllum vakði.
17. Fót nam at hroera,  
fjölð nam at spjalla,  
hitt herglötuðr  
hyggja téði,  
hvat þeir í börvi  
báðir sögðu  
hrafn ey ok örn,  
es heim riðu.

18. Vaknaði Brynhildr  
Buðla dóttir,  
dís skjöldunga,  
fyr dag lítlu:  
hvetið mik eða letið mik,  
harmr es unninn,  
sorg at segja  
eða svá láta.
19. Þögðu allir  
við því orði,  
fár kunni þeim  
fljóða látum,  
es hón grátandi  
gerðisk at segja,  
þats hlæjandi  
hölda beiddi:
20. Hugðak mér Gunnarr  
grimt í svefni,  
svalt alt í sal,  
ættak sæing kalda,  
en þú gramr riðir  
glaums andvani,  
fjötri fatlaðr,  
í fjanda lið.
21. Svá mun öll yður  
ætt Niflunga  
afli gengin;  
erud eiðrofa.

22. Mantat Gunnarr  
til görva þat,  
es blóði í spor  
báðir renduð,  
nú hefr hánum þat alt  
illu launat,  
es fremstan þik  
finna vildi.
23. Þá reyndi þat,  
es riðit hafði  
móðigr á vit  
mín at biðja,  
hvé herglötuðr  
hafði fyrri  
eiðum haldit  
við enn unga gram.
24. Benvönd of lét,  
brugðinn golli,  
margdýrr konungr  
á meðal okkar;  
eldi váru eggjar  
útan görvar,  
en eitrdropum  
innan fáðar.«

Frá dauða Sigurðar.

Hér er sagt í þessi kviðu frá dauða Sigurðar ok víkr hér svá til, sem þeir dræpi

hann úti, en sumir segja svá, at þeir dræpi hann inni í rekkju sinni sofanda. En þýðverskir menn segja svá, at þeir dræpi hann úti í skógi, ok svá segir í Guðrúnarkviðu enn i for nu, at Sigurðr ok Gjúkasynir hefði til þings riðit, þá er hann var drepinn, en þat segja allir einnig, at þeir sviku hann í tryggð ok vágu at hánum liggjanda ok óbúnum. Guðrún sat yfir Sigurði dauðum. Hon grét eigi sem aðrar konur, en hon var búin til at springa af harmi. Til gengu bæði konur ok karlar at hugga hana, en þat var eigi auðvelt. Þat er sögn manna, at Guðrún hefði etit af Fáfnis hjarta, ok hon skilði því fugls rödd. Þetta er enn kveðit um Guðrúnu.





## Goðrúnarkviða.

1. Ár vas þats Goðrún  
gerðisk at deyja,  
es hón sat sorgfull  
of Sigurði,  
gerðit hjúfra  
né höndum sláa,  
né kveina umb  
sem konur aðrar.
2. Gengu jarlar  
alsnotrir fram,  
þeirs harðs hugar  
hána löttu;  
þeygi Goðrún  
gráta mátti,  
svá vas hón móðug,  
mundi springa.
3. Sátu ítrar  
jarla brúðir,

golli búnar,  
fyr Goðrúnu;  
hver sagði þeira  
sinn oftrega,  
þanns bitrastan  
of beðit hafði.

4. Þá kvað Gjafaug  
Gjúka systir:  
mik veitk á moldu  
munarlausasta;  
hefk fimm vera  
forspell beðit,  
(tveggja dætra,  
þriggja systra)  
átta bræðra,  
þó ein lifik.
5. Peygi Goðrún  
gráta mátti,  
svá vas hón móðug  
at mög dauðan  
ok harðhuguð  
of hrør fylkis.
6. Þá kvað þat Herborg,  
Húnalands drótning:  
hefk harðara  
harm at segja,  
mínir sjau synir  
sunnan lands,

verr enn átti  
í val fellu.

7. Faðir ok móðir,  
fjórir bræðr,  
þau á vági  
vindr of lék,  
barði bára  
við borðpili.
8. Sjalf skyldak göfga,  
sjalf skyldak götva,  
sjalf skyldak hrør  
höndla þeira;  
þat alt of beiðk  
ein misseri,  
svát mér mangi  
munar leitaði.
9. Þá hlautk hapta  
ok hernuma  
sams misseris  
síðan verða,  
skyldak skreyta  
ok skúa binda,  
hersis kván  
hverjan morgin.
10. Hón ægði mér  
af afbrýði,  
ok hörðum mik  
höggum keyrði;  
fank húsguma



- hvergi in betra,  
en húsfreyju  
hvergi verri.
11. Þeygi Goðrún  
gráta mátti,  
svá vas hón móðug  
at mög dauðan  
ok harðhuguð  
of hrør fylkis.
12. Þá kvað þat Gollrönd  
Gjúka dóttir:  
»fá kant fóstra,  
þótt fróð séir,  
ungu vífi  
andspjöll bera;«  
varaði hón at hylja  
of hrør fylkis.
13. Svipti blæju  
af Sigurði  
ok vatt vengi  
fyr vífs knéum:  
»lít á ljúfan,  
legg munn við grön,  
sem halsaðir  
heilan stilli.«
14. Á leit Goðrún  
einu sinni,  
sá döglings skör

dreyra runna,  
fránar sjónir  
fylkis liðnar,  
hugborg jöfurs  
hjörvi skorna.

15. Þá hné Goðrún  
höll við bolstri,  
haddr losnaði,  
hlýr roðnaði,  
en regns dropi  
rann niðr of kné.
16. Þá grét Goðrún  
Gjúka dóttir,  
svát tár flugu  
tresk í gögnum,  
ok gullu við  
gæss í túni,  
mærir foglar,  
es mæR átti.
17. (Þá kvað þat Gollrönd  
Gjúka dóttir)  
Ykkar vissak  
ástir mestar  
manna allra  
fyr mold ofan;  
unðir hvárki  
úti né inni,

systir mín nema  
hjá Sigurði.

G. kv. 18. Svá vas minn Sigurðr

hjá sonum Gjúka  
sem væri geirlaukr  
ór grasi vaxinn,  
eða væri bjarttr steinn  
á band dreginn  
jarknasteinn  
of öðlingum.

19. Ek þótta ok  
þjóðans rekkum  
hverri hæri  
Herjans dísi,  
nú emk svá lítil  
sem lauf séi  
opt í ölstrum  
at jöfur dauðan.

20. Saknak í sessi  
ok í sæingu  
míns málvinar,  
valda megir Gjúka,  
valda megir Gjúka  
mínu bölv  
ok systir sinnar  
sárum gráti.

21. Svá ér lýðum  
land of eyðið,

sem ér rufuð  
eiða svarða;  
muna þú Gunnarr  
golls of njóta;  
þeir munu baugar  
þér at bana verða.  
(es þú Sigurði  
svarðir eiða).

22. Opt vas í túni  
teiti meiri,  
þás minn Sigurðr  
söðlaði Grana  
ok þeir Brynhildar  
biðja fóru,  
aımrar véttar,  
illu heilli.
23. Þá kvað þat Brynhildr  
Buðla dóttir:  
vön sé sú vétr  
vers ok barna,  
es þér Goðrún  
gráts of beiddi  
ok þér í morgun  
málrúnar gaf.
24. Þá kvað þat Gollrönd  
Gjúka dóttir:  
þegi þú þjóðleið  
þeira orða,

urðr öðlinga  
hefr þú æ verit,  
rekr þik alda hver  
illrar skepnu.

(sorg sára  
sjau konunga  
ok vinspell  
vífa mest).

25. Þá kvað þat Brynhildr

Buðla dóttir:  
veldr einn Atli  
öllu bölví  
of borinn Buðla  
bróðir minn.

26. Þás vit í höll

húnskrar þjóðar  
eld á jöfri  
ormbeðs litum,  
þess hefð gangi  
goldit síðan;  
þeirar sýnar  
ek sáumk ey.

27. Stóð hón und stoð,

strengði efli;  
brann Brynhildi  
Buðla dóttur  
eldr ór augum,  
eitri fnæsti,

es sár of leit  
á Sigurði.

Guðrún gekk þaðan á braut til skógar á eyðimerkr ok fór alt til Danmarkar ok var þar með Þóru Hákonardóttur sjau misseri. Brynhildr vildi eigi lifa eptir Sigurð; hon lét drepa þræla sína átta ok fimm ambóttir; þá lagði hon sik sverði til bana, svá sem segir í Sigurðarkviðu enni skömmu.





## Sigurðarkviða en skamma.

1. Ár vas þats Sigurðr  
sótti Gjúka,  
völsungr ungi,  
es vegit hafði,  
tók við tryggðum  
tveggja bræðra,  
seldusk eiða  
eljunfrœknir.
2. Mey buðu hánú  
ok meiðma fjöldb,  
Goðrúnu unga  
Gjúka dóttur;  
drukku ok dœmðu  
dægr mart saman  
Sigurðr ungi  
ok synir Gjúka.
3. Unz Brynhildar

biðja fóru,  
svát þeim Sigurðr  
í sinni reið,  
völsungr ungi,  
ok vega kunni;  
hann of átti,  
ef eiga knætti.

4. Seggr enn suðrœni  
lagði sverð nøkvit,  
mæki málfáan,  
á meðal þeira,  
né hann konu  
kyssa gerði,  
né húnskr konungr  
hefjask at armi.  
(mey frumunga  
fal hann megi Gjúka).

5. Hón sér at lífi  
löst né vissi  
ok at aldrlagi  
ekki grand,  
vamm þats væri  
eða vesa hygði;  
gengu á milli  
grimmar urðir.

6. Ein sat hón úti  
aptan dags,  
nam hón svá ört



umb at mælask:  
»hafa skalk Sigurð,  
eða sveltí þó,  
mög frumungan  
mér á armi.

7. Orð mæltak nú,  
iðrumk eptir þess;  
kván 's hans Goðrún  
en Gunnars ek;  
ljótar nornir  
skópu oss langa þrá.«
8. Opt gengr hón innan  
ills of fylð  
ísa ok jökla  
aptan hverjan,  
es þau Goðrún,  
ganga á beð  
ok hana Sigurðr  
sveipr í ripti.  
(konungr enn húnski  
kván frjá sína).
9. »Vön geng ek vilja  
ok vers beggja,  
verðk mik gæla  
af grimmum hug«.
10. Nam af þeim heiptum  
hvetjask at vígi:  
»þú skalt Gunnarr

görst of láta  
mínu landi  
ok mér sjalfri,  
munka una aldri  
með öðlingi.

11. Munk aptr fara  
þars áðan vask,  
með nábornum  
niðjum mínum,  
þar munk sitja  
ok sofa lífi,  
nema þú Sigurð  
svelta látir.  
(ok jöfur öðrum  
æðri verðir).
12. Látum son fara  
feðr í sinni,  
skalat ulf ala  
ungan lengi;  
hveim verðr hölða  
hönd léttari  
síðan til sátta  
at sonr lifit.«
13. Hryggr varð Gunnarr  
ok hnipnaði,  
sveip sínum hug  
sat of allan dag,  
hann vissi þat

vilgi görla,  
hvat hánnum væri  
vinna sœmst.  
(eða hánnum væri  
vinna bezt,  
alls sik völsung  
vissi firðan  
ok at Sigurð  
söknuð mikinn).

14. (Ýmist hann hugði

jafnlanga stund)  
Þat vas eigi  
hánnum afar títt,  
at frá konungdóm  
kvánir gengi;  
nam sér Högna  
heita at rúnnum;  
þar átti hann  
alls fulltrúa.

15. »Ein 's mér Brynhildr

öllum betri  
of borin Buðla,  
hón 's bragr kvinna;  
fyr skalk mínu  
fjörvi láta  
an þeirar meyjar  
meiðmum týna.

16. Vildu okr fylki

til féar véla?  
gótt 's at ráða  
Rínar malmi  
ok unandi  
auði stýra  
ok sitjandi  
sælu njóta.«

17. Einu því Högni  
andsvör veitti:  
»samir eigi okr  
slíkt at vinna,  
sverði rofna  
svarna eiða,  
eiða svarna,  
unnar tryggðir.
18. Vituma á moldu  
menn in sælli,  
meðan fjórir vér  
folki ráðum  
ok sá enn húnski  
her-Baldr lifir,  
né in mætri  
mægð á foldu.  
(ef vér fimm sonu  
fœðum lengi  
áttum góða  
œxla knættim).
19. Ek veit görla

hvaðan vegir standa,  
eru Brynhildar  
brek ofmikil«.

G. kv. 20. Vit skulum Gotþorm

gørva at vígi,  
yngra bróður  
ófróðara;

hann vas fyr útan  
eiða svarna,  
eiða svarna,  
unnar tryggðir.

21. Dælt vas at eggja  
óbilgjarnan

— — — — —  
stóð til hjarta  
hjörr Sigurði.

22. Réð til hefnda

hergjarn í sal  
ok eptir varp  
óbilgjörnum,  
fló til Gotþorms  
Gramr ramliga,  
kynbirt éarn,  
ór konungs hendi.

23. Hné hans ofdolgr

til hluta tveggja,  
hendr ok höfuð  
hné á annan veg,

- en fótahlutr  
fell aptr í stað.
24. Sofnuð vas Goðrún  
í sæingu  
sorgalaus  
hjá Sigurði,  
en hón vaknaði  
vilja firð,  
es hón Freys vinar  
flaut í dreyra.
25. Svá sló hón sváran  
sínar hendr,  
at rammhugaðr  
reis upp við beð:  
»gráta þú Goðrún  
svá grimmliga,  
brúðr frumunga,  
þér bræðr lífa.
26. Ák til ungan  
erfínytja,  
kannat firrask  
ór fjandgarði,  
þeir sér hafa  
svárt ok dátt,  
en nær numit  
nýlig ráð.
27. Ríðra þeim síðan  
þótt sjau alir

systursonr  
slíkr at þingi;  
ek veit görla,  
hví gegnir nú,  
ein veldr Brynhildr  
öllu bölvi.

28. Mér unni mæ'r  
fyr mann hverjan,  
en við Gunnar  
grand ekki vank;  
þyrmðak sífjum,  
svörnum eiðum,  
síðr værak heitinn  
hans kvá'nar vinr.«
29. Kona varp öndu  
en konungr fjörvi,  
svá sló hön sváran  
sínar hendr,  
at kváðu við  
kálkar í vrá  
ok gullu við  
gæss í túni.
30. Hló þá Brynhildr  
Buðla dóttir  
einu sinni  
af öllum hug,  
es hön til hvílu  
heyra knátti

gjallan grát  
Gjúka dóttur.

31. (Hitt kvað þá Gunnarr,  
gramr haukstalda.)

Hlæra þú af því,  
heiptgjörn kona,  
á golfi glöð,  
at þér góðs viti;  
hví hafnar þú  
enum hvíta lit,  
feikna fœðir;  
hygg at feig séir.

32. Þú værir þess  
verðust kvinna  
at fyr augum þér  
Atla hjøggim,  
brœðr þínum  
sæir blóðugt sár,  
undir dreyrgar  
knættir yfir binda.

Br. kv. 33. Frýra þér engi,  
hefr þú fullvegít;  
lítt sésk Atli  
óvu þína;  
hann mun ykkar láta  
önd síðari  
ok æ bera  
afl et meira.



34. Segja munk þér Gunnarr,  
sjalfr veizt görla,  
hvé ér snimma  
til saka réðuð;  
varðka til öngð  
né ofþrungin  
fullgædd féi  
á fleti bróður.
35. Né vildak þat,  
at mik verr ætti,  
áðr Gjúkungar  
at garði riðu,  
þrír á hestum  
þjóðkonungar,  
en þeira för  
þörfgi væri.
36. Ok mér Atli þat  
einni sagði,  
at hvárki lézk  
höfn of deila,  
goll né jarðir,  
nema gefask létak,  
ok engi hlut  
auðins féar.
37. Þás mér jóðungri  
eiga seldi  
ok mér jóðungri  
aura talði.

38. Þá vas á hvörfun  
hugr minn of þat,  
hvárt skyldak ver eiga  
eða val fella  
(böll í brynju  
of bróður sök);  
þat myndi þá  
þjóðkunt vesa  
mörgum manni  
at munar stríði.
39. Létum síga  
sáttmál okkur;  
lék mér meir í mun  
meiðmar þiggja,  
bauga rauða  
burar Sigmundar;  
né annars manns  
aura vildak.
40. Þeim hétumk þá  
þjóðkonungi,  
es með gollu sat  
á Grana bógum,  
vasat hann í augu  
yðr of glíkr  
né á engi hlut  
at álitum.  
(þó þykkizk ér  
þjóðkonungar).

41. Unnak einum  
né ýmissum,  
bjóat of hverfan  
hug men-Skögul;  
alt mun þat Atli  
eptir finna,  
es mína spyrr  
morðför görva.
42. At þvígi skal  
þunnged kona  
annarrar ver  
aldri leiða;  
þat mun at hefndum  
harma minna.
43. Upp reis Gunnarr  
gramr verðungar,  
ok of hals konu  
hendr of lagði,  
gengu allir  
ok ýmissir  
af heilum hug  
hána at letja.
44. Hratt af halsi  
hveim þar sér,  
léta sik letja  
langrar göngu.
45. (Nam sér Högna  
hvetja at rúnum)

»Seggi vilk alla  
í sal ganga,  
(þína með mínum  
nú 's þörf mikil)  
vita ef meini  
morðför konu,  
unz af méli  
enn mein komi,  
þá látum því  
þarfar ráða.«

46. (Einu því Högni  
andsvör veitti)  
Letia hána  
langrar göngu,  
þars aptrborin  
aldri verði;  
hón kröng of komsk  
fyr kné móður  
(hón 's æ borin  
óvilja til)  
mörgum manni  
at móðtrega.
47. Hvarf sér óhróðigr  
andspilli frá,  
þars mörk menja  
meiðmum deildi;  
leit hón of alla  
eigu sína,

soltnar þýjar  
ok salkonur.

48. Gollbrynju smó,  
vasa gott í hug,  
áðr sik miðlaði  
mækis eggjum;  
hné við bolstri  
hón á annan veg  
ok hjörunduð  
hugði at ráðum.

Br. kv. 49. Nú skulu ganga  
þærs goll vili  
ok minni því  
at mér þiggja;  
ek gef hverri  
of hroðit sigli,  
bók ok blæju,  
bjartar váðir.

50. Þögðu allar  
við því ráði,  
ok allar senn  
andsvör veittu:  
»ærnar ro soltnar,  
munum enn lifa,  
verða salkonur  
sæmð at vinna«.

51. Unz af hyggjandi  
hörskrýdd kona,

- ung at aldri,  
 orð viðr of kvað:  
 vilkat traudan  
 né torbœnan  
 of óra sök  
 aldri týna.
52. Þó mun á beinum  
 brinna yðrum  
 færi eyrir,  
 þás fram komið;  
 neit menju góð  
 mín at vitja.
53. Sez k niðr Gunnarr,  
 munk segja þér  
 lífs ørvæna  
 ljósa brúði,  
 muna yðvart far  
 alt í sundi,  
 þótt ek hafa  
 öndu látit.
54. Sátt munuð Goðrún  
 snemr an hyggir;  
 hefr kunn kona  
 við konungi  
 daprar minjar  
 at dauðan ver.
55. — — — —  
 Par 's mæ r borin,

móðir fœðir,  
sú mun hvítari  
an enn heiði dagr  
Svanhildr vesa  
sólar geisla.

56. Gefa munt Guðrúnu  
góðra nøkkurum  
(skeyti skæða  
skatna mengi);  
munat at vilja  
versæl gefin;  
hána mun Atli  
eiga ganga  
of borinn Buðla,  
bróðir minn.
57. Margs ák minnask,  
hvé við mik fóru,  
þás mik sára  
svikna höfðuð;  
vaðin at vilja  
vask meðan lifðak.
58. Munt Oddrúnu  
eiga vilja,  
en þik Atli mun  
eigi láta;  
it munuð lúta  
á laun saman,  
hón mun þér unna

sem ek skyldak.  
(ef okr góð of sköp  
gerði verða).

59. Þik mun Atli  
illu beita,  
munt í öngan  
ormgarð lagiðr.
60. Þat mun ok verða  
þvígit lengra,  
at Atli mun  
öndu týna,  
(sælu sinni,  
ok sofa lífi),  
þvít hánum Goðrún  
grýmir á beð  
snörpum eggjum  
af sárum hug.
61. Sæmri væri Goðrún  
systir ykkur  
frumver sínum  
at fylgja dauðum;  
ef henni gæfi  
góðra hverr ráð,  
eða ætti hón hug  
ossum glíkan.
62. Ört mælik nú,  
en hón eigi mun  
of óra sök



aldri týna;  
hána munu hefja  
hávar bárun  
til Jónakrs  
óðaltorfu.

63. [Ala mun sér jóð  
erfivörðu]  
erfivörðu,  
Jónakrs sonu,  
mun hón Svanhildi  
senda af landi  
sína mey  
ok Sigurðar.

64. Hána munu bíta  
Bikka ráð,  
þvít Jörmunrekk  
óþarft lifir;  
þá 's öll farin  
ætt Sigurðar;  
eru Goðrúnar  
græti at fleiri.

65. Biðja munk þik  
bœnar einnar,  
sú mun í heimi  
hinzt bœn vesa;  
lát svá breiða  
borg á velli,  
at und oss öllum

jafnrúmt séi.  
(þeim es sultu  
með Sigurði).

66. Tjaldi of þá borg  
tjöldum ok skjöldum  
valarípt vel fáíð  
ok vala mengi;  
brenni mér enn húnska  
á hlið aðra.
67. Brenni enum húnska  
á hlið aðra  
mína þjóna,  
menjum göfga,  
tvá at höfðum  
ok tveir haukar;  
þá 's öllu skípt  
til jafnaðar.
68. Liggi okkar  
enn í milli  
(malmr hringvariðr)  
egghevast éarn,  
sem endr lagit,  
þás vit bæði  
einn beð stigum  
ok hétum þá  
hjóna nafni.
69. Hrynja hánum  
á hæl þeygi

hlunnblik hallar  
hringa litkuð,  
ef hánun fylgir  
ferð mín heðan;  
þeygi mun ór för  
aumlig vesa.

70. Þvít hánun fylgja  
fimm ambóttir,  
átta þjónar,  
eðlum góðir,  
fóstrman mitt  
ok faðerni,  
þats Buðli gaf  
barni sínu.

71. Mart sagðak þér,  
myndak fleira,  
ef mér meir mjötuðr  
málrúm gæfi;  
ómun þverr,  
undir svella,  
satt eitt sagðak,  
svá munk láta.



## Helreið Brynhildar.

---

Eptir dauða Brynhildar váru gör bál tvau, annat Sigurði ok brann þat fyrr, en Brynhildr var á öðru brend ok var hon í reið þeiri, er guðvefjum var tjölduð. Svá er sagt, at Brynhildr ók með reiðinni á helveg ok fór um tún, þar er gýgr nökkur bjó. Gýgrin kvað:

1. Skalt í gögnum

ganga eigi  
grjóti studda  
garða mína,  
betr semði þér  
borða at rekja  
heldr an vitja  
vers annarrar.

2. Hvat skalt vitja

af Vallandi,  
hvarfúst höfuð,

húsa minna?  
þú hefr vörgum,  
ef þik vita lystir,  
meini blandin,  
manns blóð gefit.

Br. kv. 3. Bregð eigi mér,  
brúðr ór steini,  
þótt værak fyrr  
í víkingu,  
ek mun okkur  
æðri þykkja,  
hvars eðli menn  
okkart kunnu.

G. kv. 4. Þú vast Brynhildr  
Buðla dóttir  
heilli verstu  
í heim borin,  
þú hefr Gjúka  
of glatat börnum  
ok búi þeira  
brugðit góðu.

Br. kv. 5. Ek mun segja þér  
svinn ór reiðu  
vitlaussi mjök,  
ef þik vita lystir,  
hvé gerðu mik  
Gjúka arfar

- ástalauša  
ok eiðrofa.
6. Hétu mik allir  
í Hlymdölum  
Hildi und hjalmi,  
hverr es kunni.
7. Annarr hét Agnarr,  
Auðu bróðir,  
es vétrr engi  
vildi týja.
8. Lét hami vára  
hugfullr konungr  
átta systra  
und eik borit;  
vask vetra tolf,  
ef þik vita lystir,  
es ungum gram  
eiða seldak.
9. Þá létk gamlan  
á Goðþjóðu  
Hjalmgunnar næst  
heljar ganga;  
gafk ungum sigr  
Auðu bróður;  
þar varð mér Óðinn  
ofreiðr of þat.
10. Lauk mik skjöldum  
í Skatalundi


rauðum ok hvítum,  
randir snurtusk;  
þann það slíta  
svefni mínum,  
es hvergi lands  
hræðask kynni.

11. Lét of sal minn  
sunnanverðan  
hávan brinna  
hrotgarm viðar;  
þar það einn þegn  
yfir at ríða,  
þanns mér færði goll  
þats und Fáfni lá.
12. Reið góðr Grana  
gollmiðlandi,  
þars fóstri minn  
fletjum stýrði,  
einn þótti hann þar  
öllum betri  
víkingr Dana  
í verðungu.
13. Sváfum ok unðum  
í sæing einni,  
sem minn bróðir  
of borinn væri;  
hvárki knátti  
hönd of annat

átta nóttum  
okkart leggja.

14. Því brá mér Goðrún  
Gjúka dóttir,  
at Sigurði  
svæfak á armi,  
þar varðk þess vís,  
es vildigak,  
at þau véltu mik  
í verfangi.

15. Munu við ofstríð  
alls til lengi  
konur ok karlar  
kvikvir fœðask,  
vit skulum okrum  
aldri slíta  
Sigurðr saman;  
søksk gýgjar kyn.







## Guðrúnarkviða en forna.

### Dráp Niflunga.

---

Gunnarr ok Högni tóku þá gullit alt, Fáfnis arf. Ófriðr var þá milli Gjókunga ok Atla. Kendi hann Gjókungum völd um andlát Brynhildar. Þat var til sætta, at þeir skyldu gipta hánnum Guðrúnu, ok gáfu henni óminnisveig at drekka, áðr hon játti at giptask Atla. Synir Atla váru þeir Erpr ok Eitill, en Svanhildr var Sigurðar dóttir ok Guðrúnar. Atli konungr bauð heim Gunnari ok Högna ok sendi Vinga eða Knéfrøð. Guðrún vissi vélar ok sendi með rúnum orð, at þeir skyldu eigi koma, ok til jartegna sendi hon Högna hringinn Andvaranaut ok knýtti í vargshár. Gunnarr hafði beðit Oddrúnar, systur Atla, ok gat eigi. Þá fekk hann Glaumvarar, en Högni átti Kostberu. Þeira synir váru þeir Sólarr ok Snævarr ok Gjúki. En er Gjók-

ungar kómu til Atla, þá bað Guðrún sonu sína, at þeir bæði Gjúkungum lífs, en þeir vildu eigi. Hjarta var skorit ór Högna, en Gunnarr settr í ormgarð. Hann sló hörpu ok svæfði ormana, en naðra stakk hann til lifrar. Þjóðrekr konungr var með Atla ok hafði þar látit flesta alla menn sína. Þjóðrekr ok Guðrún kærðu harma sín á milli. Hon sagði hánum ok kvað:

1. Mær vask meyja,  
móðir mik fæddi,  
björt í búri,  
unnak brœðrum vel,  
unz mik Gjúki  
golli reifði,  
golli reifði,  
gaf Sigurði.
2. Svá vas Sigurðr  
of sonum Gjúka  
sem væri grœnn laukr  
ór grasi vaxinn,  
eða hjörtr hábeinn  
of hösum dýrum  
eða goll glóðrautt  
af gráu silfri.
3. Unz mér fyrmundu

mínir bræðr,  
at ættak ver  
öllum fremra,  
sofa né máttut  
né of sakar dæma,  
áðr þeir Sigurð  
svelta létu.

4. Grani rann af þingi,  
gnýr vas at heyra,  
en þá Sigurðr  
sjalfr eigi kom;  
öll váru söðuldýr  
sveita stokkin,  
of vanið vási,  
und vegöndum.
5. Gekk ek grátandi  
við Grana ræða,  
úrughlýra  
jó frá k spjalla,  
hnipnaði Grani,  
drap í gras höfði,  
jór þat vissi,  
eigendr né lifðut.
6. Lengi hvarfaðak,  
lengi hugir deildusk,  
áðr of frægak  
folkvörð at gram.
7. Hnipnaði Gunnarr,

- Högni mér sagði  
frá Sigurðar  
sárum dauða:  
»liggr of höggvinn  
fyr handan ver  
Gothorms bani  
of gefinn ulfum.
8. Lít þar Sigurð  
á suðrvegi;  
þar heyrir þú  
hrafna gjalla,  
örnu gjalla  
æzli íegna,  
varga þjóta  
of veri þínum.«
9. Hví mér Högni  
harma slíka  
viljalaussi  
vill of segja?  
þitt skyli hjarta  
hrafnar slíta  
víð lönd yfir,  
an vitir manna.
10. Svaraði Högni  
sinni einu,  
trauðr góðs hugar,  
af trega stórum:  
»þess átt Goðrún

grœti at fleiri,  
at hjarta mitt  
hrafnar slíti.«

11. Hvarfk ein þaðan  
andspilli frá  
á við lesa  
varga leifar;  
gerðigat hjúfra  
né höndum sláa  
né kveina umb  
sem konur aðrar.  
(þás sat soltin  
of Sigurði).
12. Nótt þótti mér  
niðmyrk vesa,  
es sárla satk  
of Sigurði,  
ulfar þóttumk  
öllu betra  
ef léti mik  
lífi týna.  
(eða brendi mik  
sem birkinnt við).
13. Fórkt af fjalli  
fimm dægr talið,  
unz höll Alfs  
háva þekðak.
14. Satk með Þóru

- sjau misseri  
dætr Hákonar  
í Danmörku,  
hón mér at gamni  
gollbókaði  
sali suðræna  
ok svani danska.
15. Höfðum á skriptum  
þats skatar léku,  
ok á hannyrðum  
hilmis þegna,  
randir rauðar,  
rekka búna,  
hjördrótt, hjalmdrótt,  
hilmis fylgju.
16. Skip Sigmundar  
skriðu frá landi,  
gyldar grímur,  
grafnir stafnar,  
byrðum á borða  
þats börðusk þeir  
Sigarr ok Siggeirr  
suðr á Fjóni.
17. Þá frá Grímhildr,  
gotnesk kona,  
hvar værak komin  
hyggju þrungi;  
hón brá borða

ok buri heimti  
þrágjarnliga  
þess at spyrja.

18. Hverr vildi son  
systur boeta  
eða ver veginn  
vildi gjalda;  
görr lézk Gunnarr  
goll at bjóða,  
sakar at boeta,  
ok et sama Högni.
19. Hón frétti at því,  
hverr fara vildi,  
vigg at söðla,  
vagn at beita.  
(hesti ríða,  
hauki fleygja,  
örum at skjóta  
af ýboga).
20. Valdarr Dönum  
með Jarizleifi,  
Eymóðr þriði  
með Jarizkári.
21. Inn gengu þá  
jöfrum glíkir  
langbarðs liðar,  
höfðu loða rauða,  
stuttar brynjur,

- steypða hjalma,  
skalmum gyrðir,  
höfðu skarar jarpar.
22. Hverr vildi mér  
hnossir velja,  
hnossir velja  
ok hugat mæla,  
ef mætti mér  
margra súta  
tryggðir vinna,  
né trúa gerðak.
23. Færði mér Grímhildr  
full at drekka  
svalt ok sárligt,  
né sakar mundak;  
þat vas of aukit  
jarðar magni,  
svalköldum sæ  
ok sonar dreyra.
24. Váru í horni  
hvers kyns stafir  
ristnir ok roðnir,  
ráða né máttak;  
lyngfiskr lagar,  
lands Haddingja  
ax óskorit,  
innleið dyra.
25. Váru þeim bjóri



- böl mörg saman,  
urt alls viðar  
ok akarn brunnin,  
umbdögg arins,  
iðrar blótnar,  
svíns lifr soðin;  
því hón sakar deyfði.
26. En þá gleymðak,  
es getit hafðak,  
alls jöfurs böls,  
bjórveig í sal;  
kómu konungar  
fyr kné þrennir,  
áðr hón sjalfa mik  
sótti at máli.
27. »Gefk þér Goðrún  
goll at þiggja,  
fjölð alls féar,  
at þinn föður dauðan,  
hringa rauða,  
Hlöðvés sali,  
ársal allan  
at jöfur fallinn.
28. Húnskar meyjar,  
þærs hlaða spjöldum  
ok gera goll fagrt,  
svát þér gaman þykki;  
ein skalt ráða

- auði Buðla,  
golli göfguð,  
ok gefin Atla«.
29. Vilki eigi ek  
með veri ganga,  
né Brynhildar  
bróður eiga;  
samir eigi mér  
við son Buðla  
ætt at auka  
né una lífi.
30. »Hirða höldum  
heiptir gjalda,  
þvítt vér höfum  
valdit fyrri;  
svá skalt láta  
sem lífi báðir  
Sigurðr ok Sigmundur,  
ef sonu fœðir.«
31. Mákak, Grímhildr,  
glaumi bella,  
né vígrisnum  
vánir telja,  
síz Sigurðar  
sárla drukku  
hrægífr huginn  
hjártblóð saman.
32. »Þann hefki allra

- ættgöfgastan  
fylki fundit  
ok framast nøkkvi;  
hann skalt eiga,  
unz aldr þik viðr,  
verlaus vesa,  
nema vilir þenna.«
33. Hirða bjóða  
bölvafullar  
þrágjarnliga  
þær kindir mér;  
hann mun Gunnar  
grandi beita  
ok ór Högna  
hjarta slíta.
34. Grátandi Grímhildr  
greip við orði,  
es burum sínum  
bölva vætti  
ok mögum sínum  
meina stórra.
35. »Lönd gefk enn þér,  
lýða sinni,  
Vinbjörg, Valbjörg,  
ef vill þiggja;  
eig of aldr þat  
ok uni dóttir.«
36. Þann munk kjósa

af konungum  
ok þó af niðjum  
nauðig hafa;  
verðr eigi mér  
verr at ynði,  
né bøl bræðra  
at bura skjóli.

37. Munkak létta,  
áðr lífs hvatan  
eggleiks hvötuð  
aldri næmik.
38. Senn vas á hesti  
hvorr drengr litinn,  
en víf valnesk  
í vagn hafin;  
vér sjau daga  
svált land riðum,  
en aðra sjau  
unnir kníðum.  
(en ena þriðju sjau  
þurt land stigum).
39. Þar hliðverðir  
hárar borgar  
grind upp luku,  
áðr í garð riðum.
40. Vakði mik Atli,  
en vesa þóttumk

- full ills hugar  
at frændr dauða.
41. »Svá mik nýla  
nornir vekja  
vílsinnis spá;  
vildigat réðisk;  
hugðak þik Goðrún  
Gjúka dóttir  
læblöndnum hjör  
leggja mik gögnum.«
42. Þat 's fyr eldi,  
es éarn dreyma,  
fyr dul ok vil  
drósar reiði;  
munk þik við bölv  
brenna ganga,  
líkna ok lækna,  
þótt mér leiðr séir.
43. »Hugðak hér í túni  
teina fallna,  
þás vilda ek  
vaxna láta,  
rifnir með rótum,  
roðnir í blóði,  
bornir á bekki,  
beðit mik at tyggva.
44. Hugðak mér af hendi  
hauka fljúga

bráðalaus  
bölranna til;  
hjörtu hugðak þeira  
við hunang tuggin,  
sorgmóðs seva,  
sollin blóði.

45. Hugðak mér af hendi  
hvelpa losna,  
glaums andvana,  
gylli báðir,  
hold hugðak þeira  
at hræum orðit,  
nauðigr nái  
nýta skyldak.«
46. Þar munu seggir  
of sœing dœma  
ok hvítinga  
höfði næma;  
þeir munu feigir  
fára náttu  
fyr dag lítlu,  
drótt of bergja.
47. Lágak síðan,  
né sofa vildak  
þrágjörn í kör,  
þat mank görva.





## Goðrúnarkviða.

(III).

---

Herkja hét ambótt Atla; hon hafði verit frilla hans; hon sagði Atla, at hon hefði sét Þjóðrek ok Guðrúnu bæði saman. Atli var þá allókátr. Þá kvað Guðrún:

1. Hvat 's þér Atli  
æ Buðla sonr?  
es þér hryggt í hug,  
hví hlær þú æva?  
hitt myndi æðra  
jörlum þykkja,  
at við menn mæltir  
ok mik sæir.

A. kv. 2. Tregr mik Goðrún  
Gjúka dóttir  
þats mér í höllu  
Herkja sagði,  
at it Þjóðrekr  
und þaki svæfið

ok léttliga  
líni verðizk.

G. kv. 3. Þér munk alls þess

eiða vinna  
at enum hvíta  
helga steini,  
at við Þjóðrek,  
þatki áttak,  
es vörð né verr  
vinna knættit.

4. Nema ek halsaða

herja stilli,  
jöfur óneisinn,  
einu sinni,  
aðrar váru  
okrar spekjur,  
es hörmug tvau  
hnigum at rúnum.

5. Hér kom Þjóðrekr

með þría tøgu,  
lifa þeir né einir  
þriggja tega manna;  
hnöggð mik at bræðrum  
ok at brynjuðum,  
hnöggð mik at öllum  
haufuðniðjum.

6. Sentu at Saxa,

Sunnmanna gram,



hann kann helga  
hver vellanda. —  
Sjau hundruð manna  
í sal gengu,  
áðr kvæn konungs  
í ketil tæki. —

7. Kemra nú Gunnarr,  
kalligak Högna,  
sékka síðan  
svása bræðr,  
sverði myndi Högni  
slíks harms reka,  
nú verðk sjalf fyr mik  
synja lýta.
8. Brá hón til botns  
björtum lófa,  
ok hón upp of tók  
jarknasteina —  
»sé nú seggir,  
sykn emk orðin  
heilagliga,  
hvé sá hverr velli.«
9. Hló þá Atla  
hugr í brjósti,  
es heilar sá  
hendr Goðrúnar —  
»nú skal Herkja  
til hvers ganga,

sús Goðrúnu  
grandi vændi.«

10. Sáat maðr armligt,  
hverr 's sáat þat,  
hvé þar á Herkju  
hendr sviðnuðu;  
leiddu þá mey  
í mýri fúla;  
svafði Goðrún  
sína harma.





## Oddrúnargrátr.

Frá Borgnýju ok Oddrúnu.

Heiðrekr hét konungr; dóttir hans hét Borgný. Vilmundr hét sá, er var friðill hennar. Hon mátti eigi fœða börn, áðr til kom Oddrún Atlasystir; hon hafði verit unnusta Gunnars Gjúkasonar; um þessa sögu er hér kveðit.

1. Heyrðak segja  
í sögum fornum,  
hvé mær of kom  
til Mornalands;  
engi mátti  
fyr jörð ofan  
Heiðreks dóttur  
hjalpir vinna.
2. Þat frá Oddrún  
Atla systir,  
at mær hafði  
miklar sóttir;

brá hón af stalli  
stjórnbitluðum  
ok á svartan  
söðul of lagði.

3. Lét mar fara  
moldveg sléttan,  
unz at hári kom  
höll standandi;  
(ok hón inn of gekk  
endlangan sal)  
svipti hón söðli  
af svöngum jó  
ok hón þat orða  
alls fyrst of kvað.

4. Hvat 's frægst á fold

— — — — —  
eða hvat 's hlest  
Húnalandi?

Ambótt: Hér liggr Borgný  
of borin verkjum,  
vina þín Oddrún,  
vitt ef hjalpir.

5. Hverr hefr vífi  
vams of leitat?  
Hví eru Borgnýjar  
bráðar sóttir?

Ambótt: Vilmundr heitir,  
vinr haukstalda,

hann varði mey  
varmri blæju.  
(fimm vetr alla  
svát sinn föður leyndi).

6. Þær hykk mæltu  
þvígit fleira,  
gekk mild fyr kné  
meyju at sitja;  
ríkt gól Oddrún,  
ramt gól Oddrún,  
bitra galdra  
at Borgnýju.
  7. Knátti mær ok mögr  
moldveg sporna  
börn þau en blíðu  
við bana Högna;  
þat nam at mæla  
mær fjörsjúka,  
svát ekki kvað  
orð et fyrra:
  8. Svá hjalpi þér  
hollar véttir,  
Frigg ok Freyja  
ok fleiri goð,  
sem feldir mér  
fár af höndum.
- Od. kv. 9. Hnékat af því  
til hjalpar þér,

at værir þess  
verð aldri;  
hétk ok efndak,  
es hinig mæltak,  
at hvívetna  
hjalpa skyldak.  
(þás öðlingar  
arfi skiptu).

B. kv. 10. Ær est Oddrún  
ok ørvita,  
es mér af fári  
flest orð of kvatt,  
en ek fylgðak þér  
á fjörgynju,  
sem vit brœðrum tveim  
bornar værim.

O. kv. 11. Mank enn hvat þú  
mæltir of aptan,  
þás Gunnari  
gerðak rekkju,  
slíks dæmi kvaðat  
síðan mundu  
meyju verða  
nema mér einni.

12. Þá nam at setjask  
sorgmóð kona  
at telja böl  
af trega stórum.

13. Vask upp alin  
í jöfra sal,  
flestr fagnaði,  
at fira ráði;  
unðak aldri  
ok eign föður  
fimm vetr eina,  
svát minn faðir lifði.
14. Þat nam at mæla  
mál et øfsta  
sjá móðr konungr,  
áðr sylti hann,  
mik bað gæða  
golli rauðu  
ok suðr gefa  
syni Grímhildar.
15. En Brynhildi  
bað hjalm geta,  
hána kvað valmey  
verða skyldu;  
kvaða ena æðri  
alna mundu  
mey í heimi,  
nema mjötuðr spilti.
16. Brynhildr í búi  
borða rakði,  
hafði lýði  
ok lönd of sik,

- jörð dúsaði  
ok upphiminn,  
þás bani Fáfnis  
borg of þátti.
17. Þá vas víg vegit  
völsku sverði  
ok borg brotin,  
sús Brynhildr átti,  
vasa langt af því  
heldr válítit,  
unz þær vélar  
vissi allar.
18. Þess lét hón harðar  
hefndir verða,  
svát öll höfum  
ærnar raunir;  
þat mun á hölða  
hvert land fara,  
es hón lét sveltask  
at Sigurði.
19. En Gunnari  
gatk at unna,  
bauga deili,  
sem Brynhildr skyldi;  
buðu þeir Atla  
bauga rauða  
ok bræðr mínum  
bætr ósmáar.



20. Bauð enn við mér  
bú fimtían,  
hliðfarm Grana,  
ef hafa vildi;  
en Atli kvazk  
eigi vilja  
mund aldri  
at megi Gjúka.
21. Þeygi vit máttum  
við munum vinna  
nema ek helt höfði  
við hringbrota;  
mæltu margir  
mínir niðjar,  
kóðusk okkr hafa  
orðit bæði.
22. En mik Atli kvað  
eigi mundu  
lýti ráða  
né löst gera,  
en slíks skyli  
synja aldri  
maðr fyr annan,  
þars munúð deilir.
23. Sendi Atli  
áru sína  
of myrkvan við  
mín at freista,

- ok þeir kómu,  
þars koma né skyldut,  
þás breiddum vit  
blæju eina.
24. Buðum vit þegnum  
bauga rauða,  
at eigi til  
Atla segði,  
en þeir hvatliga  
heim skunduðu  
ok óliga  
Atla sögðu.
25. En Goðrúnu  
görla leyndu  
þvís heldr vita  
halfu skyldi.
26. Hlymr vas at heyra  
hófgollinna,  
þás í garð riðu  
Gjúka arfar,  
þeir ór Högna  
hjarta skáru,  
en í ormgarð  
annan lögðu.
27. Vask enn farin  
einu sinni  
til Geirmundar  
gerva drykkju;

- nam horskr konungr  
hörpu sveigja,  
hann hugði mik  
til hjalpar sér.  
(kynríkr konungr  
of koma mundu).
28. Namk at heyra  
ór Hléseyju,  
hvé þar af stríðum  
strengir mæltu;  
baðk ambáttir  
búnar verða,  
vildak fylkis  
fjörvi bjarga.
29. Létum fljóta  
far sund yfir,  
unz alla sák  
Atla garða.
30. Þá kom en arma  
út skævandi  
móðir Atla,  
hón morna skyli,  
ok Gunnari  
gróf til hjarta,  
svát máttigak  
mærum bjarga.
31. Opt undrumk þat,  
hví eptir mák,

linnvengis Bil,  
lífi halda,  
es ógnhvötum  
unna þóttumk  
sverða deili  
sem sjalfri mér.

32. Satt ok hlýddir  
meðan sagðak þér  
mörg ill of sköp  
mín ok þeira;  
maðr hverr lifir  
at munum sínum;  
nú 's of genginn  
grátr Oddrúnar.





## Atlakviða.

### Dauði Atla.

Guðrún Gjúkadóttir hefndi bræðra sinna, svá sem frægt er orðit. Hon drap fyrst sonu Atla, en eptir drap hon Atla ok brendi höllina ok hirðina alla; um þetta er sjá kviða ort.

1. Átli ár sendi  
segg til Gunnars  
kunnan at ríða,  
Knéfrøðr vas heitinn;  
at görðum kom Gjúka  
ok at Gunnars höllu,  
bekkjum aringreypum  
ok at bjóri svásu.
2. Drukku dróttmegir,  
en dyljendr þögðu,  
vín í valhöllu,  
vreiði sáusk Húna;  
kallaði Knéfrøðr

- kaldri röddu,  
seggr enn suðrœni,  
sat á bekk háum.
3. Atli mik sendi  
ríða ørendi  
mari enum mélgreypa,  
myrkvið ókunnan  
at biðja yðr Gunnarr,  
at á bekk kæmið  
með hjalmum aringreypum,  
at sækja heim Atla.
4. Skjöldu kneguð velja  
ok skafna aska,  
hjalma gollroðna  
ok Húna mengi,  
silfrgylt söðulklæði,  
serki valrauða,  
dafar darraðar,  
drösla mélgreypa.
5. Völl lézk ok mundu gefa  
viðrar Gnitaheiðar  
með geiri gjallanda  
ok gyltum stöfnum,  
stórar meiðmar  
ok staði Danpar,  
hrís þat et næra,  
es meðr Myrkvið kalla.
6. Höfði vatt Gunnarr;

ok Högna til sagði:  
 »hvat ræðr okr seggr enn æri  
 alls vit slíkt heyrum?;  
 goll vissak ekki  
 á Gnitaheiði  
 þats vit ættima  
 annat jafnmikit.

7. Sjau eigum salhús,  
 sverða full eru;  
 (hverju eru þeira  
 hjölt ór golli).  
 minn veitk mar baztan,  
 mæki hvassastan,  
 (boga bekkscæma  
 en brynjur ór golli),  
 hjalm ok skjöld hvítastan  
 kominn ór höll Kíars,  
 einn es minn betri  
 an sé allra Húna.

- H. kv. 8. Hvat hyggr brúði bendu,  
 þás okr baug sendi  
 varinn ulfs váðum;  
 hyggt at vörnuð byði;  
 hár fank heiðingja  
 riðit í hring rauðum,  
 ylfskr es vegr okkarr  
 at riða ørendi.

- × 9. Niðjargi hvöttu

- né náungr annarr,  
rýnendr né ráðendr,  
né þeirs ríkir váru.
10. Kvaddi þá Gunnarr  
sem konungr skyldi,  
mærr í mjöðranni,  
af móði stórum:  
»rís þú nú Fjörnir,  
lát á flet vaða  
greppa gollskálir  
með gumna höndum.
11. Ulfar munu ráða  
arfi Niflunga  
gamlir gránvarðir,  
ef Gunnars missir,  
birnir blakkfjallir  
bíta þreftönnum,  
gamna greystóði,  
ef Gunnarr né kemrat.\*
12. Leiddu landrögni  
lýðar óneisir  
grátendr gunnhvata  
ór garði ok Högna.  
Þá kvað enn æri  
erfivörðr Högna:  
heilir farið ok horskir,  
hvars ykr hugr teygir.
13. Fetum létu fræknir



of fjöll at þyrja  
 mari mélgreypa  
 myrkvið ókunnan,  
 hristisk öll Húnmörk,  
 þars harðmóðgir fóru,  
 ráku vandstyggva  
 völlu algræna.

14. Land sáu Atla  
 ok liðskjalfar djúpa  
 (Bikka greppar standa  
 á borg enni háu)  
 sal of suðrþjóðum  
 sleginn sessmeiðum  
 (bundnum röndum,  
 bleikum skjöldum)  
 daðar darraðar,  
 en þar drakk Atli  
 vín í valhöllu,  
 verðir sátu úti.  
 (at varða þeim Gunnari,  
 ef hans vitja kæmi,  
 með geiri gjallanda  
 at vekja gram hildi).

15. Systir fann þeira  
 snemst at í sal kómu  
 brœðr hennar báðir,  
 bjóri vas lítt drukkin;  
 »ráðinn est Gunnarr;

hvat munt ríkr vinna  
við Húna harmbrögðum?  
höll gakk ór snimma.

16. Betr hefðir bróðir,  
at í brynju færir  
sem hjalmum aringreypum  
at séa heim Atla;  
sætir í söðlum  
sólheiða daga  
(nár nauðfölvu  
létir nornir gráta,  
Húna skjaldmeyjar  
hervi kannu),  
en Atla sjalfan  
létir í ormgarð koma;  
(nú 's sá ormgarðr  
ykr of folginn).

G. kv. 17. Seinat es nú systir  
at samna Niflungum;  
langt es at leita  
lýða sinnis til  
of rosmufjöll Rínar,  
rekka óneissa.

18. Fengu þeir Gunnar  
ok í fjötur settu  
vin Borgunda  
ok bundu fastla.
19. Sjau hjó Högni

sverði hvössu  
 en enum átta  
 hratt í eld heitan;  
 (svá skal frækn  
 fjándum verjask  
 Högni varði hendr).

20. — — — Gunnars;  
 frágu fræknan  
 ef fjör vildi  
 gotna þjóðann  
 golli kaupa.

G. kv. 21. Hjarta skal mér Högna  
 í hendi liggja  
 blóðugt ór brjósti  
 skorit baldriða,  
 saxi slíðrbeittu  
 (syni þjóðans) — —.

22. Skáru þeir hjarta  
 Hjalla ór brjósti  
 blóðugt á þjóð lögðu  
 ok báru fyr Gunnar.

23. (Þá kvað þat Gunnarr,  
 gumna dróttinn):  
 Hér hefk hjarta  
 Hjalla ens blauða  
 óglíkt hjarta  
 Högna ens frækna,  
 es mjök bifask,

- es á bjóði liggr;  
 bifðisk halfu meir,  
 es í brjósti lá.
24. Hló þá Högni,  
 es til hjarta skáru  
 kvikvan kumbla meið,  
 kløkkva síz hugði;  
 blóðugt á bjóð lögðu  
 ok báru fyr Gunnar.
25. (Mærr kvað þat Gunnarr  
 geirniflungr:)  
 Hér hefk hjarta  
 Högna ens frækna  
 óglíkt hjarta  
 Hjalla ens blauða;  
 es lítt bifask,  
 es á bjóði liggr;  
 bifðisk svági mjök,  
 þás í brjósti lá.
26. Svá skalt Atli  
 augum fjarri  
 sem munt  
 menjum verða;  
 es und einum mér  
 öll of folgin  
 hodd Niflunga,  
 lifira nú Högni.
27. Ey vas mér týja,  
 meðan tveir lifðum,

- nú es mér engi,  
es einn lifik.
28. Rín skal ráða  
rógmalmi skatna,  
svinn áskunna,  
arfi Niflunga,  
í veltanda vatni  
lýsask valbaugar,  
heldr an á höndum goll  
skíni Húna börnum.
29. Ýkvið hvélvögnum,  
haptr es nú í böndum.
30. Atli enn ríki  
reið glaumi mönum,  
sleginn rógbornum,  
sifjungr þeira — —  
Goðrún — —  
varnaði við tárur,  
vaðin í þyshöllu.
31. »Svá gangi þér Atli  
sem við Gunnar áttir  
eiða opt svarða  
ok ár of nefnda  
at sól enni suðrhöllu  
ok at Sigtýs bergi,  
hölkvi hvílbedjar  
ok at hringi Ullar.  
(ok meir þaðan

menvörð bituls  
dolgrögni dró  
til dauðs skokr).

32. Lifanda gram  
lagði í garð,  
þannus skriðinn vas,  
skatna mengi,  
innan ormum,  
en einn Gunnarr  
heiptmóðr hörpu  
hendi kníði;  
(glumðu strengir,  
svá golli skal  
frækn hringdrifi  
við fira halda).
33. Atli lét rinna  
lands síns á vit  
jó eyrskáan  
aptr frá morði;  
dynr vas í garði,  
dröslum of þrungit,  
vápnsöngur virða,  
váru af heiði komnir.
34. Út gekk þá Goðrún  
Atla í gögn  
með gyltum kálki  
at reifa gjöld Rögnis :  
»þiggja knátt þengill  
í þinni höllu

glaðr at Goðrúnu  
at gnadda niðfarna.«

35. Umðu ölskálir  
Atla vínhöfgar,  
þás í höll saman  
Húnar of tölðusk,  
gumar gransíðir  
gengū inn hvatir.
36. Skævaði en skírleita  
— — — — —  
veigar þeim at bera,  
afkár dís jöfrum  
ok ölkrásir valði  
naudug neffölum,  
en nið sagði Atla.
37. Sona hefr þinna,  
sverða deilir,  
hjörtu hrædreyrug  
við hunang of tuggin,  
melta knátt móðugr,  
manna valbráðir  
eta at ölkrásum  
ok ór öndugi at senda.
38. Kallara síðan  
til knéa þinna  
Erp né Eitil  
ölreifa tváa;  
séra þú síðan

í seti miðju  
 golls miðlendr  
 geira skepta.  
 (manar meita  
 né mara keyra).

39. Ymr varð á bekkjum,  
 afkárr söngr virða,  
 gnýr und goðvefjum,  
 grétu börn Húna,  
 nema ein Goðrún,  
 es æva grét  
 bræðr sína berharða  
 ok buri svása.  
 (unga ófróða,  
 þás við Atla gat).
40. Golli søri Goðrún,  
 en gaglbjarta,  
 hringum rauðum  
 reifði húskarla;  
 sköp lét hón vaxa,  
 en skíran malm vaða,  
 æva fljóð ekki  
 gáði fjarghúsa.
41. Óvarr hafði Atli  
 óðan sik drukkit,  
 vápn hafði ekki,  
 varnaðit við Goðrúnu;  
 opt vas leikr betri,



- þás þau lint skyldu  
optar umb faðmask,  
fyr öðlingum.
42. Hón beði broddi  
gaf blóð at drekka  
hendi helfússi  
ok hvelpa leysti,  
hratt fyr hallar dyrr,  
ok húskarla vakði  
brandi brúðr heitum;  
þau lét brœðra gjöld.
43. Eldi gaf alla,  
þás inni váru  
ok frá morði Gunnars  
kómu ór myrkviði,  
forn timbr fellu,  
fjarghús of ruku,  
bær brann Buðlunga,  
brunnu ok skjaldmeyjar.  
(inni aldrstamar  
hnigu í eld heitan).
44. Fullrætt 's of þetta,  
ferr engi svá síðan  
brúðr í brynju  
brœðra at hefna;  
hón hefr þriggja  
þjóðkonunga

banorð borit  
björt áðr sylti.

Enn segir glöggra í Atlamálum enum  
grænlenzkum.



## Atlamál en grænlenzku.

1. Frétt hefr öld óvu,  
þás endr of gerðu  
seggir samkundu,  
sú vas nýt fæstum,  
æxtu einmæli,  
yggst vas þeim síðan  
ok et sama sonum Gjúka,  
es váru sannráðnir.
2. Sköp váru skjöldunga,  
skyldu þeir feigir,  
illa rézk Atla,  
átti þó hyggju,  
feldi stoð stóra,  
stríddi sér harðla,  
af bragði boð sendi  
at kvæmi brátt mágar.
3. Horsk vas húsfreyja,  
hugði at manviti,  
lag heyrði orða

hvat á laun mæltu;  
þá vas vant vitri,  
vildi þeim hjalpa,  
skyldu of sæ sigla,  
en sjalf né komskat.

4. Rúnar nam at rísta,  
rengði þær Vingi,  
fárs vas flýtandi,  
áðr hann fram seldi;  
fóru þá síðan  
sendimenn Atla  
fjörð Lima yfir,  
þars frœknir bjoggu.

5. Ölværir urðu  
ok elda kyndu;  
hugðu vætr véla,  
es váru komnir;  
tóku þeir fórnir,  
es þeim friðr sendi,  
hengðu á súlu,  
hugðut þat varða.

6. Kom þá Kostbera,  
kvæn vas hón Högna,  
kona kapps gálig,  
ok kvaddi þá báða,  
glöð vas ok Glaumvör,  
es Gunnarr átti,

- fellskat saðr sviðri,  
sýsti of þörf gesta.
7. Buðu heim Högna,  
ef þá heldr færi,  
sýn vas svipvísi,  
ef þeir sín gæði;  
hét þá för Gunnarr,  
ef Högni vildi,  
Högni því níttit,  
es hinn of réði.
8. Báru mjöð mærar,  
margs vas alls-beini,  
fór þar fjölð horna,  
unz þótti fulldrukkít,  
hjú gerðu hvílu  
sem þeim hægst þótti.
9. Kend vas Kostbera,  
kunni skil rúna,  
inti orð stafa  
at eldi ljósum;  
gæta varð hón tungu  
í góma báða,  
váru svá viltar,  
at vas vant at ráða.
10. Sæing fóru síðan  
sína þau Högni;  
dreymði dróttláta,  
dulði þess vætki;

sagði horsk hilmi,  
þegars hón réð vakna.

Kb. kv. 11. Heiman gerisk Högni,  
hygg þú at ráðum,  
fár es fullrýninn,  
far þú í sinn annat,  
réð ek þær rúnar,  
es reist þín systir,  
björt hefr þér eigi  
boðit í sinn þetta.

12. Eitt ek mest undrumk,  
mákat enn hyggja,  
hvat þá varð vitri,  
es skyldi vilt rísta;  
svá vas á vísat  
sem undir væri  
bani ykkarr beggja,  
ef bráðla kæmið.  
(vant es stafs vífi  
eða valda aðrir).

Hö. kv. 13. Allar ro illúðgar,  
ákka þar kynni,  
vilka þess leita,  
nema launa eigim,  
okr mun gramr gollí  
reifa glóðrauðu;  
óumk ek aldrigi,  
þótt vér ógn fregnim.

- Kb.kv. 14. Stopalt munuð ganga,  
ef it stundið þangat,  
ykr mun ástkynni  
eigi í sinn þetta;  
dreymði mik Högni,  
dyljumk þat eigi;  
ganga mun ykr andæris,  
eða ella hræðumk.
15. Blæju hugðak þína  
brinna í eldi,  
hryti hár logi  
hús mín í gögnum.
- Hö.kv. Liggja hér línklæði,  
þaus ér lítt rœkið;  
þau munu brátt brinna,  
þars þú blæju sátt.
- Kb.kv. 16. Björn hugðak inn kominn,  
bryti upp stokka,  
hristi svá hramma,  
at vér hrædd yrðim,  
munn oss mörg hefði,  
svát vér mættim ekki,  
þar vas ok þrömmun  
þeygi svá lítil.
- Hö.kv. 17. Veðr mun þar vaxa,  
verða ótt snimma,  
hvítabjörn hugðir,  
þar mun hregg austan.

- Kb. kv. 18. Örn hugðak inn fljúga  
 at endlöngu húsi,  
 þat mun oss drjúgt deilask,  
 dreifði oss öll blóði;  
 hugðak af heitum  
 at væri hamr Atla.
- Hö. kv. 19. Slátrum sýsliga,  
 séum þá roðru,  
 opt 's þat fyr øxnum,  
 es örnú dreymir;  
 heill es hugr Atla,  
 hvatki 's þik dreymir. —  
 Lokit því létu,  
 líðr hver ræða.
20. Vöknuðu vel borin,  
 vas þar sams dæmi,  
 gættisk þess Glaumvör,  
 at væri grand svefna  
 — — — við Gunnar  
 at fáa tvær leiðir.
- Gl. kv. 21. Görvan hugðak þér galga,  
 gengir at hanga,  
 æti þik ormar  
 yrðak þik kvikvan;  
 gerðisk rök ragna,  
 ráð hvat þat væri.
22. — — — — —
23. Blóðgan hugðak mæki



borinn ór serk þínum;  
ilt es svefn slíkan  
segja nauðmanni.

24. Geir hugðak standa  
í gögnum þik miðjan,  
emjuðu ulfar  
á endum báðum.

G. kv. Rakkar þar rinna,  
ráðask mjök geyja;  
opt verðr glaumr hunda  
fyr geira flaugun.

- Gl. kv. 25. Á hugðak inn rinna  
at endlöngu húsi,  
þyti af þjósti,  
þeystisk of bekki,  
bryti fætr ykra  
bræðra hér tveggja,  
gerðit vatn vægja;  
vesa mun þat fyr nøkkvi.

G. kv. 26. — — — — —

- Gl. kv. 27. Konur hugðak dauðar  
koma í nótt hingat,  
væri vart búnar,  
vildi þik kjósa,  
byði þér bráðliga  
til bekkja sinna;  
ek kveð aflima  
orðnar þér dísir.

- G. kv. 28. Seinat 's at segja,  
 svá es nú ráðit;  
 forðumka för þó,  
 alls þó 's fara ætlat;  
 mart 's mjök glíkligt,  
 at mynim skammæir.
29. Litu es lýsti,  
 létusk þeir fúsir  
 allir upp rísa,  
 önnur þau löttu,  
 fóru fimm saman,  
 fleiri til váru  
 halfu húskarlar,  
 hugat vas því illa.
30. Snævarr ok Sólarr,  
 synir váru Högna,  
 Orkning þann hétu,  
 es þeim enn fylgði,  
 (blíðr vas börr skjaldar  
 bróðir hans kvánar)  
 fóru fagrbúnar,  
 unz þau fjörðr skilði,  
 löttu ofvalt ljósar;  
 létuat heldr segjask.
31. Glaumvör kvað at orði,  
 es Gunnarr átti,  
 mælti við Vinga,  
 sem henni vert þótti:

- veitka hvárt verð launið  
at vilja ossum;  
glœpr 's gests kváma,  
ef í gerisk nakkvat.
32. Sór þá eið Vingi,  
sér réð lítt eira:  
»eigi hann jötnar,  
ef at yðr lygi,  
galgi görvallan,  
ef á grið hygði.«
33. Bera kvað at orði,  
blíð í hug sínum:  
siglið ér sælir  
ok sigr of árnið;  
fari sem fyr mælik;  
fæst eigi því níta.
34. Högni svaraði,  
hugði gótt nánnum:  
huggizk it horskar,  
hvégi 's þat gervisk,  
mæla þat margir,  
missir þó stórum,  
mörgum ræðr lítlu,  
hvé verðr leiddr heiman.
35. Sáusk til síðan,  
áðr í sundr hyrfi,  
þá hygg sköp skiptu,  
skilðusk vegir þeira.

36. Róa námu ríki,  
rifu kjöl halfan,  
beystu bakföllum,  
brugðusk heldr reiðir,  
hömlur slitnuðu,  
háir brotnuðu,  
gerðut far festa,  
áðr þeir frá hyrfi.
37. Líttu ok lengra,  
lok munk þess segja,  
bæ sáu standa,  
es Buðli átti;  
hátt hrikðu grindir  
es Högni kníði.
38. Orð kvað þá Vingi,  
þat es án væri:  
farið firr húsi,  
flátt es til sækja,  
brátt hefk ykr brenda,  
bragðs skuluð höggvir,  
(fagrt baðk ykr kómu,  
flátt vas þó undir)  
ella heðan biðið  
meðan ek högg yðr galga.
39. Orð kvað hitt Högni,  
hugði lítt vægja,  
varr at véttugi,  
es varð at reyna:

- hirða oss hræða,  
haf þat fram sjaldan,  
ef þú eykr orði,  
ilt munt þér lengja.
40. Hrundu þeir Vinga  
ok í hel drápu,  
øxar at lögðu,  
meðan í önd hixti.
41. Flykðusk þeir Atli  
ok fóru í brynjur,  
gengu svá görvir,  
at vas garðr milli;  
urpusk á orðum  
allir senn reiðir:  
»fyrr várum fullráða  
at firra yðr lífi.«
42. »Á sér þat illa,  
ef höfðuð áðr ráðit,  
en eruð óbúnir  
ok höfum einn feldan,  
lamðan til heljar,  
liðs vas sá yðvars.«
43. Óðir þá urðu,  
es þat orð heyrðu,  
forðuðu fingrum  
ok fengu í snæri;  
skutu skarpliga  
ok skjöldum hlífðusk.

44. Inn kom andspilli,  
hvat úti drygðu  
halir fyr höllu,  
heyrðu þræl segja;  
ötul vas þá Goðrún,  
es ekki heyrði,  
hlaðin halsmenjum,  
hreytti görvöllum.  
(sløngði svá silfri,  
at í sundr hrutu baugar).
45. Út gekk hún síðan,  
ypðit lítt hurðum,  
fóra fœlt þeygi  
ok fagnaði komnum,  
hvarf til Hniflunga,  
sú vas hinzt kveðja,  
fylgði saðr slíku,  
sagði mun fleira.
46. »Leitaðak í líkna,  
at letja ykr heiman,  
sköpum viðr mangi,  
ok skuluð þó komnir.«  
Mælti af manviti,  
ef mundu sættask;  
ekki at réðusk,  
allir ní kóðu.
47. Sá þá sælborin,  
at þeir sárt léku;

hugði á harðræði  
ok hrauzk ór skikkju,  
nøkðan tók mæki  
ok niðja fjör varði,  
hæg vasat hjaldri,  
hvars hón hendr festi.

48. Dóttir lét Gjúka  
drengi tváa hníga,  
bróður hjó Atla,  
bera varð þann síðan;  
(skapði svá skæru,  
skeldi fót undan)  
annan réð höggva,  
svát sá upp reisat,  
í helju þann hafði,  
þeygi hendr skulfu.
49. Þjörku þar gerðu,  
þeiri vas við brugðit,  
þat brá of alt annat,  
es unnu börn Gjúka;  
svá kóðu Hniflunga,  
meðan sjalfir lifðu,  
skapa sókn sverðum,  
slítask af brynjur.  
(höggva svá hjalma  
sem þeim hugr dygði).
50. Morgin mest vágu,  
unz miðjan dag líddi,

(óttu alla  
ok öndurðan dag)  
fyrir vas fullvegit,  
flóði völlr blóði,  
átján áðr fellu,  
øfri þeir urðu,  
Beru tveim sveinum  
ok bróður hennar.

51. Röskr tók at ræða,  
þótt hann reiðr væri:  
ilt es umb lítask,  
yðr es þat kenna,  
várum þrír tígir,  
þegnar vígligir,  
eptir lifum ellifu,  
ór es þar brunnit.
52. Bræðr vér fimm várum,  
es Buðla mistum,  
hefr nú hel halfa,  
en höggfir tveir liggja.
53. Mægð gat ek mikla,  
mákak því leyna,  
konu váliga,  
knáka þess njóta;  
hljótt áttum sjaldan  
síz komt í hendr ossar,  
(firðan mik frændum  
féi opt svikinn)



senduð systur helju,  
slíks ek mest kennumk.

G. kv. 54. Getr þú þess Atli,  
gerðir svá fyrri,  
móður tókt mína  
ok myrðir til hnossa,  
svinna systrungu  
sveltir í helli,  
hlægligt mér þat þykkir,  
es þinn harm tínr.  
(goðum ek þat þakka,  
es þér gengsk illa).

A. kv. 55. Eggjak yðr, jarlar,  
auka harm stóran  
vífs ens vegliga,  
viljak þat líta,  
kostið svá keppa  
at klökkvi Goðrún,  
séa þat mættak,  
at hón sér né ynðit.

56. Takið ér Högna  
ok hylðið með knífi,  
skerið ór hjarta,  
skuluð þess görvir,  
Gunnar grimmúðgan  
á galga festið,  
bellið því bragði,  
bjóðið til ornum.

- H. kv. 57. Ger sem til lystir,  
gláðr munk þess bíða,  
röskr munk þér reynask,  
reynt hefk fyrr brattan,  
höfðuð ér hnekking,  
meðan heilir várum,  
nú erum svá sárir,  
at mátt sjalfr valda.
58. Beiti þat mælti,  
bryti vas hann Atla:  
tökum vér Hjalla,  
en Högna forðum,  
höggum halfyrkjan,  
hann es skapdauði,  
lífira svá lengi,  
löskr mun æ heitinn.
59. Hræddr vas hvergætir,  
helta in lengr rúmi,  
kunni klökkur verða,  
kleif í rá hverja,  
vesall lézk vígs þeira,  
es skyldi váss gjalda,  
ok sinn dag dapran  
at deyja frá svínum.  
(allri örkostu,  
es hann áðr hafði).
60. Tóku brás Buðla  
ok brugðu til knífi,

œpði illþræli  
 áðr odds of kendi,  
 tóm lézk at eiga  
 teðja vel garða,  
 vinna et vergasta,  
 ef hann við rétti.  
 (feginn lézk þó Hjalli  
 at hann fjör þægi).

61. Gættisk þess Högni,  
 gerva svá færi,  
 at árna ánauðgum,  
 at undan gengi:  
 »fyr kveðk mér minna  
 at fremja leik þenna,  
 hví mynim hér vilja  
 heyra á þá skræktun? «
62. Þrifu þjóðgóðan,  
 þá vas kostur engi  
 rekkum rakklátum  
 ráð enn lengr dvelja;  
 hló þá Högni,  
 heyrðu dagmegir,  
 keppa svá kunni,  
 kvöl hann vel þolði.
63. Hörpu tók Gunnarr,  
 hrærði ilkvistum,  
 sláa hann svá kunni,  
 at snótir grétu,

klukku þeir karlar,  
 es kunnu görst heyra,  
 ríkri ráð sagði,  
 raptar sundr brustu.

64. Dóu þá dýrir,  
 dags vas heldr snemma,  
 létu á lesti  
 lifa íþróttir.

65. Stórr þóttisk Atli,  
 sté of þá báða,  
 horskri harm sagði  
 ok réð heldr at bregða:  
 »morginn 's nú Goðrún,  
 mist hefr þér hollra,  
 sums est sjalfskapa,  
 at hafi svá gengit.«

G. kv. 66. Feginn est Atli,  
 ferr þú víg lýsa,  
 á munu þér iðrar,  
 ef þú alt reynir;  
 sú mun erfð eptir,  
 ek kann þér segja,  
 ills gengsk þér aldri  
 nema ek ok deyja.

A. kv. 67. Kanka slíks synja,  
 sék til ráð annat  
 halfu hógligra,  
 höfnum opt góðu,

mani munk þik hugga,  
mætum ágætum,  
silfri snæhvítu,  
sem þú sjalf vilir.

G. kv. 68. Ón es þess engi,  
ek vil því níta;  
sleit ek þá sáttir,  
es váru sakar minni;  
afkár áðr þóttak,  
á mun nú gæða,  
hræfðak of hotvetna  
meðan Högni lifði.

69. Alin vit upp várum  
í einu húsi,  
lékum leik margan  
ok í lundi óxum,  
gæddi okr Grímhildr  
golli ok halsmenjum;  
bana munt mér brœðra  
bæta aldri.  
(né vinna þess ekki  
at mér vel þykki).

70. Kostum drepr kvinna  
karla ofríki,  
í kné gengr hnefi  
ef kvistir þverra,  
tré tekr at hníga,  
ef høggr tág undan;

- nú mátt einn Atli  
öllu hér ráða.
71. Gnótt vas grunnýðgi,  
es gramr því trúði,  
sýn vas svipvísi,  
ef hann sín gæði;  
kröpp vas þá Goðrún,  
kunni of hug mæla,  
létt hón sér gerði,  
lék hón tveimr skjöldum.
72. Æxti öldrykkjur  
at erfa bræðr sína,  
samr lézk ok Atli  
at sína gerva;  
lokit því létu,  
lagat vas drykkju,  
sú vas samkunda  
við svörfun ofmikla.
73. Ströng vas stórhuguð,  
stríddi hón ætt Buðla,  
vildi ver sínum  
vinna ofrhefndir;  
lokkaði lítla  
ok lagði við stokki,  
glúpnuðu grimmir  
ok grétu þeygi.  
(fóru í faðm móður,  
fréttu hvat þá skyldi).

74. „Spyrið lítt eptir,  
spilla ætlak báðum  
lyst várumk þess lengi  
at lyfja ykr elli.“  
„Blótt sem vill börnum,  
bannar þat mangi,  
skömm mun ró reiði,  
ef reynir görva.“
75. Brá þá barnæsku  
bræðra en kappsvinna,  
skiptit skapliga,  
skar hón á hals báða;  
enn frétti Atli,  
hvert farnir væri  
sveinar hans leika,  
es hann sá þá hvergi.
- G. kv. 76. Yfir ráðumk ganga  
Atla til segja;  
dylja munk þik eigi  
dóttir Grímhildar,  
glaða munat þik Atli,  
ef görva reynir,  
• vakðir vá mikla,  
es vátt bræðr mína.
77. Svaf ek mjök sjaldan  
síðans þeir fellu,  
hét ek þér hörðu,  
hefk þik nú mintan,  
morgin mér sagðir,

mank enn þann görva,  
nú es ok aptann,  
átt slíkt at fréttu.

78. Maga hefr þinna  
mist sem sízt skyldir,  
hausu veizt þeira  
hafða at ölskálum,  
drygðak þér svá drykkju,  
dreyra blettk þeira.

79. Tók ek þeira hjörtu  
ok á teini steikðak,  
seldak þér síðan,  
sagðak at kalfs væri;  
(einn þú því ollir,  
ekki rétt leifa,  
töggst þú tíðliga  
trúðir vel jöxlum)  
barna veizt þinna,  
biðr sér fár verra,  
hlut veld ek mínum,  
hælumk þó ekki.

A. kv. 80. Grimm vast þú Goðrún,  
es gera svá máttir,  
barna þinna blóði  
at blanda mér drykkju,  
snýtt hefr þú sífjungum,  
sem þú sízt skyldir,



mér lætr þú ok sjalfum  
millum ills lítit.

G. kv. 81. Vili mér enn væri  
at vega þik sjalfan,  
fátt es fullilla  
farit við gram slíkan,  
drygt þú fyrr hafðir  
þats dæmi vissut  
heimsku, harðræðis  
í heimi þessum.  
(nú hefr þú enn aukit,  
þats áðan frágum,  
greipt glæp stóran,  
gört hefr þitt erfi).

A. kv. 82. Brend munt á báli  
ok barið grjóti áðr,  
þá hefr þú árnat,  
þats þú æ beiddisk.

G. kv. Seg þú þér slíkar  
sorgir ár morgin,  
friðra vilk dauða,  
fara í ljós annat.

83. Sátu samtýnis,  
sendusk fárhugi,  
hendusk heiptyrði,  
hvártki sér unði;  
heipt óx Hniflungi,  
hugði á stórræði,

gat fyr Goðrúnu  
at væri grimmr Atla.

84. Kómu í hug henni  
Högna viðfarar,  
talði happ hánun,  
ef hann hefnt ynni;  
veginns vas þá Atli,  
vas þess skamt bíða,  
sonr vá hann Högna,  
sjalf olli Goðrún.

85. Röskr tók at ræða,  
rakðisk ór svefni,  
kendi brátt benja,  
bands kvað þörf enga:  
»segið et sannasta,  
hverr vá son Buðla,  
emkak lítt leikinn,  
lífs telk ván enga«.

G. kv. 86. (Dylja munk þik eigi  
dóttir Grímhildar)  
Látumk því valda,  
es líðr þína ævi,  
en sumu sonr Högna,  
es þik sár mæða.

A. kv. Vaðit hefr at vígi  
þótt værit skapligt,  
ílt es vin véla,  
þanns þér vel trúir.

(beiddr fór ek heiman  
at biðja þín, Goðrún).

87. Leyfð vast þú ekkja  
létu stórráða  
varða ván lygi,  
es vér of reyndum;  
fórt þú heim hingat,  
fylgði oss herr manna,  
alt vas ítarligt  
of órar ferðir.

88. Margs vas alls-sómi  
manna tíginna,  
naut váru ærin,  
nutum af stórum,  
(þar vas fjöld þéar,  
fengu til margir)  
mund galt ek mærrí  
meiðma fjöld þiggja,  
þræla þría tōgu,  
þýjar sjau góðar.  
(sæmð vas at slíku,  
silfr vas þó meira).

89. Lézt þér alt þykkja  
sem ekki væri,  
meðan lönd lágu,  
es mér leifði Buðli,  
gróft þú svá undir,  
gerðit hlut þiggja;

sværu lézt þína  
sitja opt grátna.  
(fanka í hug heilum  
hjóna vætr síðan).

G. kv. 90. Lýgr þú nú, Atli,  
þótt þat lítt rekjak;  
heldr vask hæg sjaldan,  
hófsk þú þó stórum;  
börðuzk ér bræðr ungir,  
báruzk róg milli,  
halft gekk til heljar  
ór húsi þínu.

(hroldi hotvetna  
þats til hags skyldi).

91. Þríu várum systkin,  
þóttum óvægin,  
fórum af landi,  
fylgðum Sigurði,  
skæva vér létum,  
skipi hvert stýrði,  
örkuðum at auðnu  
unz vér austr kómum.

92. Konung drápum fyrstan,  
kurum land þaðra,  
hersar oss á hönd gengu,  
hræzlu þat vissi,  
vágum ór skógi  
þanns vildum sýknan,

settum þann sælan,  
es sér né áttit.


93. Dauðr varð enn húnski,  
drap þá brátt kosti,  
strangt vas angr ungri  
ekkjú nafn hljóta;  
kvöl þótti kvikri  
at koma í hús Atla,  
átti áðr kappi,  
illr vas sá missir.

94. Komtat af þingi,  
es vér þat frægim,  
at þú sök sættir  
né slekðir aðra,  
vildir ofvalt vægja  
en vætki halda,  
kyrt of því láta.
- — — — —

- A. kv. 95. Lýgr þú nú Goðrún,  
lítt mun við bœtask  
hluti hvárigra,  
höfum öll skarðan;  
ger þú nú Goðrún  
af gæzku þinni  
okr til ágætis,  
es mik út hefja.

- G. kv. 96. Knörr munk kaupa  
ok kistu steinda,

- vexa vel blæju  
at verja þitt líki,  
hyggja á þörf hverja  
sem vit holl værim.
- 97. Nár varð þá Atli,  
niðjum stríð æxti,  
efndi ítrborin  
alt þats réð heita;  
fróð vildi Goðrún  
fara sér at spilla,  
urðu dvöl dægra,  
dó hón í sinn annat.
- 98. Sæll es hverr síðan,  
es slíkt getr fœða  
jóð at-afreki  
sems ól Gjúki;  
lifa mun þat eptir  
á landi hverju  
þeira þrámæli,  
hvargis þjóð heyrir.





## Goðrúnarhvöt.

### Frá Goðrúnu.

---

Guðrún gekk þá til sævar, er hon hafði drepit Atla, gekk út á sæinn ok vildi fara sér. Hon mátti eigi sökkva. Rak hana yfir fjörðinn á land Jónakrs konungs. Hann fekk hennar. Þeira synir váru þeir Sörli ok Erpr ok Hamðir. Þar fæddisk upp Svanhildr Sigurðardóttir. Hon var gipt Jörmunrekk enum ríkja. Með hánum var Bikki. Hann réð þat, at Randvér konungsson skyldi taka hana. Þat sagði Bikki konungi. Konungr lét hengja Randvé, en troða Svanhildi undir hrossa fótum. En er þat spurði Guðrún, þá kvaddi hon sonu sína.

### I.

1. Þá frák sennu  
slíðrfengligsta,  
trauð mál talið  
af trega stórum,

es harðhuguð  
 hvatti at vígi  
 grimmum orðum  
 Goðrún sonu.

2. Hví sitið ér?  
 hví sofið lífi?  
 hví tregrat ykr  
 teiti at mæla,  
 es Jörmunrekkur  
 yðra systur  
 unga at aldri  
 jóum of traddi.  
 (hvítum ok svörtum  
 á hervegi  
 gráum gangtömum  
 Gotna hrossum).
3. Urðua it glíkir  
 þeim Gunnari,  
 né in heldr hugðir  
 sem Högni vas;  
 hennar munduð  
 hefna leita,  
 ef móð ættið  
 minna brœðra.  
 (eða harðan hug  
 Húnkonunga).
4. Þá kvað þat Hamðir  
 enn hugumstóri:



Lítt myndir þú  
leyfa dáð Högna,  
þás Sigurð vökðu  
svefni ór,  
bækr váru þínar  
enar bláhvítu  
roðnar í vers dreyra  
folgnar í valblóði.

5. Urðu þér ballra  
bræðra hefndir  
slíðrar ok sárar,  
es sonu myrðir;  
knættim allir  
Jörmunrekki  
samhyggjendr  
systur hefna.
6. Berið hnossir fram  
Húnkonunga;  
hefr þú okr hvatta  
at hjörþingi.
7. Hlæjandi Goðrún  
hvarf til skemmu,  
kumbl konunga  
ór kerum valði,  
síðar brynjur,  
ok sonum færði;  
hlóðusk móðgir  
á mara bógu.
8. (Þá kvað þat Hamðir

enn hugumstóri):  
 Svá kemsk meir aptr  
 móður at vitja  
 geir-Njörðr hniginn  
 á Goðþjóðu,  
 at þú erfi  
 at öll oss drekkir,  
 at Svanhildi  
 ok sonu þína.

9. Goðrún grátandi  
 Gjúka dóttir  
 gekk tregliga  
 á tái sitja  
 ok at telja  
 tárughlýra  
 móðug spjöll  
 á margan veg.
10. Þrjá vissak elda,  
 þrjá vissak arna,  
 vask þrimr verum  
 vegin at húsi;  
 einn vas mér Sigurðr  
 öllum betri,  
 es bræðr mínir  
 at bana urðu.
11. Svártra sára  
 sákat né kunnu
- — — — —

meir þóttusk þeir  
mér of stríða,  
es mik öðlingar  
Atla gáfu.

12. — — — — —

Húna hvassa  
hétk mér at rúnum,  
máttigak bölvu  
bætr of vinna,  
áðr hnófk höfuð  
af Hniflungum.

13. Gekk ek til strandar,  
gröm vask nornum,  
vildak hrinda  
† stríð grið þeira,  
hófu mik, né drekðu,  
hávar bárur,  
því land of sték,  
at lifa skyldak.

14. Gekk ek á beð,  
hugðumk betra fyrir,  
þriðja sinni  
þjóðkonungi;  
ól ek mér jóð,  
erfivörðu,  
erfivörðu,  
Jónakrs sonu.

15. En of Svanhildi  
sátu þýjar,  
es minna barna  
bázt fullhugðak,  
svá vas Svanhildr  
í sal mínum  
sem væri sœmleitr  
sólar geisli.
16. Gœddak golli  
ok goðvefjum,  
áðr ek gæfak  
Goðþjóðar til;  
þat 's mér harðast  
harma minna  
of þann enn hvíta  
hadd Svanhildar.  
(auri tröddu  
und jóa fótum).
17. En sá sárastr,  
es Sigurð minn  
sigri ræntan  
í sæing vágu,  
en sá grimmastr,  
es Gunnari  
fránir ormar  
til fjörs skriðu.
18. En sá hvassastr,


es hjarta til  
konung óblauðan  
kvikvan skáru;  
fjölð mank bölva . . . .

## II.

- 19(1). Beit þú Sigurðr  
enn blakka mar,  
hest enn hraðføera  
lát hinig rinna;  
sitr eigi hér  
snør né dóttir,  
sús Goðrúnu  
gæfi hnossir.
- 20(2). Minzk þú Sigurðr,  
hvat mæltum vit,  
þás vit á beð  
bæði sátum,  
at myndir mín  
móðugr vitja  
halr ór helju,  
en ek ór heimi þín.
- 21(3). Hlaðit ér jarlar  
eikiköstu,  
látið þann und hilmi  
hæstan verða,  
megi brenna brjóst

bölvafult eldr,  
þrungit of hjarta  
þiðni sorgir.

22. Jörlum öllum  
óðal batni,  
snótum öllum  
sorg at minni,  
at þetta tregróf  
of talit væri.



mei þenna þjóst  
hæstan verða,  
látið þann and hjarta  
eikiköstu,  
Hljóit er jarlar  
er ok er þenni þin



## Hamðismál.

---

1. Spruttu á tái  
tregnar íðir,  
græti alfa  
en glýstömu,  
ár of morgin  
manna bölvu  
sútir hverjar  
sorg of kveykva.
2. Vasa þat nú  
né í gær,  
þat hefr langt  
liðit síðan,  
es hvatti Goðrún  
Gjúka borin  
sonu sína unga  
at hefna Svanhildar.
3. Es fátt fornara,  
fremr vas þat halfu.

G. kv. 4. Systir vas ykkur  
Svanhildr of heitin,

sús Jörmunrekkur  
jóum of traddi  
hvítum ok svörtum  
á hervegi,  
gráum gangtömum  
Gotna hrossum.

5. Eptir es ykr þrungit  
þjóðkonunga;  
lífið einir ér  
þátta ættar minnar.
6. Einstæð emk orðin  
sem ösp í holti,  
fallin at frændum  
sem fura at kvisti,  
vaðin at vilja  
sem viðr at laufi,  
þás en kvistskæða  
kemr of dag varman.
7. Hitt kvað þá Hamðir  
enn hugumstóri:  
lítt myndir þá Goðrún  
leyfa dáð Högna,  
es þeir Sigurð  
svefni ór vökðu,  
sagt þú á beði,  
en banar hlógu.
8. Bækr váru þínar  
enar bláhvítu



roðnar valblóði,  
flutu í vers dreyra;  
svalt þá Sigurðr,  
sagt þú of dauðum,  
glýja né gáðir,  
Gunnarr þér svá vildi.

9. Atla þóttisk stríða  
at Eitils morði  
ok at Erps aldragi,  
þat vas þér enn verra,  
svá skyldi hverr öðrum  
verja til aldraga  
sverði sárbeitu,  
at sér né stríddit.
10. Hitt kvað þá Sörli,  
svinna hafði hyggju:  
vilkat við móður  
málum of skipta,  
orðs þykkir enn vant  
ykr hváru tveggja;  
hvers biðr þú nú Goðrún,  
es fyr gráti né færat?
11. Bræðr grætr þú þína  
ok buri svása,  
niðja náborna,  
leidda nær rógi;  
skalt þú ok Goðrún  
okr gráta báða;

- sitjum feigir á mörum,  
fjarri munum deyja.
12. Gengu ór garði,  
görvir at eiskra;  
liðu þá yfir ungir  
úrig fjöll — —  
mörum húnlenzkum  
morðs at hefna.
13. Fundu á stræti  
stórbrögðóttan  
— — — — —  
„hvé mun jarpskamr  
okr fultingja?“
14. Svaraði enn sundrmæðri,  
svá kvazk veita mundu  
fulting frændum  
sem fótr öðrum.  
„Hvat megi fótr  
føeti veita,  
né holdgróin  
hönd annarri?“
15. Þá kvað þat Erpr  
einu sinni,  
mærr of lék  
á mars baki:  
„ilt 's blauðum hal  
brautir kenna“;  
kóðu harðan mjök  
hornung vesa.
16. Drógu ór skíði  
skíði-éarn,  
mækis eggjar

- at mun flagði,  
þverðu þrótt sinn  
at þriðjungi,  
létu mög ungan  
til moldar hníga.
17. Skóku loða,  
skalmir festu,  
góðbornir smugu  
í goðvefi.
18. Fram lágu brautir,  
fundu vástígu  
ok systurson  
sáran á meiði,  
vargtré vindköld  
vestan bæjar,  
trýtti æ trönu hvöt,  
títt vasat bíða.
19. Glaumr vas í höllu,  
halir öltreifir,  
ok til gota ekki  
gerðu at heyra,  
áðr halr hugfullr  
í horn of þaut.
20. Segja fóru jarlar  
Jörmunrekki,  
at sénir váru  
seggir und hjalmum,  
»ræðið ér of ráð,  
ríkir eru komnir,

fyr mátkum hafið mönnum  
mey jóum tradda.«

21. Hló þá Jörmunrekr,  
hendi drap á kanpa,  
beiddisk at bröngu,  
böðvaðisk at víni,  
skók hann skör jarpa,  
sá á skjöld hvítan,  
lét sér í hendi  
hvarfa ker gollit.

- J. kv. 22. Sæll ek þá þættumk,  
ef séa knættak  
Hamði ok Sörla  
í höllu minni,  
buri myndak binda  
með boga strengjum,  
góð börn Gjúka dóttur  
á galga festa.

23. Hitt kvað þá Hróðrglöð,  
stóð of hléðum,  
mæfingr mælti  
við mög þenna.

24. »Þvíat þat heita,  
at hlýðigi myni;  
megut tveir menn einir  
tíu hundruð Gotna  
binda eða berja  
í borg enni háu.«

25. Styrir varð í ranni,  
stukku ölskálir,  
í blóði bragnar lágu  
ór brjósti Gotna.
26. (Hitt kvað þá Hamðir  
enn hugumstóri:)  
Æstir Jörmunrekkir  
okkarrar kvámu,  
bræðra sammœðra  
innan borgar þinnar;  
fótum sér þú þínum,  
höndum sér þínum  
Jörmunrekkir orpit  
í eld heitan.
27. Þá hraut við ræsir  
enn reginkungi,  
ballr í brynju,  
sem björn of hryti:  
»grýtið ér gumna,  
alls geirar né bíta,  
eggjar né éarn,  
Jónakrs sonu.«
28. (Hitt kvað þá Hamðir  
enn hugumstóri:)  
Böl vant þú bróðir,  
es þann belg leystir;  
opt ór þeim belg

böll ráð kómu.

S. kv. Hug hefr þú Hamðir,  
ef hefðir hyggjandi,  
mikils es á mann hvern  
vant es manvits es.

H. kv. 29. Af væri nú höfuð,  
ef Erpr of lifði,  
bróðir enn böðfrækni,  
es á braut vágum,  
hvárr enn víðfrækni,  
hvöttumk at dísir,  
guma ens gunnhvata  
gerðumk at vígi.

S. kv. 30. Ekki hygg ek okr  
vesa ulfa dæmi,  
at mynir sjalfir of sakask  
sem grey norna,  
þaus gráðug eru  
í auðn of alin.

31. Vel höfum vegit,  
stöndum á val Gotna  
ofan eggmóðum  
sem ernir á kvisti,  
góðs fengum tírar  
þótt nú eða í gær deyjum,  
kveld lifir ekki  
maðr ept kvið norna.

32. Þar fell Sörli  
at salar gafli,  
en Hamðir hné  
at húsbaki.

Þetta eru kölluð Hamðismál en fornu.



## Viðbætur.

### Sólarljóð.

(Samsteypa af kristilegum kvæðum frá 12. öld.)

#### I.

1. Fé ok fjörvi  
rænti fyrða kind  
sá enn grimmi greppr;  
of þann veg,  
es hann varðaði,  
náði engi kvíkr komausk.
2. Einn hann át  
opt harðliga,  
aldri bauð manni til matar,  
áðr en móðr  
ok meginlítill gestr  
gangandi af götu kom.
3. Drykks of þurfi  
lézk enn dæsti maðr  
ok vanmettr vesa,



- hræddu hjarta  
hann lézk trúa þeim,  
es áðr hafði vályndr verit.
4. Mat ok drykk  
veitti þeims móðr of vas  
alt af heilum hug;  
goðs hann gáði,  
góðu honum beindi,  
es hugði váligan vesa.
5. Upp hann stóð,  
ilt hann hugði,  
eigi vas þarfsamliga þegit;  
synð hans svall,  
sofanda myrði  
fróðan, fjölvaran.
6. Himna goð  
bað hann hjalpa sér,  
þás hann vaknaði veginn,  
en sá gat  
við synðum taka,  
es hann hafði saklausan svikit.
7. Helgir englar  
kómu ór himnum ofan  
ok tóku sál hans til sín;  
í hreinu lífi  
hón lifa skal  
æ með almátkum goði.
-

8. Auði né heilsu  
ræðr engi maðr,  
þótt honum gangi greitt;  
margan sækir  
þats minst of varir;  
engi ræðr sættum sjalfr.
9. Ekki þeir hugðu  
Unnarr ok Sævaldi,  
at þeim myndi heill hrapa,  
nøkðir þeir urðu  
ok næmir hvervetna  
ok runnu sem vargar til viðar.
- 
10. Munaðar ríki  
hefr margan tregat;  
opt verðr kvalræði af konum;  
meingar urðu,  
þótt enn mátki goð  
skapaði skírliga.
11. Sáttir þeir váru  
Sváfaðr ok Skartheðinn,  
hvárgi mátti annars án vesa,  
fyr en þeir æddusk  
fyr einni konu;  
hón vas þeim til lýta lagin.
12. Hvárskis þeir gáðu  
fyr enni hvítu mey,

- leiks né ljóssa daga;  
engi hlut  
máttu þeir annan muna  
en þat et ljósa lík.
13. Daprar þeim urðu  
enar dimmu nætr,  
engi máttu sætan sofa;  
en af þeim harmi  
rann heipt saman  
millum virkðar-vina.
14. Fádæmi verða  
í flestum stöðum  
goldin grimmliga;  
á holm þeir gengu  
fyr. et horska víf  
ok fengu báðir bana.
15. Ofmetnað drýggja  
skyldi engi maðr,  
þat hefk sannliga sét,  
því þeir hverfa,  
es honum fylgja,  
flestir goði frá.
16. Rík þau váru  
Ráðný ok Véboði  
ok hugðusk gótt eitt gera;  
nú þau sitja,  
ok sárum snúa  
ýmsum elda til.

17. Á sik þau trúðu  
ok þóttusk ein vesa  
allri þjóð yfir;  
en þó leizk  
þeira hagr  
annan veg almátkum goði.
18. Munuð þau drýgðu  
á marga vega  
ok höfðu goll fyr gaman;  
nú 's þeim goldit,  
es ganga skulu  
milli frosts ok funa.
- 
19. Óvinum þínum  
trú þú aldrigi,  
þótt þér fagrt mæli fyrir;  
góðu heit;  
gótt es annars  
víti hafa at varnaði.
20. Svá honum gafsk  
Sörla enum góðráða,  
þás hann lagði á vald hans Vígolfs;  
tryggliga trúði,  
en hinn at tálum varð,  
sínum bróður-bana.
21. Grið þeim seldi  
af góðum hug,

- en þeir hétu golli í gegn,  
sáttir létusk,  
meðan saman drukku,  
en þó kómu flærðir fram.
22. En þá eptir  
á öðrum degi,  
es þeir höfðu í Rýgjardal riðit,  
sverðum meiddu  
þanns saklauss vas  
ok létu hans fjörvi farit.
23. Lík hans drógu  
á leynigötu  
ok brytjuðu í brunn niðr,  
dylja vildu,  
en dróttinn sá  
heilagr himnum af.
24. Sál hans bað  
enn sanni goð  
í sinn fögnuð fara,  
en sökudolgar  
hygg síðla myni  
kallaðir frá kvölum.

## II.

(Hin eiginlegu Sóljarljóð).

25. Dísir bið þér,  
dróttins málur,  
vesa hollar í hugum;

- viku eptir  
mun þér vilja þíns  
alt at óskum ganga.
26. Reiði-verk  
þaus þú unnit hefr,  
bœt eigi illu yfir;  
groettan gœla  
skalt með góðum hlutum;  
þat kveða sálu sama.
27. Á goð skal heita  
til góðra hluta  
þanns hefr skatna skapat;  
mjök fyrir verðr  
manni hverjum,  
es seinar finna föður.
28. Æsta dugir  
einkum vandliga  
þess es þykkir vant vesa;  
alls án verðr,  
sás einskis biðr;  
fár hyggr þegjanda þörf.
29. Síðla ek kom,  
snemma ek kallaðisk  
til dómvalds dura;  
þangat ætlumk,  
því mér heitit vas;  
sá hefr krás es krefr.
30. Synðir því valda

at við sorg förum  
ægisheimi ór;  
engi óttask  
nema ilt geri;  
gótt es vammalausum vesa.

31. Ulfum glíkir  
þykkja allir þeir,  
es eiga hverfan hug;  
svá mun gefask  
þeims ganga skal  
þær enar glæddu götur.
32. Vinsamlig ráð  
ok viti bundin  
kennik þér sjau saman;  
görla þau mun  
ok glata aldri;  
öll eru þau nýt at nema.
33. Frá því 's at segja,  
hvé sæll ek vas  
ynðisheimi í,  
ok hinu öðru,  
hvé ýta synir  
verða nauðgir at náum.
34. Vil ok dul  
tælir virða sonu,  
þás fíkjask á fé;  
ljósir aurar

- verða at löngum trega,  
margan hefr auðr apat.
35. Glaðr at mörgu  
þóttak gunnum vesa,  
því ek vissa fátt fyrir ;  
dvalarheim  
hefr dróttinn skapat  
munafullan mjök.
36. Lútr ek sat,  
lengi hölluðunk,  
mjök vask þá lystr af lifa ;  
en sá réð,  
es ríkr of vas ;  
framm eru feigs götur.
37. Heljar reip  
kómu harðliga  
sveigð at síðum mér ;  
slíta vildak,  
en þau seig váru ;  
létt es lauss at fara.
38. Einn ek vissa,  
hvé alla vega  
sullu sútir mér ;  
heljar meyjjar  
mér hrolla buðu  
á hverju kveldi hug.
39. Sól ek sá,  
sanna dagstjörnu,



drúpa dynheimum í,  
en heljar grind  
heyrðak annan veg  
þjóta þungliga.

40. Sól ek sá  
setta dreyrstöfum;  
mjök vask þá ór heimi hallr;  
máttug leizk  
á marga vega,  
frá því 's fyrri vas.

41. Sól ek sá;  
svá þótti mér  
sem sæjak göfgan goð;  
henni ek laut  
hinzta sinni  
aldaheimi í.

42. Sól ek sá,  
svá hón geislaði,  
at þóttumk vætki vita;  
gylfar straumar  
grenjuðu á annan veg,  
blandnir mjök við blóð.

43. Sól ek sá  
sjónum skjalfandi  
hræzlufullr ok hnipinn,  
þvít hjarta mitt  
vas harðla mjök  
runnit sundr í sega.

44. Sól ek sá  
sjaldan hryggvari,  
mjök vask þá ór heimi hallr;  
tunga mín  
vas til trés metin,  
ok kólnat alt fyr utan.
45. Sól ek sá  
síðan aldri  
ept þann dapra dag;  
fjalla vötn  
lukðusk fyr mér saman,  
en ek hvarf kallaðr frá kvölum.
46. Vánar stjarna fló,  
þás fœddr ek vas,  
brott frá brjósti mér;  
hátt hón fló,  
hvergi settisk,  
svát hón mætti hvíld hafa.
47. Öllum lengri,  
vas en eina nótt,  
es ek lá stirðr á stráum;  
þá merkði þat,  
es mælti goð,  
at maðr es moldu samr.
48. Virði ok viti  
þat enn virki goð,  
sás skóp hauðr ok himin,  
hvé munarlausir

- margir of fara,  
þótt við skylda skili.
49. Sinna verka  
nýtr seggja hverr;  
sæll 's sás gótt gerir;  
auði frá  
mér ætluð vas  
sandi orpin sæing.
50. Hörundar hungur  
tælir hölða opt;  
hann hefr margr til mikinn;  
lauga vatn  
mér leiðast vas  
eitt allra hluta.
51. Á norna stóli  
satk níu daga  
þaðan vask á hest hafinn;  
gýgjar sól  
skein grimmliga  
ór skýdrúpnis skýjum.
52. Utan ok innan  
þóttumk alla fara  
sigrheima sjau;  
upp ok niðr  
leitaðak æðra vegar,  
hvar mér væri greiðastar götur.
53. Frá því 's at segja,  
hvat fyrst of sák,

þás vask í kvölheima kominn;  
sviðnir foglar,  
es sálir váru,  
flugu svá margir sem mý.

54. Vestan sák  
fljúga vánar dreka  
ok fell á glævalds götu;  
vængi skóku,  
víða þótti mér  
springa hauðr ok himinn.
55. Sólar hjört  
leitik sunnan fara,  
hann teymðu tveir saman;  
føetr hans  
stóðu foldu á,  
en tóku horn til himins.
56. Norðan sák  
ríða niðja sonu  
ok váru sjau saman;  
hornum fullum  
drukku enn hreina mjöð  
ór brunni baug-Regins.
57. Vindr þagði,  
vötn stöðvaði,  
þá heyrðak grimmligan gný,  
sínnum mönnum  
sveipvísar konur  
mólu mold til matar.
58. Dreyrga steina

enar dökku konur  
drógu daprliga;  
blóðug hjörtu  
hengu fyr brjóst utan  
mædd með miklum trega.

59. Margan mann  
sák meiddan fara  
á þeim glæddu götum;  
andlit þeira  
þóttu mér öll vesa  
rýgjar blóði roðin.

60. Marga menn  
sák moldar gengna,  
þás máttut þjónostu ná,  
heiðnar stjörnur  
stóðu of höfði þeim  
fáðar feiknstöfum.

61. Menn sák þá,  
es mjök ala  
öfund of annars hagi;  
blóðgar rúnar  
váru á brjósti þeim  
merkðar meinliga.

62. Menn sák þá  
marga ófegna,  
þeir fóru villir vega;  
þat kaupir sá,  
es þessa heims

apask at óheillum.

63. Menn sák þá,  
es mörgum hlutum  
véltu of annars eign;  
flokkum fóru  
til Fégjarns borgar  
ok höfðu byrðar af blýi.
64. Menn sák þá,  
es margan höfðu  
fé ok fjörvi rænt;  
brjóst í gegnum  
rendu brögnum þeim  
öflgir eitdrekar.
65. Menn sák þá,  
es minst vildu  
halda helga daga;  
hendr þeira  
váru á heitum steinum  
neglðar nauðliga.
66. Menn sák þá,  
es af mikillæti  
virðusk vánum framar,  
klæði þeira  
váru kynliga  
eldi umb slegin.
67. Menn sák þá,  
es mart höfðu


- orð á annan logit;  
heljar hrafnar  
ór höfði þeim  
harðliga sjónir slitu.
68. Allar ógnir  
fær þú eigi vitat,  
þærs helgengnir hafa,  
sætar synðir  
verða at sárum bótum,  
æ koma mein ept munuð.
69. Menn sák þá,  
es mart höfðu  
gefit at goðs lögum;  
hreinir kyndlar  
váru of höfði þeim  
brendir bjartliga.
70. Menn sák þá,  
es af miklum hug  
veittu fátækum frama;  
helgar bækr  
ok himna skript  
lásu þeim englar yfir.
71. Menn sák þá,  
es mjök höfðu  
hungri farit hörund;  
englar goðs  
lutu öllum þeim;  
þat es et æzta unað.

72. Menn sák þá,  
es móður höfðu  
látit mat í munn;  
hvílur þeira  
váru á himingeislum  
hafðar hagliga.
73. Helgar meyjar  
höfðu hreinliga  
sál af syndum þvegit  
manna þeira,  
es á mörgum degi  
þína sjalfa sik.
74. Hávar reiðir  
sák með himnum fara,  
þær eiga götur til goðs;  
menn þeim stýra,  
es myrðir ro  
alls fyr engar sakar.
75. Enn mátki faðir,  
enn mæzti sonr,  
heilagr andi himins,  
þik biðk skilja,  
es skapat hefr,  
oss alla eymðum frá.
76. Bjúgvör ok Listvör  
sitja í Herðis durum  
organs stóli á;  
járna dreyri



- fellr ór nösun þeim,  
sá vegr fjón með firum.
77. Óðins kván  
rær á jarðar skipi  
móðug á munað;  
seglum hennar  
verðr síð hlaðit,  
þeims á þráreipum þruma.
78. Arfi faðir  
einn þér ráðit hef  
ok þeir Sólkötlu synir,  
hjartar horn  
þats ór haugi bar  
enn vitri Vigdvalinn.
79. Hér ro rúnar,  
es ristit hafa  
Njarðar dætr níu;  
Böðveig en elzta  
ok en yngsta Kreppvör  
ok þeira systur sjau.
80. Hverju bölvu  
þeir belt hafa  
Sváfr ok Sváfrlogi;  
blóð þeir vökðu  
ok benjar sugu  
illum ey vana.
81. Kvæði þetta,  
es þér kent of hefk,  
skalt fyr kvikum kveða,  
Sólarljóð,  
es sýnask munu  
minst at mörgu login.

82. Hér vit skiljumk  
ok hittask munum  
á fegins-degi fira ;  
dróttinn minn  
gefi dauðum ró,  
hinum líkn, es lifa.





## Nokkrar skýringar.

### *Völuspá.*

1<sub>2</sub> helgar kindir: goðin; meiri ok m. m: H.: menn; völvan ávarpar bæði menn og goð. sbr. 28. v. 5 vildu: þú vilt. 7 spjöll fira; fræði um menn og heim. — 2. Völvan segir hjer, hvað hún man fyrst, til þess að vekja traust tilheyrendanna. 6 íviði, merkíng óviss. 7 mjötvið, af mjöt: mál (mælir), »trjeð, sem hefur hið rjetta mál, til þess að vera veraldartrje, viðhald og ímynd«. mæran: nafntogaðan. — 4<sub>2</sub> bjöðum: löndum, jörðunni. 6 salar: heimsins (eða: jarðvegsins, sem sumir ætla). 7 vas: varð (vegna áhrifa sólarinnar). Í þessari vísu er kjarnort lýsing sköpunar heimsins og fullkomið náttúruástand hans framsett. Næstu vísur eiga ekki við efnið í þessari vísu og eru eflaust innskot. — 5<sub>2</sub> sinni: förunautur; bæði sól og máni eru á himninum samtímis, áður en göngu þeirra var skipað reglulega. Orðin, »varp sunnan hendi hægri« hafa verið skýrð margvíslega, en sýnast að merkja hreifíngu sólarinnar frá austri (hægri hönd þess er horfir

til norðurs) til vesturs við og fyrir ofan hmin-röndina (sjóndeildarhrníginn; jöður: jaðar). — 6<sub>9</sub> undorn er hjer tíminn mitt á milli morguns og miðs dags (getur líka þýtt s. s. nór). — 7<sub>3</sub> hörg: hof handa gyðjunum. — 8<sub>3</sub> véttergis: vætkis: einskis. 6 þursa meyjar, óvíst hverjar sjeu (nornir?); líklega er týnd vísa, er meira hefur sagt frá þeim, því að nú hefst hinn mikli innskotsbáلكur. — 9<sub>7</sub>—<sub>8</sub> Brimir, Bláinn: nöfn á Ymi, er haf og himinn (hinn blái) voru gjör af. — 14<sub>7</sub> sjöt: bústaði. — 15<sub>14</sub> hafat: haft. — 16<sub>2</sub> því liði: vísar til týndra vísm, er undan hafa farið. — 8 ørlöglausa: forlagalausa: líflausa. — 17<sub>3</sub> lá: blóð. Læti: rödd. — 19<sub>7</sub> skáru á skíði: ristú nafn hennar í trje, s. s. gáfu henni nafnið (efasamt). — 20<sub>1</sub> hon: ek (völvan). 3 Gullveig er ímynd og táknun gullsins og krafts þess, er vekur ágirni og víg, hún er komin frá vönnum; goðin vilja hindra þenna illa kraft gullsins og því fara þeir svo með Gullveigu. 4 studdu: stönguðu, stungu. 21<sub>4</sub> vitti: töfraði, magnaði. Ganda: stafi; stafurinn (völr, þar af einmitt völvu) var aðalverkfæri völnunnar við seið og spár (sbr. spáganda í 29. v.). 6 seið hug l.: gerði hug manna tryldan með seið. 22. 23. Efnið í 23. v. fer í raun rjettri á undan því, sem er í 22. Gángurinn þessi: vanir vildu hefna Gullveigar, þeir herja á æsi og hafa betur og brjóta borðvegg þeirra. Svo ráðgast goðin (æsir) um, hvort þeir ættu að gjalda afráð (skaðabætur) vönnum, eða skyldi goð öll, þ. e. bæði æsir og vanir, eiga sáttagildi; það síðara varð úr, sem vjer vitum af

öðrum ritum. Þýðing orðanna ‚gildi eiga‘ er annars nokkuð vafasöm. Hjer er alt svo stutt sagt, að vera má að eitthvað vanti í kvæðið. — 22<sub>6</sub> afráð: eig. gjald af jörð, svo þúngt afgjald eða gjald alment; orðið var afbakað í af(h)roð: tjón, tap, sem er afleidd merkíng. — 23<sub>3</sub> folkvíg: bardagi (milli heilla þjóða eða kynflokka). <sub>7</sub> vígspá: með bardaga eða ófriði; eig. ófriðartákn. — 24. Hjer vantar í efnið, en vjer vitum af Snorra eddu, hvað vantar; það er sagan um bergrisann, er bauðst til að byggja upp aftur traustan steinmúr um Ásgarð, en áskildi sjer sól og túngl og Freyju að launum, og að þessu gengu goðin með því móti, að hann yrði búinn á einum vetri og fyrir fyrsta sumardag, en Þór drap hann áður, þegar auðsjeð var, að hann lyki starfi sínu í rjettan tíma; þetta var eiðrof frá goðanna hálfu og hafði í för með sjer ófrið við jötna og tortíming að lyktum. <sub>6</sub> lævi: svikum; setníngin merkir aðeins: skapað alla þessa lævíslegu aðferð. — Óðs mey: Freyju; gefna: viljað (ráðið til að) gefa; en það hafði verið Loki (sbr. Snorra eddu). — 26—29 um völna sjálfa og hvað Óðinn gerir til þess, að tryggja framtíðina. — 26 <sub>1—2</sub> hljóð Heimd.: Gjallarhorn; það er nú falið til að vera tiltækt, þegar ragnarök kæmi, og koma þá að notum. <sub>3</sub> heiðvönnum: vönnum við heiðan himin; svo hátt, að það er þar sem himininn ætíð er heiður (Ygg drasilsaskur). <sub>5</sub> ausask, þ. e. trjeð. <sub>6</sub> forsi: vatni. <sub>7</sub> af veði V.: af Óðins auga, er veðsett var Mími og falíð í brunninum (upprun-

inn til þessarar sagnar ef til vill mynd sólarinnar, endurskin hennar í vatninu) og látið hjer vera s. s. hann. — 27<sub>3</sub> yggjungur: sá sem hugsar djúpt. — ása: af ásum, meðal ása. <sup>5</sup>—<sup>6</sup> völván bíður ekki þess, að Óðinn spyrji hana, heldur þykist hún skilja, hvað honum býr í skapi; hún segir honum hvað hún hafi sjeð (28<sub>1</sub>—<sub>4</sub>), hún hefur einmitt setið úti og tekið eftir meðferð Óðins; hann ber traust til hennar, gefur henni gjafir (29. v.) og hvetur hana til þess að skýra mönnum og guðum alt (sbr. 1. v). 28<sub>2</sub> hvar: at. — 29<sub>3</sub> fekk: hún hafði fengið, átti. — 30<sub>1</sub> valkyrjur, ófriðarboði. — 31<sub>2</sub> tívur: goði. <sup>4</sup> folgin: ákveðin. <sup>5</sup>—<sup>6</sup> vaxinn . . . hæri, af því að mistilteinninn vex á öðrum trjám. <sup>7</sup> mæ: mjór. — 32<sub>3</sub> harmflaug: sorgarör. <sup>5</sup> B. bróðir: Váli; sbr. Baldrs- drauma. <sup>15</sup>. vá: tjón, skaða. — 33<sub>1</sub> Hapt: bandíngja (Loka) <sup>2</sup> und: við (eða fyrir innan eitthvað sem gnæfir hátt upp); sbr. und Miðgarði: fyrir innan M. og und Fjöturlundi, Helg. II. <sup>3</sup>—<sup>4</sup>. áþekkjan (líkan) líki (mynd) lægj. Loka: líkan hinum lægj. L., þ. e. Loka sjálfan. <sup>7</sup>. glýjuð: glöð. — 34; í þessari v. og þeim sem eftir koma lýsir völván ýmsum hræðilegum hlutum og fyrirboðum. Í 34. v. vantar, svo að óvíst er, hver eiginleg merkíng árinna er. Eitrdala: eit- (ís-) kalda dali, fellr söxum ok sverðum, fellur full af s. ok sv. Slíðr: hin ógurlega. — 35<sub>6</sub> Sindra: dvergshéiti. — 36<sub>5</sub> eitrdropar: nístandi kaldir dropar; af þeim urðu þungir straumar (37<sub>3</sub>). <sup>7</sup> undinn: ofinn, fljett- aður; efasamt, hvort hjer er átt við lifandi orma.

(svo Snorri, er segir að droparnir hafi verið þeirra eigið eitur). — 37<sub>6</sub> eyrarúnu: unnustu, konu. — 38<sub>3</sub> vargr: gráðugt dýr, þ. e. Níðhögg, sem er ímynd hinnar almennu eyðileggningar og hrörnunar í heiminum. — 39<sub>4</sub> Fenris kindir: börn F., úlfar. <sub>7</sub> tungls: himintungls, þ. e. sólarinnar. Tjúgari: deyðir; sá, sem dregur til sín og rífur. — 40<sub>1</sub> fjörvi: blóði. <sub>2</sub> feigra: dáiinna. <sub>3</sub> ragna sjöt: goða bústað, himininn; úlfurinn ælir blóðinu svo að himininn verður allur blóðrauður, og er það illt viti. — 41<sub>3</sub> gýgjar, þeirrar er ræður í Jötunheimum. <sub>4</sub> glaðr, af því að hann sjer í anda tortímíngu goðanna. <sub>6</sub> gaglviði, efasamt orð, eig. gæsar (-únga) skógi: fuglaskógi alment?. Hanarnir vekja til bardaga og boða hann með gali sínu í öllum þrem ríkjum. — 43<sub>4</sub> freki rinna: úlfurinn (Fenrir) hlaupa (losna og hlaupa á stað). — 44 um almenna siðspillingu heimsins á hinum síðustu og verstu tímum. <sub>7</sub> skeggöld, af skeggja: öxi. — 45<sub>1</sub> Míms synir, óvíst, hvað tákni; ef Mímir er ímynd brunnsins, uppsprettunnar, eru synir hans lækir og ár; þeir leika þ. e. hoppa yfir farveg sinn, og á það að benda á óró í náttúrunni sem fyrirboða ragnarökrs. — <sub>2</sub> mjöt- uðr: dauði, endir, skapadómurinn. — kyndisk: kemur í ljós, birtist, er boðaður. <sub>7-8</sub> Óðinn leitar enn ráða og fróðleiks hjá Mími. — 46<sub>4</sub> jötunn: úlfurinn. <sub>7-8</sub> eru óskiljandi. — 48<sub>2</sub> hefsk: hefir sér. <sub>6</sub> ari, þ. e. Hræsvelgr. — 49<sub>1</sub> Kjóll: skip, Naglfar. — <sub>5</sub> fíflmegir: jötnar. — 50<sub>7</sub> veggbergs vísir: sem kunnugir eru standbjörgum, klettunum. — 51<sub>3-4</sub> sól skínn

(það skín sem sól) af sverði valtíva (valguðs-ins Surts). <sup>5</sup> gnata: gnötra, hristast. <sup>6</sup> rata: falla, steypast. — 52<sub>1</sub> Hlín: Frigg. <sup>2</sup> annarr, hinn fyrsti var dauði Baldrs (32. v.) <sup>5</sup> bani B.: Freyr <sup>7-8</sup> angan Fr.: Óðinn. — 53<sub>5</sub> megi Hv.: syni Loka, úlfinum. — 54<sub>2</sub> Hlöðvin: Jörð (móðir Þórs). — 55<sub>1</sub> Drepr: slær. <sup>2</sup> véurr: verndari. <sup>7</sup> neppr: nær dauða en lífi. — 55<sub>5</sub> eimi: reykur. — 59<sub>3</sub> moldþinur: miðgarðsorm (einn versta óvininn að fornu, nefndur hjer sem dæmi). <sup>6</sup> megindóma: meginatburði. — 60<sub>1</sub> eptir: aftur. — 62<sub>1-2</sub> kjósa hlautvið: spá með blóðteinum (teinum, dýfðum í blóð fórnardýra), stofna fornt trúarsamband. <sup>4</sup> Tveggja: Óðins. — 63<sub>5</sub> dyggvar: flekklausar. — 64. Hvern hjer sje átt við, er alls óvíst, og líklegast er víshelmingurinn síðara innskot; hann er aðeins í Hauksbók, ekki í Konungs-bók. — 65 á að tákna, að alt ilt í náttúrunni sje horfið með Níðhögg. Í hdrunum stendur hón í 8. vo., og ætti það að vera völván, en það getur ekki staðist.

#### Hávamál.

1<sup>2</sup> framm: áframm, lengra (inn í húsið). <sup>7</sup> fleti: bekk. — 2<sup>5</sup> bröndum, óvíst hvað þýðir. — 4<sub>4</sub> æðis: hugarfars. <sup>6</sup> endrþögu: að hinn þegi og hlýði, þegar gestur talar. — 5<sub>3</sub> dælt: auðvelt viðfangs. <sup>4</sup> augabragði: háðslegu augnaráði, háði. <sup>6</sup> snotrum: vitrum. — 6<sub>2</sub> hrcesinn: raupsamur. <sup>5</sup> heimisgarða: bæjar, heimilis e—s. — 7<sub>3</sub> þunnu hljóði: með athugulli þögn. <sup>6</sup> nýsisk: hnýsist, tekur eftir. — 8<sub>3</sub> líkntsafi: gott umtal annara. — 10<sub>6</sub> vera:



tilvera; (þar undir er tilvera hans komin), —  
 13<sub>2</sub> öldrum: drykkjarveizlum. <sub>6</sub> smbr. III. —  
 14<sub>3</sub> Fjalars: Suttúngs. — 15<sub>2</sub> Þjóðann:  
 konúngur. — 17<sub>1</sub> kópir: glápir. <sub>3</sub> þrumir: er  
 grafkyr og sem dauðyfli. <sub>6</sub> uppi es: þá er  
 farið alveg (hið litla vit hans). — 19<sub>1</sub> Haldit:  
 maður haldi ekki stöðugt eða of lengi (heldur  
 láti það fara með bekkjum, svo að aðrir fái  
 líka nokkuð). <sub>5</sub> vár: vítir, lastar. — 21<sub>4</sub> ósviðr;  
 óvitur. — 22<sub>2</sub> illa skapi: óhræsi í skapi. —  
 23<sub>6</sub> víl: eymd og volæði. — 26<sub>3</sub> í vá veru:  
 veru (hæli) í horni. — 27<sub>2</sub> með aldir: meðal  
 manna. — 28<sub>4</sub> eyvitu (sbr. eyvitar 94<sub>1</sub>): eigi  
 (af véttr: vættr og ey: ei). <sub>6</sub> gengr of: er altal-  
 að um. — 29<sub>5</sub> haldendr getur bæði verið nefnif.  
 og þolf., og mun hið síðara vera rjettara (nema  
 hún eigi sjer þá, er geti haldið henni í skefju-  
 um). — 30<sub>6</sub> þurrfjallr: þurrskinnaður, með  
 þurru skinni, þ. e. í þurrum og hlýjum fötum.  
 — 31<sub>5</sub> glissir: flissar (til að hæðast að öðrum).  
<sub>6</sub> þótt: nema; með grömum: meðal þeirra er  
 eru (verða) honum reiðir. — 32<sub>3</sub> en — vrekask:  
 en rékast (hrjá hvern annan og hrekja) við  
 drykkju eða mat. <sub>6</sub> órir: deilir. — 33<sub>3</sub> nema,  
 þá á maður að hafa borðað snemma dags,  
 annars sitr ok snópir o. s. frv. <sub>5</sub> solginn:  
 banhúngraður. — 34<sub>1</sub> Afhvarf: krókur (á leið).  
<sub>6</sub> sé firr farinn: lengra sje að hitta hann —  
 36<sub>3</sub> halr: sjálfstæður (hús)bóndi. <sub>5</sub> taugreptan:  
 er raptar eru aðeins taugar (ekki viðir venju-  
 legir). — 39<sub>3</sub> at — þegit: að eigi væri þegið (af  
 honum) að þiggja (að fá laun, gjafir aftur fyrir  
 sínar). <sub>5</sub> svági glöggvan: svá óglöggvan, svo

ónískan. — 40<sub>1</sub> þörf þola: vera án, láta ónotað. — 41<sub>3</sub> það sjest best á sjálfum sjer (að maður gleðst af gjöfum). <sub>4</sub> viðrgefendr: sem gefa fyrir (gjöf, sem þeir hafa fengið) þ. e. báðir gefendur. <sub>6</sub> ef það nær svo langt, að það verði góð vinátta yfir höfuð. — 42<sup>6</sup> lausung: fals. — 48<sup>6</sup> sýtir. . . við: nagar sig í handarbökin, ef (hann þarf að gefa). — 49<sub>3</sub> trémönnum: mannlíkunum úr trje. <sub>5</sub> rift: voð (fat). <sub>5</sub> neiss: blygðunarfullur, sem finnur til (hneisu) blygðunar, skammast sín fyrir e—ð. — 50<sub>2</sub> þorpi á: á bersvæði og grýttum jarðveg. <sub>3</sub> hlýrat: getur ekki vermt, verndað. — 52<sub>1-2</sub> Mikit—skala: aðeins lítið eitt skal. <sub>5</sub> höllu: hálffullu. — 53<sup>6</sup> doelskr: hrokafullur (heimskuhrokafullur). af dul: af því að maður þekkir sig ekki sjálfan, ætlar sig ofmikinn og ætlar sjer ofmikið. — 54<sup>1-3</sup>. Þar sem litlir sandar eru, þar eru lítil vötn, — og eins eru geðmanna, (sumir eru smáir o. s. frv). <sub>6</sub> hálf: ófullkomin; hvar: alstaðar. — 55<sup>3</sup> æva: eigi (aldrei). — 60<sub>2</sub> þakinna næfra: næfra, er hafðar eru í þök (eins og siður var og er enn í Noregi). <sub>3</sub> mjöt: hið rjetta mál (hvað mikið þurfi í hvert sinn). <sub>6</sub> mál: þriggja mánaða tímabil. — 61<sup>3</sup> sét: sé eigi. til: sjerlega. — 62<sup>1</sup> gnapir: teygir höfuð og háls fram (til að vita hvort hann sjái ekki fisk). — 65<sup>1</sup> Mikilsti: mikilstil, altof. <sub>6</sub> hittir í lið: finnur liðinn (eig. um þann, sem brytjar); sá, sem menn hafa óbeit á, hittir ekki liðinn, kemur sjaldnast svo, að hann finni að hann komi á hentugum tíma, sje velkominn. — 66<sup>3</sup> málungi: eigi málum, »ef eg

þyrfti eigi mat að málum (í hvert mál).« — 69<sub>1-2</sub> lifðum: lifanda. <sub>6</sub> »handa auðgum manni, til þess að brenna hann á.« <sub>6</sub> vas dauðr: lá hann lík. — 71<sub>3</sub> genginn: framgenginn, dáinn. <sub>4</sub> bautarsteinar, háir og helst nokkuð grannir rúnalausir minningarsteinar, er enn má sjá í Noregi við vegi. — 72<sub>3</sub> í heðin hvern: undir hverjum feldi (skinnkufli). — 73 nestið varir stutta stund eins og rárnar eru stuttar — og því verður maður nóttinni feginn, þá gengur ekki nestið upp. — 75<sub>6</sub> skylit: skyli eigi. vítká vár: lasta fyrir þann ókost. — 76<sub>3</sub> et sama: sömuleiðis. <sub>6</sub> hveims: hverjum sem. — 78; grindr: kvíar. <sub>2</sub> Fitjungr: ríkisbubbi. — 80<sub>3</sub> reginkunnum: komnum frá goðunum.

II. 84<sub>4</sub> á hverf. hvéli: á hjóli sem snerist, þessvegna eru þau sjálf svo hverflynd og gjörn á að snúast. — 88<sub>6</sub> hætt: óáreiðanlegt. — 89<sub>7</sub> verðit: verði eigi. — 90<sub>3</sub> óbryddum: óskaflajárnuðum. <sub>10</sub> þá fjalli: fjalli sem snjór er farinn að þiðna í. — 92<sub>6</sub> fríar: biður og elskar. — 93<sub>1</sub> firna: vítká, lasta, ámæla. <sub>6</sub> lostfagrir: svo fagrir að vekja losta; litir: fegurð. — 94<sub>1</sub> Eyvitar sjá 28<sub>4</sub>. <sub>3</sub> of . . gengr: hendir. — 96<sub>2</sub> reyri: reyrunni, reyri vöxnum stað. <sub>3</sub> »og beið eftir þeirri sem eg unni.« — 97<sub>6</sub> »nema að lifa með svo fallega vaxinni mey.« — 98<sub>3</sub> mæla: fá heit, festa. — 99<sub>3</sub> »svo að mjer lá við æði.« — 100<sub>3</sub> vígdrótt: lið hennar sem búið til dráps (að drepa Óðin). Vakin: vakandi. <sub>5</sub> bornum: sem var borinn saman til þess að hindra mig og veg minn. — 101<sub>4</sub> grey: tík. <sub>5</sub> góðu, sagt í háði. — 102<sub>6</sub> á flærðir: til þess að sýna sig svo fláa.

III. 103<sub>7</sub> fimbulfambi: erkiheimskíngi. — 106<sub>1</sub> Rati var nafar Óðins, er hann boraði sig gegnum bergið með. <sub>2</sub> létumk: ek lét mér. — 107<sub>1</sub> hlutar: fengjar (skáldamjaðarins). <sub>6</sub> á vé alda jaðars: til bústaðar mannanna konúngs (Óðins), til Valhallar. — 108<sub>3</sub> lögðumk — yfir: lagði arm yfir mig, tók mig í faðm sjer. — 109<sub>1</sub> hindra dags: daginn eftir (sjerstaklega um daginn eftir brúðkaupið). <sub>5</sub> Bölverki, svo hafði Óðinn nefnst. <sub>6</sub> með böndum: til goðanna. <sub>7</sub> sóit: fyrirfarið (blótað). — 110<sub>1</sub> Baugeið: eið (með höndina) á hinum heilaga hofhríng. <sub>7</sub> sumbli: skáldamiðinum.

IV. 111<sub>2</sub> þular stóli: ræðumanns (spekíngs) stóli; sá sem talar (Óðinn) lætur sem hann hafi verið að Urðarbrunni — þar var líka þíngstaður goðanna — og numið þar góðar lífsreglur, er hann nú gefur þeim, sem hann kallar Loddfáfní; því er kvæðið oft kallað Loddfáfnismál, en það er rángnefni. — 112<sub>7</sub> leitir út staðar: þurfir út erinda þinna. — 113<sub>7</sub> virði: mat og drykk. — 114<sub>7</sub> liðum: örmum.

— 120<sub>7</sub> flaumslitum: gleði og vináttuslitum; flaur: gleði. — 121<sub>6</sub> gamanrúnnum: gamansviðræðum; líknargaldr: galdur til hjálpar, en hjer líklega heldur: mannúð yfir höfuð. — 122<sub>7</sub> apa: heimskíngja. — 125<sub>7</sub> bilar: lætur undan. — 126<sub>5</sub> skór: hestskór. — 127<sub>6</sub> hvar sem þú veist, að ógæfa og eynd er, lát sem sje þín eigin og hjálpaðu. — 129<sub>7</sub> gjalti er eig. írskt orð, er merkir »óður.« — <sup>9</sup> síðr: til þess að eigi. Þitt: þig og hug þinu. — 134<sub>5</sub> at — þul, t. d. þeim sem talar í kvæðinu;

hann var eflaust gráhærður þulur. <sup>8</sup> skörpum: skorpnum. <sup>1-12</sup> hafa ekki frá upphafi heyrt saman. há, af há. skollir: hángir. skrá: skinnbútur, sbr. há; hugsunin er hin sama í báðum vo.; váfir: reikar um. vílmögum: aum-íngjum, voluðum. — 135<sub>5</sub> né geyja: né gey+a, gey ekki, gjör ekki gys að. — 136<sub>5</sub> þat: þeir sem koma og biðja. — 137<sub>6</sub> jarðar megin er óljóst, en flestir skilja það sem »kraft jarðar«, þann kraft, sem býr í jörð, einkum til að stöðva áfengi drykkjar (að þefa af jörðinni er enn trúað að hindri að maður verði drukkinn); sbr. næsta vo. <sup>8</sup> en eldr osfrv., alt, sem hjer eftir er talið, lýtur að þjóðtrúarlækningum. <sup>6</sup> abbindi: harðlífi. <sup>11</sup> hýrógi: hjúarógi og kryt; það á ekki að breiðast út. <sup>13</sup> beiti (c: skal taka): beityleng. bitsóttum: sóttum á fjenaði af biti kvikinda. 5—13 vo. heyra ekki öll saman frá upphafi og ekki til þessu kvæði.

V. 138<sub>2</sub> vingameiði, líkl.: vindga- (vindblásinn), Yggdrasilsaski. <sup>9</sup> hvers, ef til vill rángt f. hveim. — 139<sub>1</sub> sældu: svöluðu, »mjer var hvorki gefinn matur nje drykkur til svölunar.« <sup>3</sup> »jeg nýsta, rannsakaði, leitaði fyrir mjer niður á við, horfði niður og rannsakaði«; óljóst, sem allur þessi kafli. <sup>6</sup> »jeg fjell aftur niður af trjenu«, og lifnaði aftur. Það er táknunarhenging í trjenu og táknunarmérking með geirsoddi, er hjer er að tala um. En af þessum viðburð hefur veraldartrjed fengið nafnið Yggdrasill: Óðins gálgi (drasill eig.: hestur, en gálgi er kallaður hestur). — 140<sub>3</sub> Bestla var móðir Óðins; hver «frægur sonur» sje, er

óvíst. — 142 er reglulaust samsafn af vo., er ekki hafa heyrt saman. — 144 vo. <sup>1-4</sup> verður að fylla með »rúnir« eða »rúnum«. <sup>5-8</sup> vo. á við blót og fórnir, þó má undirskilja rúnir (rúnum) alstaðar. <sup>8</sup> sóa: drepa (eða má — rúnir — af?).

VI. 149<sub>3</sub> heiptmögu: fjandmenn. <sup>6</sup> velir: vígvelir (af völor). 150<sub>3</sub> boglimum: höndum og fótum. — 151<sub>3</sub> folki: orustu. — 152<sub>2</sub> sœrir: færir (að mjer) særíngar (með rótum). rás, ef til vill: hrás, safafulls, úngs. — 153<sub>3</sub> sessmögum: sitjandi mönnum, bekkjunautum. — 156<sub>2</sub> túnriður: verur, sem fara um í loftinu yfir bæjum og byggðum. — 157<sub>4</sub> »jeg gel undir skjölduna«, þessi skjaldsöngur eða skjaldóp var gamall hjá Germönnum (sbr. barditus hjá Tacitus). <sup>5</sup>. með ríki fara: fara með sigri og veldi. — 158 »díngla hengdan mann«, virgill: snara. <sup>9</sup> gengr ɔ: aftur. — 159<sub>3</sub> verpa: ausa (skíra). — 161. Dvergurinn Þjóðrörir gerir með söng vart við dagskomuna fyrir framan dyr Dellings, föður Dags; hann boðar sólarupprás og um leið öllu lifandi, goðum og mönnum, nýtt afl, hyggju og frama.

### Vafþrúðnismál.

1<sub>6</sub> við: í kappræðu við. — 2<sub>6</sub> Vafþrúðni, nafnið merkir: sá, sem er sterkur í að vefja, flækja. — 4<sub>3</sub> á sinnum: á leiðinni. — 5<sub>5</sub> Hýms faðir: jötun. <sup>6</sup> Yggr: hinn ógurlegi; á vel við efnið. — 6 Óðinn er klæddur sem förumaður, lætur þó mjög sjálfbirgíngslega og fær með því móti Vafþr. úi að bjóða sjer út; afleiðing-in sú, að Óðinn verður spyrjandinn, og var

það hægra, nema í vo. 11—18, þar er Óðinn spurður og er það gert eins og til raunar um, hvort hann sje þess verður, að eiga orðastað við yfir höfuð. Í 8. v. er Óðinn bljúgur. — 9<sub>6</sub> þulr, Vafprúðnir. 10<sub>6</sub> hveims; hverjum sem. kaldrifjaðan: fjandskapaðan (við: til) — 12<sup>5</sup> Hreiðgotum, hjer Norðurlandabúum (eða Germönum yfir höfuð); s. s. Reiðgotar síðar. — 18<sub>6</sub> vitaðr: ákveðinn. — 29<sub>1</sub> øróf: ør-hóf: óhóf, þ. e. ótal. 6 Aurgelmir: Ymir. — 31<sub>6</sub> atalt: grimt og ilt — 32<sub>6</sub> gaman: holdleg ást. — 33<sub>3</sub> mey, mög: dóttur, son. — 35 lúðr, óljóst, ef til vill: líkbörur. — 36<sub>6</sub> æ: eigi. — 39<sup>4</sup> aldar rök: ragna rök. — 43<sup>6</sup> níu heima, eru annars ókunnir. 7 fyr — neðan: niðri í myrk-hel, í hinum dimma bústað Heljar. 8 hinig deyja: þángað koma eftir dauðann. — 45<sup>3</sup> holti: skógi eða trje; hjer er ef til vill átt við Yggdrasil, sem og er nefndur Mímameiðr. — 46<sub>6</sub> fenrir, úlfurinn Skoll. — 49<sup>1-3</sup> þjóðir á við meyja (meyja flokkar); þorp á við Mögþrasis (táknorð um manninn, »sá sem óskar barna»); »bústaður M.«: bústaðir mannanna. 4. hamingjur: heilladísir (við fæðinguna). — 51<sub>2</sub> vé: helgidóma, bústaðir. 4 Móði ok M., synir Þórs. 6 þegar V. (Þór) berst ekki lengur, er úr sögunni. — 53<sub>3</sub> vreka: reka: hefna. 5 klyfja: klyúfa. — 54<sub>5</sub> stigi ɔ: Baldr. — 55<sup>3</sup> sagðir, 2. pers., nú fyrst veit V., við hvern hann talar, viðurkennir að hann sje yfirunninn og lætur líf sitt.

### *Grimnismál.*

1<sup>1</sup> hripuðr: eldur. 3 göngumk: gakk mjer.

<sup>6</sup> »feldurinn brennur fyrir mjer.« — 4<sup>1</sup> Land, þ. e. goðanna, Ásgarður. — 6<sup>4</sup> Valaskjalf: Valhöll. — 7<sup>4</sup> Sága (sú sem sjer alt): Frigg. 8<sup>2</sup> Gláðs-: skínandi. <sup>3</sup> Þrumir: stendur (er kyr). — 9<sup>4</sup> sköptum: spjótsk. — 11<sup>5</sup> hún er gift Nirði. — 12<sup>6</sup> feiknstafi: feikn (hræðilega hluti, ógnir og hættur). — 17<sup>3</sup> viði, eða Viði (eignarnafn)? <sup>4-6</sup> á við hefnd Víðars eftir Óðin, sjá Vspá 53. — 20<sup>6</sup> séumk: sjámk, óttast (: óumk í 4. vo). — 21<sup>1</sup> þund, flóð í 3. vo., á, er rann umhverfis eða hjá Valhöll? <sup>2</sup> Þjóðvitnis, vafa-samt, á ef til vill við flóði og er þá: Fenrir (höfuðúlfurinn); Þund er þá s. s. Ván, er rann úr kjafti Fenris bundins. <sup>6</sup> valglaumi: hinn káti flokkur Einherja (?); sumir ætla, að valglaumur sje hestsnafn. — 24<sup>1</sup> golfa: staf-gólfa. <sup>3</sup> Bilskirnir, sá sem skirrist bil (bilun), sterkur. <sup>4</sup> með bugum: með öllu, þegar alt er talið. — 26<sup>6</sup> vötn: ár og fljót. — 27<sup>8</sup> hodd: bústaði. — 30<sup>9</sup> hlóa: sjóða, verða (mundu verða) sjóðheit. — 34<sup>2</sup> hæfingar: brumknappar (merkíng óviss). — <sup>3</sup> gaghalsir: með upprjetta og aftursveigða hálsa. — 38<sup>3</sup> svangir: kviðmjóir og hlaupalegir. <sup>6</sup> ísarnkol: járnkul, járnkaldi (vindbelgir hjá Snorra). — 40<sup>3</sup> til varna viðar: þángað til skógurinn tekur við og verndar hana (sbr. að ganga til viðar). — 43<sup>3</sup> tekr á, sýnist verða að þýða stöðvar; ef til vill er á rangt f. af, og er þá hvera (katlana) undirskilið; þeir hafa þá verið hindrun þess, að Óðinn slyppi úr eldkvínni; sbr. síðari helmínginn. — 46<sup>1</sup> »Jeg hef nú sýnt andlit mitt ásum« — óljóst hvernig, en stendur í sambandi við brotttöku



katlanna. <sup>3</sup> vilbjörg vaka: góð frelsun koma, — og hún veldur þeirri gleði að allir skulu koma til gildis hjá Ægi, sýnist vera hugsunin. — 50 efnið með öllu óljóst. — 51<sup>3</sup> hnugginn: sviftur. — 52<sup>3</sup> »Það er upphaflega vinur þinn, er þú hefur hjer við að skifta.» — 53<sup>1</sup> Eggmóðan: sverðdrepinn. <sup>2</sup> Yggr, Óðinn er í þessu augnabliki einmitt hinn hræðilegi. <sup>4</sup> úfar: fjandsamlegar.

### Skirnismál.

1<sup>3</sup> okkarn mög, Freyr var þó aðeins stjúpson hennar. — <sup>6</sup> afi: maður. — 2<sup>2</sup> ón: von. — 3<sup>2</sup> folkvaldi: höfðingi (meðal goða). <sup>3</sup> ok: er. — 4<sup>6</sup> þeygi — munum: »þó ekki svo að jeg fái óskir mínar veittar.« — 6<sup>3</sup> mér tíða: elskaða af mjer. — 7 hjer eftir vantar vísu í. — 8<sup>3</sup> vísan: óumflýjanlegan. <sup>7</sup> vegisk: sveifli sjer, berjist. — 11<sup>4</sup> andspilli: samtal. — 13<sup>2</sup> klökkva: missa huginn, digna. 16<sup>6</sup> bróður-, ef til vill var Beli, er Freyr drap með hjartarhorni, þessi bróðir. — 17<sup>2-3</sup> né . . . né, s. s. eða, en lætur þó í ljósi, að spyrjandi bíði neitanda svars. <sup>5</sup> eikinn: áleitinn, fjandsamlegur (vafr-loginn). — 19<sup>4</sup> frið: hjerumbil s. s. ást. — 23<sup>2</sup> málfáan: málaðan rúnum, með rauðlituðum rúnum. <sup>6</sup> sætt: sáttmáli. — 27<sup>1</sup> Ara þúfu, þ. e. einmana og fjarri öllum. <sup>2</sup> ár: þegar. — 28<sup>3</sup> hari: stari. <sup>7</sup> gapi: einblína með opnum munni. — 29<sup>1-2</sup> sýnist alt vera nöfn á rúnum eða rúnamyndum, sem eiga að valda andlegum sjúkdómum og gráti; tópi, tjösull, orð, sem ekki er víst hvað merkja. <sup>6</sup> súsbreka: sorgarboða, áfall. — 30<sup>1</sup> Tramar: illar vættir,

gneypa: beygja, kúga. <sub>2</sub> gerstan: illan, erfiðan. 31<sub>5</sub> morn: sorg, morni haft hjer sem áhrifssögn: láti þig morna. <sub>8</sub> önn, getur valla verið annað en afbakað úr önd: andyri; G. á að verða eins og upprifinn þistill, sem stúngið hefur verið (af hjátrú) inn í vegginn, en er löngu visinn. — 32<sub>3</sub> gambantein: töfratein, -grein. — 33<sub>2</sub> Ásabragr: Þór. <sub>6</sub> gamban- er hjer aðeins aukandi merkínguna. — 36<sub>3</sub> ergi: saurlífi (ástaræði). — 37<sub>1</sub> heldr ɔ: en þú gerir alt þetta; með þessum orðum gengur hún að bæn Skírnis. <sub>6</sub> vaningja, Frey, af vanaætt. — 38<sub>4</sub> þingi: manþingi (ástarfundi). <sub>6</sub> nenna: sinna, veita ást sína. — 39<sub>3</sub> lognfara: lygn og friðarfullur. — 42<sub>6</sub> hýnótt, óviss merkíng í hý-, eynd (?) ætla sumir. Ef til vill aðeins bið- (biðnótt þá um meir en eina nótt).

#### *Hárbarðsljóð.*

3<sub>2</sub> á morgun: þennan morgun. <sub>3</sub> meis, í honum er síldin (meisasíld á norsku). <sub>7</sub> hafra: hafraket. — 4<sub>1</sub> Árligum verkum: morgunverku- um. <sub>4</sub> móðir Þórs var Jörð, en hún deyr ekki (sbr. svar Þórs). — 6<sub>4</sub> brautingja: föru- karls. — 7<sub>1</sub> eikju: bát úr eik (eintrjáníngur). — 8<sub>5</sub> hlennimenn: þjófa. — 9<sub>2</sub> sekr, þ. e. í drápi jötna og Þór heldur að Hárbarður sje jötun. <sub>3</sub> øðlis: ættar. <sub>8</sub> dæma: tala. — 13<sub>1</sub> Harm ljót- an: það er ljótt að þurfa. <sub>8</sub> ögur, óvíst, lík- lega: byrði. <sub>4</sub> kanginyrði: háðsyrði. — 18<sub>1</sub> spark- ar: fjörugar, duglegar — 19<sub>3</sub> upp: á himininn; augun urðu að stjörnum. — 24<sub>1</sub> Valland: land, þar sem valur er feldur, vígaland. — 25<sub>3</sub> vilgi, af vel, og er ýkisorð. — 26<sub>3</sub> o. s. frv. smb.

söguna um för Þórs til Útgarðaloka. — <sup>9</sup> Fjalarr, jötuninn, ɔ: Skrýmir (Útgarðaloki). — <sup>29</sup><sub>4</sub> Svárangs, jötun, annars ókunnur. <sup>6</sup> gagni: sigri. — <sup>31</sup> mankynni: meyjar kunníngsskap. — <sup>35</sup><sub>2</sub> húðskór, skorpinn skór úr skinni með hárinu á, sem nagar og særir hælinn. — <sup>39</sup>; vantar í vísuna; gnæfa er nafnháttur. — <sup>40</sup> óljúfan ɔ: kost. — <sup>41</sup>—<sup>44</sup> er erfitt að skilja, vegna þess að í vantar. — <sup>42</sup><sub>1</sub> hnœfiligu: bitru. — <sup>43</sup><sub>2</sub> heimis haugum: fornhaugum við bæina, heimilið. — <sup>47</sup><sub>1</sub> hó: hór, friðil, elskuga. — <sup>49</sup><sub>4</sub> litum færir: færir, hjeldir áfram allan daginn þangað til litir breytast, ɔ: verður dimt; fara litum: að ferðast frá því dimman dvínar (um morgun) og kemur aftur (um kvöld). — <sup>57</sup> þegar þánar við sólaruppkomu, verða vegir erfiðari.

### Hymiskviða.

<sup>1</sup><sub>2</sub> námu: fengu. <sup>3</sup> sumblsamir: lystir í drykk. <sup>4</sup> áðr þeir yrði mettir. <sup>5</sup> teina: spástafi. <sup>6</sup> hlaut: fórnarblóð. <sup>8</sup> örkost hvera: yfrið nóg af heitukötlum (ölkötlum). — <sup>2</sup><sub>1</sub> bergbúi, Ægir jötun. <sup>4</sup> miskorblinda, merkíng óviss. <sup>5-6</sup> leit.. í þrá: einblíndi. — <sup>3</sup><sub>1</sub> önn: áhyggju. — <sup>5</sup><sub>7</sub> rúmbrugðinn: sem tekur mikið. — <sup>6</sup><sub>2</sub> lögvelli (af vellir, vella, að láta sjóða): ketil. — <sup>7</sup><sub>4</sub> Egils, faðir Þjálfar og Rösku. <sup>7</sup> hurfu ɔ: Týr og Þór. — <sup>8</sup><sub>1</sub> mögr ɔ: Týr (sonur Óðins og hinnar úngu jötunmeyjar). <sup>6</sup> algollin: öll gulli skrydd. — <sup>10</sup><sub>1</sub> vaskapaðr: vasköpuðr, sá, sem skapar vo, hættu og ógæfu. — <sup>6</sup> jöklar: ískönglarnir í skegginu. — <sup>11</sup><sub>8</sub> hróðrs: frægur; andskoti ɔ: jötna. — <sup>12</sup><sub>7</sub> afr: sterkur. — <sup>13</sup><sub>1</sub> stukkú: fjellu

niður (og brotnuðu). — 14<sub>7</sub> senn: þegar. — 15<sub>3</sub> seyði (af seyðir): eld. — 16<sub>7</sub> veiðimat: sjófáng. — 18<sub>3</sub> ögn, flt. af agn. — 19<sub>7</sub> kjóla valdi: skipsráðanda (mjer). — 20<sub>1</sub> hlunngota: skipið. <sub>3</sub> apa: jötuns. — 22<sup>6</sup> fía: fjá, hata. — 23<sub>3</sub> eitrfáan: gljáanda af eitri. <sup>6</sup> háfjall skarar (höfuðhársins): höfuðið. <sub>8</sub> hnitbróður: albróður. — 24<sub>1</sub> Hraungalkn: jötnar, þó óviss. 26<sub>5</sub> flotbrúsa: skipið. — 27<sup>6</sup> austskotu: austurtroginu. <sub>7-8</sub> bæjar, á við jötuns. <sub>9-01</sub> holtriða hver: hellir; (rið: upphækkun). — 28<sub>3</sub> kálk: kristalsbikar, sbr. gleri 29<sub>4</sub>. — 29<sub>4</sub> brattstein: súluna. — 31<sub>3</sub> allra, hjer haft sem ýkisorð. <sup>6</sup> hjalmstofn: höfuð. <sub>8</sub> valr: krínglóttur. — 32<sub>8</sub> er nokkurskonar málsháttur; heitt: hitað, bruggað. — 33<sub>4</sub> ölkjól: (hinum mikla) heitukatli; hofi: húsi. — 34<sub>2</sub> »tók í barminn«. <sub>8</sub> hríngar: ketilhaddan. 37<sup>5</sup> skær skökuls: vagnstánga-hestur, hjer hafurinn. <sup>6</sup> skakkr: haltur. — 38<sub>2-3</sub> hverr goðmálugra: hver goðsagnafræðingur. <sub>4</sub> skilja: skýra. <sub>5</sub> hraunbúa ɔ: Egli. — 39<sub>8</sub> óskiljanlegt og afbakað.

### Lokasenna.

2<sub>2</sub> vígrisni: dugnað til víga. — 3<sub>4</sub> jöll ok áfu: ófrið og illdeildir(?), merkíng orðanna nokkuð óviss. — 7<sub>2</sub> þrungen: þögul og þur. 8<sub>5</sub> hveim alda: hverjum mönnum (verum). — 10<sub>5</sub> lastastöfum: lastorðum. — 12<sub>2</sub> míns féar (fjár): af mínu fje. — 15<sup>6</sup> vætr: ekkert. — 16<sub>2</sub> óskiljandi. 17<sub>5</sub> síz: síð es, síðan er. — 19<sub>4</sub> Loptki: Loptr (Loki) eigi. <sub>5</sub> leikinn: hæddur og smáður. <sup>6</sup> fjörg: goð. — 20<sub>5</sub> sigli: men. — 21<sub>3</sub> fær .. at gremi: gerir að gremjuefni.

— 24<sub>1</sub> síða: fremja seið. <sub>3</sub> drapt á vétt: fórst með töfrabrögð. <sub>4</sub> vitka: galdrakarls. <sub>6</sub> args: blauðs manns. — 26<sub>2</sub> mæ: dóttir. <sub>4</sub> Véa ok V., <sub>3</sub>: bræður Óðins. <sub>5</sub> Viðris: Óðins. <sub>6</sub> baðm: faðm. — 29<sup>6</sup> sjalgi: sjálf eigi. — 32<sub>2</sub> for-dæða: galdrakona. <sub>4</sub> at: í sæng hjá. — 33<sub>2</sub> varðir: konur. <sub>3</sub> vers hóss eða f. vers eða hóss: manns eða friðils; hvárs: annars hvárs: — 35<sup>6</sup> jaðarr: bestur (líka vörn). — 36<sup>6</sup> »og er þó ekki verri en von var til.« — 37<sub>2</sub> ballriða: goða. — 38<sub>3</sub> tilt (af tilr): friðsamlegt, frið og sátt. — 38<sub>5</sub> hinnar <sub>3</sub>: vinstri (ónýt). — 39<sub>3</sub> beggja böi es þrá (söknuður <sub>3</sub>: handar (mjer) og úlfs (þjer)). <sub>4</sub> ulgi: úlfurinn eigi. — 43<sub>1</sub> øðli: tign. <sub>5</sub> mөлðak, af mөлva. <sub>6</sub> í er atviks-orð, alla liðu andlagið. — 44<sub>2</sub> löggra: veifa rounni, monta sig. — 47<sub>3</sub> lezkat: letur þig eigi, heldur þjer eigi í skefjum. — 48<sub>4</sub> örgu: örðugu, upprjettu. — 49<sub>4</sub> á hjörvi, óskiljanlegt. 50<sub>5</sub> at fjörlagi: að drápi. — 51<sub>5</sub> vöngum, af vangr, land (sljetta). — 56<sup>6</sup> deigja: eldabuska og matreiðslukona. — 58<sub>3</sub> þrasir: æðir. — 62<sub>3</sub> hœtir: hótar. <sub>4</sub> skarpar álar: skorpnar (harðar) ólar.

### *Þrymskviða.*

1<sub>1</sub> Vreiðr: reiður. <sub>6</sub> skör: hár. — 3<sup>6</sup> léa: ljá. — 11<sup>3</sup> hann, þ. e. Loki (til að stríða Freyju). — 15<sub>1</sub> und hánum: frá beltí hans. <sub>2</sub> lukla: húsmóðurlykla. <sub>6</sub> breiða steina, þ. e. til þess að fá hvelfd konubrjóst. — 21<sub>3</sub> »fljótt spentir við vagnstöngina.« — 23<sub>2</sub> gollhyrnðar: með gull rent í skurði á hornunum. — 24<sup>1.2</sup> Vas . . komit: menn komu. — 28<sub>5</sub> öndótt:

hræðileg, skörp. — 30<sup>3</sup> brúðféar: fjár (gersema) sem brúðurin skyldi gefa ættingjum manns síns. — 31<sub>8</sub> Várar: hjónabandsgyðjunnar. — 32<sub>4</sub> þekði: fjekk auga á, leit. — 33<sub>10</sub> endr: aftur.

*Völundarkviða.*

1<sub>2</sub> Myrkvið, var haft um hvern þjettan, víðan og dimman frumskóg, sjerstaklega um hinn mikla markaskóg milli Suðurjótlands og Holtsetalands, og gæti vel verið átt við hann hjer. <sup>3</sup> alvitr: verur í annarlegum ham, þ. e. svana-ham (al- er sama og al- í alius, annar, og el- í ella, elligar). <sup>4</sup> ørlög dr: freista forlaganna, fylgja þeim. — 2<sup>3</sup> mæ'r fira: dóttir manna, mensk kona. — 4<sup>6</sup> nauðr: óumflyjanleg forlög. 5<sub>2</sub> veðreygr: veðurglökkur. — 6<sup>1</sup> skreið: fór á skiðum. <sub>2</sub> at: að leita að. — 7<sub>2</sub> gim: eld. fastan: óaflátlega. <sup>3-4</sup> »hann þakti allan þráðinn (af lindibasti) með hríngum«. — 11<sup>3</sup> ár: fljótt, þegar. <sub>7</sub> berfjalli: bjarnarfeldi. — 12<sup>3</sup> viljaláuss: sviftur sjálfræði sínu. <sup>6</sup> nauðir: bönd. 14<sup>7-10</sup> óljóst, við hvað átt sje; hjer vantar líklega í. Grana leið: Gnitaheiði. — 16<sub>1</sub> Úti stóð — og sá þá koma með Völund. <sup>6</sup> stilti röddu, s. s. sagði (blátt áfram). <sup>8</sup> holti: skógi. — 17<sub>1</sub> Ámun: áþekk. <sup>4</sup> tét: sýnt. — 24<sub>2</sub> húna, oft haft um únga drengi og efnilega. <sup>3</sup> fen fjöturs; óvíst hvað merki, (fens fjötur?, þ. e. herslustokkinn?). — 25<sub>2</sub> jarkna- : gim-. — 26<sub>2</sub> baugi, er: hríngurinn, sem tekinn var af bastinu; Böðvildur brýtur hann: og kemur til V., að hann geri við hann. <sup>3</sup> þorigak: eg þori eigi. 28<sub>1</sub> Bår ... bjóri: gerði ... öldrukna. <sup>8</sup> ívið:

gjörnum: á hinum vonskufullu mönnum (Níð-  
aði). — 29<sub>1</sub> Vel ek: Vel sje mér, Heill svo.  
2 fitjum: fótum (smb. er uppi fótur og fit).  
6 hófsk, hríngurinn er svanmeyjarhríngur og  
flughríngur, og með honum fær V. afl til þessa.  
31<sub>2</sub> viljalauss: sinnulaus og gleðivana. 6 ráð,  
sbr. 17. v. það er kona N., er segir 30<sub>7-8</sub> 7  
vilnumk; óska eg. — 33<sup>7</sup> kveljat, boðháttur  
með neit.-at. 8kván, óeiginlega um Böðvildi.  
12 kunnið: þekkið. — 37<sub>4</sub> níta: gera ilt (gera  
verra fyrir). 9 skollir: svífur hátt. — 40<sup>3-4</sup> sát-  
uð . . . saman: áttuð þið ástarfundi. — 41<sub>5</sub> ögur-  
stund: armæðustund. — 8.10 vinna: veita mót-  
stöðu.

#### *Alvissmál.*

1<sup>1</sup> breiða: menn eru að breiða (leggja voð-  
ir og skraut á). 3 sinni: för. 4 hratat of mægi:  
flýtt sjer með brúðkaupið (mægi eig. mágsemd).  
3<sub>4</sub> vagna ver: vagna sjór: jörð (yfirborð jarð-  
ar). — 5<sub>4</sub> fjarrafleina: umrenninga, flökku-  
manna (stjórnast af hverr). 6 baugum borit:  
borið til að erfa sig (í háði sagt hjer). — 6<sup>3</sup>  
Síðgrana: Síðskeggja, Óðins. 4<sup>-5</sup> at ósátt skalt:  
at sátt skaltu eigi, «jeg gef aldrei samþykki  
mitt». — 7<sub>2</sub> snimma: þegar, skjótt; sbr. ár. —  
9<sup>3</sup> vörumk: varir mig. — 16<sup>3</sup> leika: það sem  
leikur á (lætur verða að steini). — Það er ekki  
auðskilið, við hvaða verur stundum sje átt, t. d.  
uppregin, ginnregin, Suttungs synir; en ann-  
ars eru stöðugt sömu aðalverurnar nefndar.

#### *Baldrs draumar.*

1<sup>8</sup> ballir: sterkir, boðandi hættu. — 2<sub>7</sub> hvelpi

o: Garmi(?), ills viti. — 4<sub>5</sub> vittugri: hinni töfrafullu (fróðu) konu. <sup>6</sup> valgaldr: galdur til að vekja upp ná. — 5<sup>4</sup> sinni: gáng. — 7<sup>6</sup> ofvæni: ángistarfullri óþreyju og bið. — 8<sup>1</sup> þegjat: þegi eigi. 9<sup>2</sup> hróðrbaðm: hið fræga trje, mistilteinn. — 10<sub>5</sub> heipt: reiðiverk. — Milli 11. og 12. v. vantar í. — 12<sup>5</sup> meyjar, sumir ætla, að hjer sje átt við bylgjurnar, er gráta eftir Baldur (at muni, muni þolf. flt.). <sup>8</sup> halsaskautum o: skipsins Hrínghorna, er Baldur var brendur á. Milli 12. og 13. v. vantar aftur í. — 14<sub>7-8</sub> ragna rök, rjúfendr: ragnarök sem eyða öllu (eða ragnarök-rjúfendr — þeir, sem rjúfa ragna rök, líf goða [og manna]: múspellsmegir).

### Hyndluljóð.

2<sub>2</sub> í hugum: í góðum hug, velviljaðan. — 4<sup>10</sup> runa: gelti. — 5<sup>5</sup> es: sem. <sup>6</sup> valsinni: flokki Einherja (í Valhöll); Hyndla kallar Óttar ver (o: friðil) Freyju, til að stríða henni; en með »ver« 6<sup>3</sup> á Freyja við Óð, mann sinn. — 9<sub>2</sub> Vala malmi: suðrænum (völskum) m. — 10<sub>4</sub> at gleri, lítur út sem gler vegna blóðsins, er stökt hefur verið á það. — 11—12 Hyndla bregður Freyju um ósiðlæti. — 13<sup>5</sup> sék o: í anda, það sem Freyja hótar með. <sub>7-8</sub> með þessum orðum lætur H. undan. Svo koma þær til Valhallar, og þar fer alt hitt fram. — 14<sub>1-2</sub> forna niðja: forfeður. — 26<sup>5</sup> brökun: yfiringangur og ofsi. — 27<sub>2</sub> arð-, af arðr, plógur. — 32 hjereftir vantar í.

### Rígsþula.

1<sub>4</sub> kunnigan: margfróðan. — 2<sub>2</sub> á gætti: opin



á gátt. <sup>6</sup>árni: erfiði og basli. <sup>7</sup>Áí: lánfafi, Edda: lánamma. — <sup>4</sup>2 økkvinn: þykkann og klestan. <sup>4</sup>þrung. sáðum, þess kyns brauð var ljelegt og ilt. <sup>8</sup>bjóð: borð. — <sup>8</sup>5 bast: bastkölfur og þess kyns. <sup>8</sup>gerstan, sjá Skírn. 30<sub>2</sub>. — <sup>9</sup>6 þír: ambátt. — <sup>10</sup>5 rýndu: töluða hljótt og ástúðlega. — <sup>11</sup>2 bjoggu: lifðu sem hjón. — <sup>14</sup>4 á skíði: lokuð (skíð: dyraskíð, efra þvertrje í dyraumbúníng). — <sup>15</sup>2 rifjar: þvertrje efst í vefnum. <sup>3</sup>skapat: klipt laglega. <sup>4</sup>skör: hárið klipt jafnt fyrir ofan augabrynnar. <sup>6</sup>skokkr: kápa, yfirhöfn. — <sup>16</sup>4 váðar: dúks, vaðmáls. — <sup>5</sup>sveigr: skupla. <sup>6</sup>smokkr: erma-laus bolur. <sup>8</sup>dvergar, eitthvert skraut. — <sup>22</sup>7 karta: vagna. — <sup>23</sup>6 ripti: brúðarlín. <sup>7</sup>blæjur: ábreiður og lök. — <sup>25</sup>8 karla: bænda. — <sup>28</sup>2 örmum: ermum. <sup>4</sup>sterti (af sterta): «stífaði.» <sup>5</sup>keisti: sveigði, gerði boginn (um krókfald). <sup>6</sup>kinga: málmláta krínglótt með myndum og kroti. <sup>7</sup>slœður: kápa, sem hángir niður af herðunum. — <sup>30</sup>2 merkðan: með íofnum myndum. — <sup>31</sup>4 fáin: skínandi. <sup>7</sup>varðir: silfri varðir. <sup>8</sup>«dagurinn leið.» — <sup>35</sup>3 .lind: spjótskaft úr lindivið. <sup>8</sup>frökkur: spjót. — <sup>38</sup>5 mösma, ópekt orð, en sýnist merkja dýrgripi. — <sup>39</sup>1 ærir: sendimenn. — <sup>42</sup>8 aska: spjót-sköft úr eskivið. — <sup>46</sup>4 kyrði: drap. — <sup>47</sup>2 kvisti: á kvisti. <sup>5</sup>mætti þér: væri þjer kraftur; gætir þú (þér er þáguf.). — <sup>48</sup>6 kjóli, sbr. Hym. 19 og 33. — 49 er lýsing á brúði Konar unga (: Konúngs); það er dóttir Dans, sem átt er við.

*Gróttasöngur.*

2<sup>1</sup> lúðri: kvarnarstoknum. <sup>3</sup> gróa, líklega s. s. gráa. <sup>6</sup> ynði: ró: — 3<sup>1-2</sup> vantar í og óskiljanlegt. <sup>4</sup> léttum: lyftum, leggjum. — 4<sup>2</sup> snúðga, sem snýst fljótt. <sup>6</sup> meldr: mjöl, mölun. — 6<sup>5</sup> því: af því (þótt - -). 7<sup>6</sup> ljóð: vísurorð. — 9<sup>6</sup> niðjar: forfeður. — 10<sup>5</sup> mæli: malaði. 7-8 vissim vætr: hefðum ekkert vitað. — 11<sup>2</sup> leikur: stöllur. — 13<sup>5</sup> beiddum: veiddum. — 14<sub>4</sub> Gotthormi, Knúi, óvíst hverjir. — 15<sup>3</sup> köppum: af kapp. — 16<sub>7</sub> dolgs sjötul: sú, sem setur (svæfir) fjandskap, kvörnin (er malar frið). — 17<sub>4</sub> mitt ɔ: hlutverk, <sub>5</sub> muna ɔ: Fróði. — 18<sub>2</sub> trjónur: öxarhamra (?). — 19<sup>3</sup> vígspjöll: ófriðarboði. — 20<sub>4</sub> regingrjóti: kvörninni. <sup>7</sup> valmar, óskiljanl. og afbakað. — 21<sub>1-2</sub> míns föður mær: dóttir f. m. þ. e. ek. — 22<sub>2</sub> Yrsu sonr er Hrólfr kraki. — 23<sub>5</sub> skaptré, helst stoðirnar eða undirlag kvarnarinnar. — 24<sub>4</sub> senn: nú þegar.

*Grógaldur ok Fjölsvinnsmál.*

I. 1<sub>3</sub> dauðra dura: í dyrum dauðra (haugsins). — 3<sub>5</sub> »er engi veit að nokkuð geti komist». <sup>6</sup> mennglöðum, ef þetta orð er rjett, á það við Menglöðu og meyjar hennar í Fjölsv. — 5<sup>6</sup> afi: maður. — 6<sup>3</sup> Rani: Óðinn. — 7<sub>4</sub> urðarlokur, óvíst hvað þýði (forlögin og þeirra ákvæði?). — 8 óvíst við hvað á og líklega afbakað. — 11<sub>5</sub> gangi í lúðr saman, gángi saman í einn stökk, sameinist. — 13<sup>3</sup> niðvegi: myrkum vegi. <sub>4</sub> at firr: því síður. — 14<sup>3</sup> jötun: Fjölsvinn?: mími í 5. vo.

II. 1<sub>2</sub> sá ɔ: Svipdagur. — 3<sup>3</sup> líðöndum: ferða-

mönnum. — 4<sup>6</sup> vargr: sem vargur (friðlaus maður). — 5<sub>2</sub> fáa, er sagnorðið (fá). — 10<sup>6</sup> hefr: vill lyfta. — 12<sup>3</sup> Leirbrimis, skógar eða viðar, er svo hjet; limum af limar. — 13<sup>5</sup> gífrari: grimmilegri. — 14<sub>4</sub> varðir sjá Lokas. 33<sub>2</sub>. — 15<sub>6</sub> sókndjarfir, hundarnir. — 18<sub>1</sub> vængbráðir, óvíst við hvað sje átt. — 19<sub>4</sub> barmr: baðmr, trje. — 20<sup>6</sup> flóerat: flýr ekki, þolir. — 21<sub>4</sub> móði: ávexti. — 22<sup>3</sup> kelisjúkar, á að þýða sjúkar af barnshöfn eða þvíumlíkt. <sup>4,5</sup> líkl. afbakað. <sup>6</sup> mjötuðr: verkandi. 24<sub>2</sub> veðrglasir: óþekt orð. <sup>5</sup> þryngr: kvelur. Efni og samhengi hjer óljóst. — 26<sup>4</sup> seg- óvíst hvað er (: seig?). <sup>6</sup> njarðlásar: sterkir lásar. — 28<sub>6</sub> Eiri örglasis: Sinmöru, en örglasis er óþekt orð. — 30<sub>1</sub> léa: ljá. <sub>2</sub> í lúðr bera: leggja í stokk. <sup>6</sup> léa: ljá (sagnorð) — 32<sup>3</sup> oddi: tindi. — 33<sub>6</sub> ásmaga, stjórnast líkl. af hverir. — 43<sub>2</sub> rúm: opin. — 47<sup>5</sup> kveðr: stend ur móti, hindrar.

### *Völuspá en skamma.*

3<sub>7</sub> vörumk: varir mig; en hjer mun vanta neitun í (vitit?), eða á að lesa vitim? — 7<sub>6</sub> niðgöfgan, Heimdall sbr. Rígsþulu. — 9<sub>4</sub> sonar, af son(r): göltur; sonardreyri: galtarblóð. — 11<sup>2,4</sup> »hann hafði fundið hjartað úr konu, hálfsviðið við lindivið.« — 12<sub>4</sub> lopt bilar: himininn rofnar. — 13<sub>7</sub> »mægðan og skyldan.« — 14<sub>7-8</sub> »en til þess að Ó. mun o. s. frv.«, þ. e. til ragna-rökr.

### *Völsungakviða.*

1<sub>1</sub> »Það var snemma á öldum,« í gamla daga. <sup>2</sup> gullu, af gleði yfir fæðing hermanns. <sup>3,4</sup> um óróa í náttúrunni út af því sama, en óljóst við

hvað í raun og veru sje átt. Himinfjöll: himinhá fjöll, eða eignarnafn. — 3<sup>3</sup> stormurinn er líka samfara fæðingunni og tákn. — 4<sup>5</sup> nipt N.: nornin, Neri óþektur. <sup>6</sup> norðrvega, bendir á nafnið Nóreg. — 5<sup>4</sup> »er ól ást í brjósti.« — 7<sub>8</sub> ítrlauk, táknunargjöf; skyldi merkja vöxt og viðgáng. — 8<sup>7</sup> blóðorm: sverð. — 9<sup>3</sup> alms árr: hermaður. <sup>8</sup> blóðrekin: unnin með blóði (?). — 12<sup>4</sup> nefgjöld: bætur fyrir nefa (ættíngja). — 13<sup>7</sup> Viðris grey: Óðins hundar, úlfar. — 14<sup>8</sup> geirmímis: hermansins. — 16 Í upphafinu stóð hjer um bil »þar sáust valkyrjur, hávar osfrv.« — 17<sup>1</sup> árliga: þegar. <sup>2</sup> ulfíði: ulf-híði, skóginum. — 18<sup>3</sup> líddi: leið, var úti. — 19<sup>7</sup> óneisan: frægan. <sup>8</sup> »ekki betri en hvern ketlíng«. — 21<sup>4</sup> séak: sják, jeg sje. — 22<sup>6</sup> ógnar (ár) ljóma: gull. — 26<sup>6</sup> erum: er mjer. — 27<sub>9</sub> vefnistingum: seglum. — 30<sup>4</sup> höfn: skipshöfn. þinglogi: sá sem svíkst um að koma á þíng (til fundar). — 31<sup>6</sup> Rán, þáguf. »úr hendi Ránar.« — 33<sup>3</sup> landreki: konúngur. — 34<sup>3</sup> þ. e. herskildi. — 35<sub>4</sub> solli, eig.: sulli, þ. e. matur útbleyttur í mjólk eða þesskonar. — 38<sup>3</sup> hreysi: hraunholur, urðir. — 39<sup>3</sup> skollvís: prettvís. <sup>4</sup> skrök: grobb. — 40<sup>7</sup> sveipvís: fölsk, svikul. — 42<sup>2</sup> fenrisulfr sbr. Vspá 39. — 44<sup>8</sup> simul: tröllkona. — 45 Gullnir er jötun. <sup>6</sup> Imð er tröllkona. — 48<sup>5-8</sup> á við ópekta orustu. — 49<sup>7-8</sup> Mistar á við megir: hermegir (Mist, valkyrja), hermenn; mærr: land. — 50<sup>4</sup> »að konúngur væri kominn.« <sup>7</sup> hugði: horfði á. — 51<sub>2</sub> snævgir: örskreiðir. <sup>4</sup> ok: með. — 52<sup>5</sup> grindum: lokaðri höfn. —

57<sub>1</sub> ímu: orustu. <sub>4</sub> móðakarn: hjarta. — 58<sup>2</sup>  
hjalmitr: valkyrjurnar s. s. sárvittr 6. vo. <sup>7.8</sup>  
»úlfurinn át af hrafnsfæðunni, líkunum.«

*Helga kviða Hjörvarðssonar  
með Hrimgerðarmálum.*

1 Fuglinn er Fránmar jarl. — 3<sup>8</sup> kynni:  
einkenni, eðli. — 5 Efnið er farið á undan  
því sem segir í 1—4. — 6<sup>3</sup> rógapaldr: her-  
maður. <sup>8</sup> gjaldir: sýnir. — 8<sup>7</sup> sverðskenníng  
(vígnest: spjót eða sverð). — 9<sup>7</sup> valböstu,  
óþektur hluti á sverði. — 10<sup>2</sup> heilráðr: sá sem  
tekur heil og full ráð, framkvæmir þau. —  
11<sub>4</sub> niðjar: forfeður. <sup>7-8</sup> aldauda arfur: arfur  
sem allir erfingjar að eru dauðir.

Hrimgerðarmál. 1<sup>5</sup> séask: sjást, hræðast, sbr.  
Helg. Hjörv. 11<sup>5</sup>. — 2<sup>6</sup> fálur: tröllkonur. —  
5<sup>6</sup> æxi: skyldi vaxa. — 7<sub>6</sub> þverst: þverast.  
þvari: stöng með fleini (eða: brynþvari), »ef  
fleinninn hefði ekki komið þjer svo þvert, sem  
unt var.« — 9 Hjer verður Hr. klámfengin.  
